ÞJÓÐ MEÐ LEGÓKUBBA
Auður Jónsdóttir og Sigurjón Kjartansson halda að það sé auðveldara að mótmæla í búningi.

ALLA SUNNUDAGA
RE/MAX Fasteignablað
www.remax.is - öflugur fasteignavefur

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
19. ágúst 2007 — 223. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

Stemningin í fyrirrúmi

Elíza Geirsdóttir Newman hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu, Empire Fall.

FÓLK 28

Óvissutími

Vinsælustu rithöfundar landsins hugsa sinn gang eftir væringar á bókamarkaði.

FÓLK 38

Boð og bönn

„Vissulega er mikilvægt að efla löggæslu og koma í veg fyrir ofbeldi og önnur lögbrot. Hins vegar eru afskipti þessara aðila að frjálsri verslun í miðborginni með öllu fráleit," skrifar Borgar Þór Einarsson.

Í DAG 10

Íslendingaliðin á blað

West Ham, Portsmouth og Reading unnu öll í gær sína fyrstu sigra í ensku úrvalsdeildinni á tímabilinu.

ÍÞRÓTTIR 30

VEÐRIÐ Í DAG



VÆTA SUNNAN TIL Í dag verða austan 5-10 m/s allra syðst annars hægviðri. Bjart með köflum norðan og austan til, dálítil rigning sunnan til. Hiti 9-15 stig.

VEÐUR 4

AFMÆLISVEISLA!
OPIÐ 13–17
Kringlan

Í BESTA SÆTINU Katrín Eva hlustaði á Eivöru Pálsdóttur úr hásæti á tónleikum á Miklatúni í gærkvöldi. Tónleikarnir voru aðeins einn af mörg hundruð viðburðum menningarnætur í gær, sem tugir þúsunda Íslendinga tóku þátt í. Engin tala var komin á heildarfjölda gesta þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi, en fulltrúi lögreglu segir hátíðahöldin hafa farið ótrúlega vel fram miðað við mannfjölda. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Fjögur barnaofbeldismál tilkynnt daglega

Barnaverndarnefndir tóku á móti 412 tilkynningum vegna ofbeldis gagnvart börnum á fyrsta ársfjórðungi. Alls var talið að 33 börn hefðu verið í yfirvofandi hættu vegna vanrækslu, ofbeldis eða áhættuhegðunar á þessu tímabili.

FÉLAGSMÁL Barnaverndarnefndum landsins bárust rúmlega fjögur hundruð tilkynningar um ofbeldi gegn börnum á fyrstu þremur mánuðum þessa árs. Tilkynnt var 130 sinnum um kynferðislegt ofbeldi, jafn oft um líkamlegt ofbeldi og í 161 skipti var tilkynnt um sálrænt ofbeldi. Þetta jafngildir rúmlega fjórum tilkynningum á hverjum degi vegna ofbeldis gagnvart börnum.

Alls bárust barnaverndarnefndum rúmlega tvö þúsund tilkynningar á fyrsta ársfjórðungi, vegna 1.802 barna. Rúmur helmingur þeirra var vegna áhættuhegðunar barna, tæpur þriðjungur vegna vanrækslu og um átján prósent voru vegna ofbeldis. Alls var talið að 33 börn hefðu verið í yfirvofandi hættu, að því er kemur fram í skýrslu Barnaverndarstofu um stöðu mála á fyrsta ársfjórðungi. Tilkynningunum hefur fjölgað um þrjátíu prósent síðan á sama tíma í fyrra.

> Við setjum okkur það markmið að öll mál sem eiga skilið að vera sakamál verði það.
>
> **HREFNA FRIÐRIKSDÓTTIR**
> HJÁ BARNAVERNDARSTOFU

Hrefna Friðriksdóttir, lögfræðingur hjá Barnaverndarstofu, segir þá barnaverndarnefnd sem tekur á móti hverri tilkynningu meta hana og ákveða hvort vert sé að rannsaka málið. Í meirihluta tilvika sé tilkynningin ekki könnuð frekar, heldur foreldrum treyst til þess að bregðast við málinu. Leiki grunur á að barn sé beitt alvarlegu ofbeldi sé lögregluannsóknar óskað í langflestum tilvikum.

„Ef ósakhæf börn beita hvort annað ofbeldi, enginn gerandi finnst eða þolendur setja sig mikið upp á móti því að lögregluannsókn verði þá tökum við tillit til þess, en við setjum okkur það markmið að öll mál sem eiga skilið að vera sakamál verði það," segir hún.

Hún bætir við að þótt tilkynningum hafi fjölgað þýði það ekki endilega að fleiri börn séu vanrækt eða beitt ofbeldi. „Tilkynningaskyldan er gríðarlega rík og allir eru hvattir til að tilkynna ef þeir hafa áhyggjur af börnum. Í stað þess að hver og einn sé að meta hvort vert sé að láta vita þá er sú ákvörðun sett í hendur barnaverndarnefndarinnar í hverju sveitarfélagi." - sþs

Þyrla kölluð út til björgunar:

Gekk í fimm tíma eftir hjálp

BJÖRGUN Þyrla Landhelgisgæslunnar kom konu til bjargar á tíunda tímanum í gærkvöldi þar sem hún sat föst í bíl í á við Jökulheima undir Tungnajökli. Konan komst óhult á þurrt land.

Að sögn fulltrúa lögreglunnar á Hvolsvelli höfðu maður og kona reynt að aka á bílnum yfir ána, en hann bilað úti í miðri á um klukkan tvö í gær. Maðurinn komst sjálfur út úr bílnum og gekk í um fimm klukkustundir niður með ánni til að leita hjálpar. - sþs

Opið í dag
á Dalvegi 4. Kópavogi
frá klukkan 11 - 17.
GALLERÍ KJÖT
Fiskisaga

SPURNING DAGSINS

Svali, verður flogist á í nýju fundarherbergjunum?

„Nei, ég á síður von á því. En þau lyfta andanum og meðalmenn verða fluggreindir."

Gegnsæ fundarherbergi sem hanga neðan úr loftinu hafa vakið mikla athygli í nýrri byggingu höfuðstöðva Kaupþings í Borgartúni. Svali Björgvinsson, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs, segir þau kölluð fljúgandi fundarherbergin.

Ætlar að flytja til Íslands:

Aron Pálmi frjáls maður

DÓMSMÁL Aron Pálmi Ágústsson varð frjáls maður í gær þegar hann lauk afplánun dóms fyrir kynferðisafbrot sem hann framdi fyrir um tíu árum, þá á þrettánda ári. Móðir hans, Hulda Hermannsdóttir, aðstoðaði hann við að klippa í sundur staðsetningartæki sem fest var við ökkla hans.

Eftir lausnina fór Aron til foreldra sinna, sem búsettir eru í Houston í Texas, en Aron hefur setið í stofufangelsi í íbúð annars staðar í Texas undanfarin fjögur ár. Hann ætlar að flytja til Íslands og flýgur hingað á sunnudaginn eftir viku.

- sþs

KOSIÐ Í KASAKSTAN Þessi kona lét ekki sitt eftir liggja í þingkosningum í Kasakstan í gær. Vegna gruns um að brögðum yrði beitt hafa 400 manns sinnt kosningareftirliti í landinu. Úrslit kosninganna verða ljós í dag. NORDICPHOTOS/AFP

Fíkniefnaakstur á stolnum bíl:

Eltingaleikur í Breiðholtinu

LÖGREGLUMÁL Pari á stolnum bíl var veitt eftirför af lögreglu í Fellahverfi í Efra-Breiðholti aðfaranótt laugardags. Lögregla gaf fólkinu stöðvunarmerki sem það sinnti ekki heldur reyndi að stinga af. Eltingaleikurinn endaði í Hólahverfi í Breiðholti þar sem bíllinn var kominn í sjálfheldu.

Þrátt fyrir að hafa náðst neitaði parið að opna fyrir lögregluþjónunum, sem þurftu að brjóta sér leið inn í bílinn. Grunur leikur á að þau hafi verið undir áhrifum fíkniefna, auk þess sem fíkniefni fundust í bílnum. Bílinn hafði parið fengið til reynsluaksturs á bílasölu en ekki skilað. - sþs

Bílvelta í Hrútafirði:

Lítill fugl velti þungu hlassi

SLYS Bíll fór út af veginum í Hrútafirði snemma í gærmorgun og valt. Einn farþegi var í bílnum ásamt ökumanni og sluppu þeir báðir án teljandi meiðsla. Bifreiðin er þó talin gjörónýt eftir veltuna.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Blönduósi hrökk ökumaðurinn við þegar hann sá fugl fljúga af stað, sem setið hafði á veginum. Við það missti hann stjórn á bílnum þannig að hann fór af veginum og valt. - sþs

Lýst eftir ferðamönnum:

Ekkert spurst til þeirra í 3 vikur

LÖGREGLUMÁL Ekkert hefur spurst til tveggja þýskra ferðamanna í þrjár vikur og hefur lögreglan á höfuðborgarsvæðinu nú lýst eftir þeim. Mennirnir heita Matthias Hinz og Thomas Grundt. Síðast er vitað um ferðir þeirra 29. júlí en þá gistu þeir á tjaldstæðinu í Laugardal í Reykjavík. Lögreglan biður alla þá sem veitt geta upplýsingar um ferðir mannanna að hafa samband í síma 444-1000. - lbb

MATTHIAS HINZ

THOMAS GRUNDT

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ekið á gangandi vegfaranda

Bíl var ekið á konu á gatnamótum Sundlaugarvegar og Hrísateigs í gær. Konan rifbeinsbrotnaði og fékk kúlu á höfuðið auk þess að vera marin á baki og læri. Ekki er ljóst hvernig slysið vildi til.

Ekki verið að vekja Rússagrýluna aftur

Sprengjuflugvélar Rússa fóru inn fyrir íslenskt flugumsjónarsvæði aðfaranótt föstudags, en ekki lofthelgina. Þetta var eitt tilvik og verður tekið sem slíku, segir utanríkisráðherra. Samtök hernaðarandstæðinga mótmæla eftirlitsfluginu.

ÞJÓÐARÖRYGGI Rússnesku sprengjuflugvélarnar sem flugu nálægt ströndum Íslands aðfaranótt föstudags fóru ekki inn í lofthelgi landsins. Breskar og norskar orrustuþotur mættu flugvélunum og fylgdu þeim hluta leiðarinnar. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra segir enga ástæðu til að gera ráð fyrir að þetta þýði aukna umferð rússneskra herþotna í nágrenni landsins.

Vélarnar flugu þrisvar sinnum um íslenska flugumsjónarsvæðið, en upplýsingar bárust um að flugið væri væntanlegt um klukkustund áður en þeirra varð vart. Tvisvar var flogið beint í suður austan af landinu en í þriðja fluginu fóru vélarnar hringferð um landið.

Eftir því sem fram kemur í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu var fylgst með fluginu allan tímann og upplýsingum miðlað til viðeigandi stofnana innanlands og herstjórna innan NATO. Sérstöku eftirliti vegna flugsins var lokið síðdegis á föstudag.

„Þoturnar flugu ekki inn í lofthelgi okkar og brutu þess vegna ekki gegn okkar fullveldisrétti, en vissulega er ástæða til að fylgjast með öllum slíkum vélum sem eru í námunda við okkar lofthelgi," segir Ingibjörg.

„Þessi flugumferð er hluti af stefnubreytingu rússneskra stjórnvalda sem beinist ekkert sérstaklega að okkur. Það er engin ástæða til að gera ráð fyrir að þetta þýði aukna umferð rússneskra herþotna í nágrenni landsins, þetta er eitt tilvik og við tökum því sem slíku. Það er ekki verið að vekja Rússagrýluna aftur."

Hún segir ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins munu ræða við sendiherra Rússa um málið og fá frekari skýringar.

Samtök hernaðarandstæðinga sendu frá sér tilkynningu í gær þar sem flugi rússnesku herþotnanna var mótmælt. Æfinga- og eftirlitsflug á borð við þetta skapi hættu fyrir almenna flugumferð og þjóni engum hagnýtum tilgangi, segir í tilkynningunni.

Stefán Pálsson, formaður samtakanna, segist ekki gera stóran greinarmun á því hvort herþotur séu að dóla innan eða utan lofthelgislínunnar, það sem máli skiptir sé að þær hafi farið inn á flugumsjónarsvæðið. salvar@frettabladid.is

RÚSSNESKI BJÖRninn Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru vélarnar annars vegar af tegundinni Tupolev Tu-95, kölluð Bear, og hins vegar Tupolev Tu-160, kölluð Blackjack. Bear-vélarnar voru fyrst notaðar af Rússum á sjötta áratugnum og verða þær hluti af rússneska flughernum í það minnsta fram til ársins 2040.

MYND/BANDARÍSKI SJÓHERINN

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Of lágar tölur hjá Ólafi:

Milljón en ekki 400 þúsund tonn árlega

UMHVERFISMÁL **„Ég skil ekki af hverju Ólafur Egilsson notar ekki hærri tölur. Það væri ærlegra tel ég," segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands. Árni telur þá tölu sem kom fram í Fréttablaðinu í gær of lága en þar segir að útblástur koldíoxíðs vegna olíuhreinsunarstöðvar á Vestfjörðum verði um 400 þúsund tonn af útblæstri á hverju ári.**

„Ég hringdi til Svíþjóðar og athugaði hve mikið hafði verið úthlutað til nýrrar olíuhreinsunarstöðvar þar og það var 120 þúsund tonn á hver milljón tonn sem eru framleidd. Það sinnum átta komma fimm milljón tonna framleiðsla á ári, líkt og áætlað er að framleiðsla verksmiðjunnar á Vestfjörðum verði, gerir um það bil milljón tonn á ári af útblæstri gróðurhúsalofttegunda," segir Árni. - lbb

ÁRNI FINNSSON

Danskir dagar í Stykkishólmi:

Fjölskylduhátíð í sól og blíðu

FÓLK Danskir dagar fara nú fram í fjórtánda skipti í Stykkishólmi um helgina. Á milli sex til sjö þúsund gestir hafa lagt leið sína á fjölskylduhátíðina. Hverfahátíðir, grillveislur og skrúðganga voru í boði fyrir gesti svo fátt eitt sé nefnt. Í gærkvöldi náði hátíðin svo hámarki með bryggjuballi þar sem hljómsveitirnar Hið konunglega jazzband, Lifun og Stuðbandið stigu á svið. Á miðnætti var boðið upp á flugeldasýningu þar sem skotið var upp frá Súgandisey. -lbb

Reykjavík 871 ±2
Landnámssýningin The Settlement Exhibition

Líf við landnámsöld

Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin alla daga frá 10–17

Minjasafn Reykjavíkur

Kanslari Þýskalands heimsótti Grænland til að skoða gróðurhúsaáhrif:

Áhrifaríkt að sjá bráðnandi jökla

DANMÖRK, AP Angela Merkel, kanslari Þýskalands, er komin heim úr tveggja daga heimsókn til Grænlands þar sem hún skoðaði áhrif gróðurhúsalofttegunda á jökla landsins.

„Það hafði töluverð áhrif á mig að sjá ísjakana og heyra það að þeir hefðu hörfað um fimmtán kílómetra á sex árum," sagði Merkel, sem heimsótti Grænland í fylgd Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Dana. Óttast vísindamenn að bráðnun jöklanna leiði til þess að sjávarborð hækki í heiminum sem gæti haft stórhættulegar afleiðingar.

Merkel sagði að bæði Bandaríkin og Kína, sem losa þjóða mest af koltvísýringi í andrúmsloftið, yrðu að taka þátt í gerð nýs samnings um losun gróðurhúsalofttegunda sem á að koma í staðinn fyrir Kyotosamninginn. „Okkar markmið er að komast að nýju samkomulagi sem ætti að komast í gagnið árið 2012 þegar núverandi samningur rennur út," sagði Merkel. „Bandaríki og Kína verða að vera hluti af þessu samkomulagi."

Anders Fogh Rasmussen sagði að mikil vinsemd ríkti á milli Þýskalands og Danmerkur. „Grænland sýnir það og sannar að loftslagið í heiminum er að breytast og að brýn þörf sé á aðgerðum til að hægja á þessum breytingum." - fb

Á GRÆNLANDI Angela Merkel á Grænlandi ásamt Anders Fogh Rasmussen og Sigmar Gabriel, umhverfisráðherra Þýskalands.

Himinn og haf / SÍA

Þökkum frábæra þátttöku í Ævintýraeyjunni í sumar

Ævintýra-eyjan

5 krónu afsláttur af eldsneyti í dag

Fellihýsi
1. vinningur!

Fleetwood-fellihýsi
að verðmæti
1.595.000 kr.

Risagasgrill
2. vinningur!

Permasteel-gasgrill
að verðmæti
228.000 kr.

Lúxusgisting
3. vinningur!

fyrir tvo á Hótel Búðum
með kvöldverði og
morgunmat.

Vinningshafar dregnir út í Helgarútgáfunni á Rás 2, þann 25. ágúst.

Frír ís fyrir börnin

Í dag rennur út frestur til að skila inn afrifu í Ævintýrapottinn. Skilakassa er að finna á Olís-stöðvum um land allt. Við hvetjum alla sem eiga fullstimplað Ævintýrakort að skila því inn og fylgjast síðan með útdrættinum í Helgarútgáfu Rásar 2, þann 25. ágúst næstkomandi.

Við þökkum frábæra þátttöku í Ævintýraeyjunni í sumar.
Í tilefni dagsins bjóðum við öllum krökkum
upp á frían ís og 5 krónu afslátt af eldsneyti!

OLÍS – við höldum með þér!

GENGIÐ 17.08.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	69,08	69,40
Sterlingspund	136,56	137,22
Evra	92,86	93,38
Dönsk króna	12,477	12,551
Norsk króna	11,567	11,635
Sænsk króna	9,901	9,959
Japanskt jen	0,6098	0,6134
SDR	105,24	105,86

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
126,5606
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ungur maður ákærður fyrir að ógna fólki með sprautu, árásir og eignaspjöll:

Hótaði að smita bílstjóra af lifrarbólgu

DÓMSMÁL Maður sem ákærður er fyrir hótanir, líkamsárásir, þjófnað og eignaspjöll sagðist fyrir dómi nær ekkert muna eftir atvikunum. Aðalmeðferð í máli mannsins, sem er 22 ára, fór fram í á miðvikudag í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Manninum er gefið að sök að hafa, 10. september í fyrra, veist að manni við Hlöllabáta í miðbæ Reykjavíkur og krafið hann um peninga. Þegar sá neitaði hafi maðurinn tekið fram sprautu, dregið blóð úr handlegg sínum og ógnað fórnarlambinu með sprautunni. Síðan slegið manninn með brotinni flösku nokkur högg í höfuðið með þeim afleiðingum að hann hlaut kúlu á hnakkann og þrjá skurði í andlitið, þar af einn stóran.

Þá er honum gefið að sök að hafa síðar sama morgun veist að öðrum manni skammt undan með sömu flösku, krafið hann um peninga, slegið hann í höndina með flöskunni, og sparkað nokkrum sinnum í skrokk hans. Sá hlaut tvo skurði á hendi.

Þá er maðurinn ákærður fyrir að hafa í janúar síðastliðnum ógnað leigubílstjóra með sprautunál og hótað að smita hann af lifrarbólgu C og hótað honum barsmíðum og líflláti. Einnig að hafa í sama skipti kastað grjóthnullungum í framrúðu leigubílsins og brotið hana. Þá er hann ákærður fyrir hnupl.

Maðurinn á einhvern sakaferil að baki. - sh

HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Maðurinn sagðist lítið muna eftir atvikunum vegna ástands síns.

Hringt á slökkvilið vegna reyks:

Steiktur pitsukassi á eldavél

ELDUR Slökkvilið var kallað út í íbúð í Skarphéðinsgötu um klukkan ellefu í gærmorgun vegna reyks sem steig úr húsinu. Reykskynjari í íbúðinni var einnig í gangi. Þegar slökkviliðsmenn fóru inn í íbúðina kom í ljós að kviknað hafði í pitsukassa sem settur hafði verið á sjóðandi heita eldavélarhellu.

Eldurinn var slökktur, en einhverjar skemmdir urðu á eldhúsinnréttingunni auk reykskemmda í íbúðinni, samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðinu. Íbúðin var mannlaus þegar slökkvilið bar að. - sþs

Embætti formanns SUS:

Þórlindur gefur kost á sér

STJÓRNMÁL Þórlindur Kjartansson gefur kost á sér í embætti formanns Sambands ungra sjálfstæðismanna (SUS). SUS velur sér forystu á sambandsþingi sem haldið verður á Seyðisfirði helgina 14. til 16. september. Borgar Þór Einarsson er núverandi formaður en hann hefur tilkynnt að hann sækist ekki eftir endurkjöri.

ÞÓRLINDUR KJARTANSSON

Þórlindur er með BA-gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands og hefur verið virkur í starfi Vöku, félags lýðræðissinnaðra stúdenta. Þórlindur starfar nú í markaðsdeild Landsbankans. - lbb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Útafakstur við Grundartanga

Einn var fluttur á slysadeild þegar bíll ók út af Vesturlandsveginum til móts við Grundartanga í gærmorgun. Bíllinn skemmdist lítillega. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Akranesi var ökumaðurinn ekki mikið slasaður, en var fluttur á slysadeild til öryggis.

BANDARÍKIN

Bitin af hákarli

Saumuð voru rúmlega eitt hundrað spor í bandarískan háskólanema eftir að hann varð fyrir hákarlsárás í Flórída. Neminn, hin tvítuga Andrea Lynch, lá á dýnu í sjónum skammt frá báti þegar hákarlinn beit hana í síðuna. Sleppti hann síðan af henni takinu og synti í burtu.

FÉLL Í YFIRLIÐ Nokkrir farþegar féllu í yfirlið meðan á flugráninu stóð, þar á meðal þessi kona sem var flutt á sjúkrahús.

Tyrkneskri vél rænt

Tveir mannræningjar sem tengjast al-Kaída héldu farþegum tyrkneskrar flugvélar og áhöfn í gíslingu í fjóra klukkutíma. Flugræningjarnir kröfðust þess að vélinni yrði flogið til Írans. Þeir gáfust upp án blóðsúthellinga.

TYRKLAND, AP Tveir menn rændu tyrkneskri farþegavél á leið frá Kýpur til Istanbúl og héldu farþegum og áhöfn í gíslingu í fjórar klukkustundir.

Mennirnir, sem tengjast al-Kaída-hryðjuverkasamtökunum, gáfu sig að lokum fram við lögreglu eftir fjögurra klukkustunda umsátur. Alls voru 136 farþegar og sex manna áhöfn um borð í vélinni. Stigu mennirnir fram skömmu eftir flugtak og báðu um að vélinni yrði flogið til Írans, annars myndu þeir sprengja hana í loft upp.

Flugmennirnir fengu að lenda vélinni í Tyrklandi til að ná í meira eldsneyti og laumuðu sér síðan út um neyðarop í flugstjórnarklefanum. Nokkru síðar veittu flugræningjarnir öllum konum og börnum frelsi áður en þeir gáfust sjálfir upp. „Ævintýrinu, sem hófst snemma í morgun [gærmorgun], er loksins lokið," sagði Tuncay Doganer, framkvæmdastjóri flugfélagsins Atlasjet. „Þar sem flugræningjarnir gáfust upp lauk málinu án blóðsúthellinga."

Annar flugræningjanna er tyrkneskur en talið er að hinn sé frá Palestínu. Ekki er vitað hvað þeim gekk til með athæfinu. Í yfirheyrslum hjá lögreglu sögðust þeir hafa reynt að komast inn í flugstjórnarklefann án árangurs. Síðan hafi þeir sagt farþegum að þeir væru meðlimir al-Kaída og hefðu í fórum sínum sprengjur. Eftir rannsókn sprengjusérfræðinga kom í ljós að um platsprengjur var að ræða.

UPPGJÖF Flugræningjarnir tveir gefast upp eftir fjögurra klukkustunda umsátur í Tyrklandi. NORDICPHOTOS/AFP

Þetta er í fimmta sinn á fjórum árum sem tyrkneskri flugvél er rænt, eða tilraun gerð til að ræna henni, af fólki sem þykist hafa sprengiefni eða vopn í fórum sínum. freyr@frettabladid.is

73 ára sykursjúk kona:

Föst í banka í sex klukkutíma

KALIFORNÍA,AP Hin 73 ára Marian Prescher læstist inni í banka í sex klukkustundir eftir að hún var óvart lokuð inni á meðan hún skoðaði öryggishólf sitt.

Prescher, sem er sykursjúk, féll í yfirlið á meðan hún var ein í bankanum vegna þess að hún var ekki með lyfin sín á sér. Hreingerningarkona fann hana síðan meðvitundarlausa sex klukkustundum síðar. „Þeir gleymdu að hún væri þarna," sagði talsmaður lögreglunnar. „Hún hefði getað dáið." - fb

ÞYRLA Á ÞAKI Þessi þyrla sem var notuð til neyðaraðstoðar þurfti að brotlenda ofan á þaki eftir að bilun varð í stjórnkerfinu. NORDICPHOTOS/AFP

Jarðskjálftinn í Perú:

Forsetinn óskar eftir skipulagi

PERÚ, AP Alan Garcia, forseti Perú, hefur óskað eftir því að dreifing matar og annarra vara fari fram á skipulegan hátt í landinu eftir að sjónvarpsmyndir voru birtar af fólki að stela birgðum til eigin nota.

Garcia segir að tíu dagar séu þar til hlutirnir komist í eðlilegt horf á nýjan leik í landinu eftir jarðskjálftann sem gekk þar yfir sem mældist átta á Richter. Þangað til verði fólk að sýna þolinmæði og bíða eftir aðstoð yfirvalda.

Alls hafa 510 fundist látnir í landinu eftir skjálftann auk þess sem að minnsta kosti 1500 manns hafa særst. - fb

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

EINHVER VÆTA ALLRA SYÐST

Heldur meiri vindur er í kortunum með sunnanverðu landinu en verið hefur. Annars staðar verður hægviðri. Vætan mun halda sig sunnan til fram eftir degi en síðan styttir upp og verður yfirleitt úrkomulaust í kvöld. Síðdegis á morgun nálgast svo landið vestanvert heldur ákveðnara úrkomubelti með vætu vestan til á landinu. Meiri úrkomu er svo að sjá á þriðjudag.

REYKJAVÍK Í DAG

Suðaustan 3-8 m/s og einhver rigning fyrir hádegi. Hiti 9-14 stig.

um hádegi »



» á morgun



Heldur vaxandi sunnan átt síðdegis.

» þriðjudagur



8-13 m/s vestan til annars hægari.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	21°C	léttskýjað	London	18°C	rigning	Friedrichshafen	22°C	skúrir
Billund	22°C	hálfskýjað	París	20°C	rigning	Basel	24°C	léttskýjað
Osló	18°C	skúrir	Amsterdam	21°C	skúrir	Alicante	30°C	léttskýjað
Stokkhólmur	22°C	léttskýjað	Frankfurt	24°C	léttskýjað	Algarve	29°C	hálfskýjað
Gautaborg	20°C	skúrir	Berlín	24°C	léttskýjað	Las Palmas	26°C	léttskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

GOTT FÓLK

SUMIR ERU TRYGGÐIR, ÁN ÞESS AÐ VITA
NÁKVÆMLEGA FYRIR HVERJU.

VERTU VISS

SJÓVÁ

KJÖRKASSINN

Ertu fylgjandi bílastæðagjöldum við skóla í Reykjavíkurborg?

Já	35%
Nei	65%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Tekur þú þátt í hátíðahöldum á menningarnótt?

Segðu skoðun þína á visir.is

Leigubílstjóri féll þegar lögregla skaut á bifreið afganskra mannræningja:

Þýskri konu rænt í Kabúl

AFGANISTAN, AP Fjórir vopnaðir menn rændu þýskri konu af veitingastað í Kabúl, höfuðborg Afganistan. Lögreglan skaut á bifreið sem ók í burtu með konuna og lést nærstaddur leigubílstjóri í skotárásinni.

Konan sat í mestu makindum á veitingastaðnum ásamt kærasta sínum þegar maður með skambyssu gekk að borði þeirra og nam hana á brott. Ekki er vitað hvort eitthvað hafi komið fyrir kærasta hennar.

Utanríkisráðuneyti Þýskalands og sendiráð landsins í Kabúl leita nú allra leiða til að hafa uppi á konunni og mannræningjunum í samstarfi við afgönsk yfirvöld.

Mikil hræðsla við mannrán er nú í Afganistan eftir að 23 Suður-Kóreubúum og tveimur Þjóðverjum var rænt í síðasta mánuði í landinu. Annar Þjóðverjanna var skotinn til bana en hinn er ennþá í haldi mannræningjanna. Tveir Suður-Kóreubúanna hafa verið drepnir en tveimur öðrum var sleppt lausum eftir samningaviðræður talibana við yfirvöld í Suður-Kóreu. - fb

KABÚL Þýskri konu var rænt af veitingastað í Kabúl, höfuðborg Afganistan, af fjórum vopnuðum mönnum.

Flúðu en fundust í felum:

Guttar kveiktu í bílhræjum

BRUNI Eldur kom upp í bílhræjum á ruslahaugum við Selfoss um klukkan tíu á föstudagskvöld. Slökkvilið var sent á staðinn og var búið að slökkva í sex bifreiðum um klukkustund síðar. Mikinn reyk lagði frá haugunum, sem eru rétt við bæinn.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Selfossi sást til nokkurra gutta hlaupa í burtu þegar eldurinn kom upp, og fundust þeir í felum í nálægu hverfi. Rætt var við foreldra þeirra að barnaverndarfulltrúa viðstöddum, en drengirnir eru allir á aldrinum 14 til 17 ára. - sþs

INNRITUN ER HAFIN

MÁNUDAG-FÖSTUDAG KL.14:00-18:00

VOX FEMINAE
STÚLKNAKÓR REYKJAVÍKUR
GOSPELSYSTUR REYKJAVÍKUR
MÆÐGUR STYRKIÐ SAMVERUNA Í SÖNG

EINSÖNGUR
STIGSPRÓF
NÁMSKEIÐ
KORT
SÖNGTIMAR FYRIR KARLMENN

www.domusvox.is // 511-3737 // Laugavegur 116 Domus vox

SÓNODAN // FIT

Innri friður – Innri styrkur
Sjálfsefling – lífstíll til framtíðar

Kraftur - Kyrrð
Fegurð

Helgarnámskeið í Fljótshlíð þann 14. – 16. september, 2007

Leiðbeinandi er: Bergþóra Reynisdóttir, geðhjúkrunarfræðingur, MSc

Helstu markmið eru að:
- Byggja upp grunnundirstöðu í sjálfsþekkingu
- Auka innri styrk
- Efla samskiptahæfni
- Kynnast mætti fyrirgefningar og kærleikans í samskiptum
- Læra að leysa árekstra með lausnarmiðaðri sýn
- Upplifa áhrifamátt kyrrðar og hugarróar
- Kveðja „það liðna" með jákvæðu hugarfari
- Læra að lifa „í Núinu"

Gestakennari er:
Margrét Christensen sem leiðir þátttakendur í Samadeva hugleiðslu hreyfilist

Eftirfylgd
Þátttakendum er boðið upp á mánaðarlega fundi í Kópavogi, í þrjú skipti eftir námskeiðið.

Styrkir
V.R. ásamt fleiri stéttarfélögum, styrkir félagsmenn til þátttöku á námskeiðinu

„Ég hef farið á mörg sjálfstyrkingarnámskeið en þetta námskeið hefur tekið hvað best á því hvað maður sjálfur er mikilvægur í að skapa og hlúa að eigin vellíðan, bæði í einkalífi og í starfi" **Lilja E**

Nánari upplýsingar og skráning á www.liljan.is, liljan@liljan.is eða í síma 8636669

Íbúarnir neyðast til að lögsækja skrílinn

Lögreglan getur ekki gripið inn í nema með tiltali ef eigandi í fjölbýli gengur á rétt annarra íbúa, til dæmis með stöðugum samkvæmum. „Oft gefst fólk bara upp þegar skríllinn hertekur húsið," segir formaður Húseigendafélagsins.

FASTEIGNIR „Æ oftar kemur fyrir að dópistar og glæpahyski hreiðri um sig í friðsælum húsum og umturni lífi íbúa í öryggisleysi og martraðir," segir Sigurður Helgi Guðjónsson, formaður Húseigendafélagsins.

SIGURÐUR HELGI GUÐJÓNSSON

ÁRNI ÞÓR SIGMUNDSSON

Hann segir að í hverri viku komi nokkur mál, misalvarleg þó, inn á borð til sín þar sem óreglufólk flytur í fjölbýlishús og raskar ró íbúa ítrekað.

„Háreysti nætur og daga, slæm umgengni, svall, fyllerí, eiturlyfjasala og hótanir," nefnir Sigurður sem dæmi um ástæður þess að íbúar hefji varnaraðgerðir.

„Það er hægt að gera friðarspilli að flytja og selja en þótt lagalegu úrræðin séu öflug, er þetta oftast þrautin þyngri," segir hann.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur hins vegar engin úrræði til að tryggja svefnfrið íbúa, önnur en að mælast til þess að hávaðafólk sýni nágrönnum tillit.

Þegar íbúar kvarta undan ólátum nágranna um nætur getur jafnvel komið fyrir að lögregla þurfi frá að hverfa áður en hún nær tali af friðarspillinum.

„Við förum yfirleitt ekki af vettvangi nema eftir að við erum búin að ná sambandi við fólkið, þegar það er mikill hávaði að næturlagi. En við brjótum okkur ekki leið inn í íbúðir vegna hávaða," segir Árni Þór Sigmundsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

„Stundum vildum við geta gripið inn í með meira afgerandi hætti en svona eru lögin og við framfylgjum þeim," segir hann

Sektarákvæðum er ekki beitt í slíkum málum og borgarar þurfa að sækja rétt sinn sjálfir, með aðstoð lögmanns og Húseigendafélagsins.

Málin enda hins vegar sjaldan með því að óreglufólkið neyðist til að flytja eftir dómsúrskurð. „Oft er erfitt að sanna ónæðið og svo fer viðkomandi í meðferð og þá dettur botninn úr málinu," kveður Sigurður.

Hann vill þó fráleitt gera lítið úr slíkum aðgerðum. „Þetta er vissulega langur ferill sem þarf að fara, en þetta hefur ótvíræð fælingaráhrif. Fólk vill þetta oft ekki vegna ótta við hefndaraðgerðir. En þolendur ættu að muna að þeir eru ekki réttlausir, þeir verða bara að hafa getu og vilja til að fylgja málinu eftir." klemens@frettabladid.is

FJÖLBÝLISHÚS UNDIR FULLU TUNGLI Margt getur gengið á í nánu sambýli og grannar eru misgóðir. Hávaðafólk, sem ekki sýnir grönnum sínum tillit, má lögsækja og neyða til að selja íbúðir sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ENDURHÚSTAKA

■ Þegar óreglufólk bregst ekki við umkvörtunum, og hefur eignarréttinn sín megin, þurfa aðrir íbúar að safna sönnunargögnum um slæma samvist. Þetta má gera með því krefjast þess af lögreglu að hún skrifi skýrslu í hvert sinn sem kvartað er undan grannanum, hvort sem það er vegna næturrasks eða annars.

■ Þá mætti halda húsfund og vara vandræðagrannann við. Láti hann ekki segjast getur húsfélagið lagt bann við dvöl hans í húsinu. Slíkri kröfu þarf yfirleitt að fylgja eftir með lögsókn, sem studd er með skýrslunum frá lögreglu.

■ Vandræðafólk tekur þessum aðgerðum gjarnan sem persónulegri árás á sig, að sögn formanns Húseigendafélagsins, og bregst við með hótunum um líkamsmeiðingar eða skemmdarverk. Þá fallast öðrum íbúum stundum hendur og þeir gefast upp.

■ Flestum málum lýkur hins vegar farsællega, sé hinum brotlega sýnd nægileg festa. Friðarspillar taka þá gjarnan upp betri siði, fara til að mynda í áfengismeðferð, eða sjá sæng sína uppbreidda og selja íbúðina.

Aflþynnuverksmiðja mengar lítið en fullnýtir orkuvinnslugetu Landsvirkjunar:

Pólitísk sátt um aflþynnuverksmiðju

IÐNAÐUR Pólitísk samstaða er um aflþynnuverksmiðju á Akureyri. Ekki þarf að virkja vegna verksmiðjunnar en hún gæti hins vegar flýtt virkjunarframkvæmdum vegna annarra verkefna.

„Við erum ósköp ánægð og það er mikil eining um þessa verksmiðju," segir Baldvin Halldór Sigurðsson, fulltrúi Vinstri grænna í bæjarstjórn á Akureyri. Baldvin segir að verksmiðja sem þessi sætti sjónarmið manna því um sé að ræða stóriðju sem mengi svo til ekkert. „Ég held við eigum einmitt að leita svona tækifæra," segir Baldvin. Aðrir sem mótmælt hafa stóriðju við Eyjafjörð taka í sama streng, til dæmis Hlynur Hallsson, fyrrum alþingismaður Vinstri grænna, sem fagnar þessari niðurstöðu á heimasíðu sinni.

Verksmiðjan kemur til með að nota fimmfalt meiri raforku en notuð er á öllu Eyjafjarðarsvæðinu nú. Þá orku á Landsvikrjun til nú þegar svo ekki þarf að virkja. Þegar verksmiðjan er komin í fulla framleiðslu verður orkuvinnslugeta Landsvirkjunar hins vegar fullnýtt. „Þetta þýðir það að næst þegar við seljum rafmagn í stórum skammti þá þurfum við að virkja," segir Bjarni Bjarnason, yfirmaður orkusviðs Landsvirkjunar og formaður stóriðjusamninganefndar. - þo

DELL MÆLIR MEÐ WINDOWS VISTA™ HOME PREMIUM

VIÐ KYNNUM NÝJA DELL INSPIRON FARTÖLVU – LITRÍKT ÚRVAL

NÝ INSPIRON™ 1520

8 MISMUNANDI LITIR

HD SKJÁR

MEDIADIRECT

INNBYGGÐ 2,0 MEGAPIXLA VEFMYNDAVÉL

WI-FI CATCHER™

GOTT FÓLK

VELDU ÞINN LIT!

INSPIRON 1520 KOSTAR 129.900,-
eða 4.969,- á mánuði (miðað við 36 mánuði)

- Intel® Core™ 2 Duo örgjörvi T5250
- 1,50GHz, 667MHz FSB, 2MB L2 Cache
- 2GB 667MHz Dual Channel DDR2 vinnsluminni (2x1024)
- 15,4" Widescreen WXGA+ (1440x900) TrueLife skjár
- Innbyggð 2,0 megapixla myndavél
- 256MB nVidia GeForce Go 8600M GT skjákort
- 160GB 5400rpm SATA harður diskur
- 8X DVD+/-RW geisladrif ásamt hugbúnaði
- Windows Vista Home Premium
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Dual Core örgjörvi og 15,4" WideScreen skjár gerir það að verkum að Inspiron 1520 hentar vel í hverskonar margmiðlun og tölvuleiki. Inspiron 1520 fæst í 8 litum og því átt þú að geta fundið eina sem passar þér. Snjöll og einföld, ef þú leitar að gæðafartölvu er Inspiron 1520 tölvan fyrir þig.

Dell, vörumerkið Dell, Inspiron, UltraSharp, TrueLife og TrueMobile eru vörumerki í eigu Dell Inc. Intel, Pentium og Core eru skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og öðrum löndum. Microsoft, Windows og Windows Vista eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Önnur nöfn eða vörumerki sem vísað er til í þessari auglýsingu geta verið í eigu annarra. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra.

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

www.ejs.is

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hver var kosinn „Besti auðmaður Íslands“ af álitsgjöfum Fréttablaðsins í gær?*
2. *Hvar á landinu komst hundur í hænsahóp og drap fimm hænur?*
3. *Í hvaða Vínbúð er ekki lengur hægt að kaupa kaldan bjór í stykkjatali?*

SVÖR Á SÍÐU 38

Borgarstjóri tók við fyrstu bláu sorptunnunni undir dagblöð að heimili sínu:

Blá ruslatunna undir dagblöð

UMHVERFISMÁL Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri tók við fyrstu bláu ruslatunnunni, sem nota á fyrir dagblöð, tímarit og annan prentpappír á föstudag. Tunnan verður staðsett við heimili borgarstjóra að Ljárskógum 11.

Samkvæmt upplýsingum frá umhverfissviði Reykjavíkurborgar hefur magn dagblaða, tímarita og markpósts aukist um 76 prósent frá árinu 2003. Dagblöð og tímarit eru um fjórðungur þyngdar þess sem fer í venjulega heimilistunnu.

Að sögn Gunnars Hersveins, upplýsingafulltrúa umhverfissviðs, hafa 300 manns þegar pantað sér bláa tunnu. Jafnframt er hægt að fá sér græna tunnu fyrir almennt sorp sem er tæmd á tveggja vikna fresti og kostar minna en hefðbundin svört tunna.

Pappírstunnuna má nálgast með því að senda tölvupóst á sorphirda@reykjavik.is eða hringja í síma 411-8500. Tunnan kostar 7.400 krónur á ári og er tæmd þriðju hverja viku. - sgj

MEÐ NÝJU TUNNUNA Borgarstjóri var glaður í bragði þegar hann tók við tunnunni sem starfsmaður Sorphirðunnar afhenti honum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kuml finnst í Arnarfirði:

Bein og öxi frá 9. eða 10. öld

FÓLK Kuml fannst í fornleifauppgreftri í Hringsdal í Arnarfirði í fyrrdag í annað sinn. Ekki er vitað hversu margar beinagrindur eru í kumlinu en talið er að beinin séu frá 9. eða 10. öld. Auk beinanna fannst þar einnig öxi í gær.

Þetta er annað sumarið í röð sem Adolf Friðriksson fornleifafræðingur stjórnar uppgreftri í Hringsdal. Í fyrra fannst kuml með beinum og munum en verið var að kanna svæðið í kringum kumlið sem fannst í fyrra þegar fornleifafræðingar fundu síðara kumlið. - lbb

Leikstjórinn Ingmar Bergman:

Jarðsettur í kyrrþey í Faro

SVÍÞJÓÐ, AP Nokkrir tugir fjölskyldumeðlima og vina kvikmyndaleikstjórans Ingmars Bergman voru viðstaddir jarðarför hans á eyjunni Faro í Svíþjóð. Bergman, sem lést 30. júlí 89 ára gamall, hafði óskað eftir jarðarför í kyrrþey á eyjunni.

INGMAR BERGMAN

Um 75 manns voru viðstaddir minningarathöfn í kirkju eyjarinnar, sem tekur 350 manns í sæti.

Auk barna leikstjórans voru leikkonurnar Liv Ullmann og Bibi Anderson viðstaddar athöfnina ásamt leikaranum Peter Stormare. - fb

Rjómi norrænna manna gengur aftur í íslenskum útrásarvíkingum vegna áherslu á þjóðernisleg einkenni:

Tengjast víkingum til að skapa sérstöðu

FÉLAGSMÁL Hinir svokölluðu íslensku útrásarvíkingar gera út á svipaða ímynd af landi og þjóð og þekkist í íslenskum sögubókum frá upphafi 20. aldarinnar til að skapa sér sérstöðu á alþjóðavettvangi, segir dósent í mannfræði.

Ólíkt því sem við var búist hefur hnattvæðingin ýtt undir að fólk nýti sér þjóðernisleg einkenni. Því reyna margir að marka sér sess með því að vísa í gamaldags þjóðernishyggju og tal um einstakt eðli Íslendinga, segir Kristín Loftsdóttir, dósent í mannfræði við Háskóla Íslands. Kristín flutti erindi um kynþáttahyggju og íslenska sjálfsmynd á ráðstefnu mannfræðinga í Háskóla Íslands í gær.

Kristín hefur meðal annars rannsakað íslenskar skólabækur, og segir að sérstaklega í eldri skólabókum sé mikil áhersla lögð á sérstöðu lands og þjóðar. Í sögubók frá öðrum áratug 20. aldarinnar sé þannig talað um að landnámsmenn hafi verið „göfugir og af góðum norrænum ættum“, og önnur segir þá hafa verið „rjóma norrænna manna“. Báðar bækurnar voru kenndar áratugum saman hér á landi.

KRISTÍN LOFTSDÓTTIR

Höfundar íslenskra skólabóka virtust raunar hafa haldið í þessa ímynd af landsmönnum lengi vel, og hafa til dæmis myndir af Íslendingum í skólabókum í gegnum tíðina verið af drengjum með ljósan húðlit.

Kristín segir að í kringum aldamótin síðustu hafi orðið breyting þar á, nú séu höfundar bæði texta og mynda í skólabókum meðvitaðri um að ekki séu allir Íslendingar eins. Mikilvægt sé að endurspegla fjölbreytileikann sem víðast, enda sé ella hætta á að hugmyndirnar festist og ómeðvitað fari fólk að halda að þannig sé þjóðin, þegar raunin sé allt önnur. - bj

MIÐSTÖÐ INNFLYTJENDARANNSÓKNA

Sjálfstæð rannsóknarstofnun sem er meðal annars ætlað að rannsaka stöðu og málefni innflytjenda, og veita stjórnvöldum og fagaðilum ráðgjöf um málefni innflytjenda í íslensku samfélagi, tók nýverið til starfa í ReykjavíkurAkademíunni.

Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur er forstöðumaður miðstöðvarinnar. Hún kynnti starfsemina stuttlega á mannfræðiþingi í gær. Stofnunin mun á næstunni rannsaka ástæður fyrir því að börn innflytjenda skila sér síður í íþróttaiðkun.

Ótrúlegt verð

ÚLPA
3.499.-

ÚLPA
2.999.-

ÚLPA
3.999.-

BUXUR
2.999.-

Mikið úrval af skólavörum

GOTT VERÐ
98.-

GOTT VERÐ
49.-

GOTT VERÐ
299.-

GOTT VERÐ
99.-

GOTT VERÐ
1.995.-

GOTT VERÐ
395.-

Ný sending af Spiderman
og Disney skólavörum

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

skoðun

greinar@frettabladid.is

Ekki á að refsa fjöldanum fyrir fíflalæti fárra.

Gókynja vandi í miðborginni

JÓN KALDAL SKRIFAR

Ef miðborgin er hjarta Reykjavíkur, þá er Reykjavík hjartveik; það er menningarslys ef húsin við Laugaveg 4 og 6 eru rifin; ástæða er til að óttast um líf sitt og limi að nóttu til um helgar í miðbænum. Þetta eru aðeins nokkur dæmi af mörgum úr umræðu undanfarinna daga þar sem ástand miðborgarinnar hefur verið málað í ansi dökkum litum, ef ekki hreinlega kolsvörtum.

Hinir móðursjúku málarameistarar mættu hafa bak við eyrað að í raun eru vandamál miðborgarinnar jákvæð, því þau eru merki um iðandi og kröftugt mannlíf; það vilja margir koma og skemmta sér í miðbænum um helgar og það er mikill áhugi á byggingu nýrra húsa við Laugaveg og nærliggjandi götur. Þetta er frábært.

Miklum mannsöfnuði og uppbygging í gömlum grónum hverfum fylgir eðlilega mörg snúin úrlausnarverkefni. Þeim hefur ekki verið sinnt sem skyldi og þar liggur vandinn.

Það er til dæmis þekkt stærð að þar sem mikill fjöldi kemur saman lætur nánast alltaf einhver hluti hópsins illa. Svo til undantekningalaust eru ólátabelgirnir í miklum minnihluta. Þetta á ekki að koma neinum á óvart. Engin ástæða er hins vegar til að refsa fjöldanum með hertum boðum og bönnum eins og virðist sumum embættismönnum og borgarfulltrúum nú mikið áhugamál.

Þannig fela hugmyndir um að fækka veitingahúsum í miðbænum, skerða afgreiðslutíma þeirra eða færa vínbúðina úr Austurstræti ekki í sér lausnir heldur uppgjöf.

Eru embættismennirnir kannski búnir að gleyma öngþveitinu þegar öllum skemmtistöðum var lokað á sama tíma? Biðröðunum eftir leigubílum og eftirballspartíunum í heimahúsum? Viljum við það ástand aftur?

Vissulega geta skrílslætin verið ægileg þegar líður að morgni um helgar í bænum, en er ekki rétt að að sjá til hvað gerist ef einhver hefur sýnilegt eftirlit með samkomunni áður en við flautum hana af? Það eru sjálfsagt fleiri kennarar úti á skólalóð í frímínútum meðalgrunnskóla en lögreglumenn í miðbænum um helgar. Úr þessu þarf að bæta strax eins og margsinnis hefur verið nefnt á þessum stað.

Sem betur fer virðist Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, vera allur af vilja gerður til að gera lögregluna sýnilega í bænum. Meðal hugmynda í þeim efnum er færanleg lögreglustöð í húsbíl, sem er bráðsnjöll. Veitingamenn mega líka líta í sinn barm og axla meiri ábyrgð. Það er til dæmis engin ofrausn að skylda þá til að halda gangstéttinni hreinni í ákveðinn radíus kringum staði þeirra.

Þegar öllu er á botninn hvolft er þó rétt að ítreka að vandi miðbæjarins er góðkynja. Ef enginn vildi þangað koma eða gera þar neitt nýtt, þá fyrst væri miðborg Reykjavíkur í verulega vondum málum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Stökktu til
Costa del Sol
22. eða 29. ágúst
frá kr. 39.990

Allra síðustu sætin

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Costa del Sol 22. eða 29. ágúst í eina eða tvær vikur. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og tryggðu þér sumarfrí á frábærum kjörum á vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga.

Verð kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. 2-4 í íbúð í viku.
Aukavika kr. 10.000.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Er það svo?

Ögmundur Jónasson, þingmaður VG, finnur vendingum í eignarhaldi á Sparisjóði Skagafjarðar allt til foráttu í pistli á heimasíðu sinni. Hrósar hann um leið Bjarna Jónssyni og Gísla Árnasyni fyrir að reyna að koma í veg fyrir sameiningu sjóðsins við Sparisjóð Siglufjarðar. Er það vitaskuld gott og blessað. Sérstök er hins vegar sú greining Ögmundar að þjóðin hafi fylgst „agndofa“ með fréttum af málinu undanfarna daga.

Eflaust hafa margir fylgst með málinu og skoðanir á því misjafnar en að segja þjóðina agndofa er líkast til heldur of fast að orði kveðið.

Í höndum Hafnfirðinga

Nokkur umræða hefur skapast um framkvæmd fjárlaga síðasta árs. Þungi fjárlagagerðarinnar hvílir einkum á tveimur herðum; fjármálaráðherra og formanni fjárlaganefndar Alþingis. Báðir eru Hafnfirðingar. Eftirlitið er svo í höndum ríkisendurskoðanda. Og hvaðan skyldi hann nú koma? Jú, úr þeim safna Hafnarfirði.

Utanbæjarmenn

Aflþynnuverksmiðjan fyrirhugaða er nýjasta stolt Akureyringa en hún á að rísa við Krossanes á næsta ári og veita 90 manns vinnu. Verksmiðjan verður að mestu í eigu Ítala en fjárfestingarfélagið Strokkur verður einnig hluthafi. Í forsvari Strokks er Eyþór Arnalds. Eyþór er bæjarfulltrúi í Árborg en það er saga til næsta bæjar að bæjarfulltrúi í einu sveitarfélagi eigi þátt í að til verði næstum eitt hundrað störf í öðru sveitarfélagi.

Gengið var frá raforkusamningi verksmiðjunnar við Landsvirkjun í síðustu viku og skrifaði stjórnarformaðurinn, Páll Magnússon, bæjarritari Kópavogs, undir.

bjorn@frettabladid.is

Letingja í valdastöður

Það er ekki margt að í íslensku samfélagi, sem betur fer. Fáar þjóðir búa við aðra eins hagsæld og velmegun. Verkefni og viðfangsefni sem áður voru á höndum stjórnmálamanna, eins og að reka bankakerfið og ákveða verð á vörum og þjónustu, er að verulegu leyti komin í hendur einkaaðila. Þeir eru fáir sem andmæla því að sú skipan er líklegri til að skila almenningi ávinningi.

Sú staðreynd að samfélagið lýtur í ríkari mæli vilja og athöfnum einstaklinga hefur ekki bara orðið til þess að efla og bæta þjóðarhag heldur hefur þessi þróun einnig leitt til þess að stjórnmálamenn hafa minna um þessi mál að segja en áður. Því miður er það svo að fáir stjórnmálamenn vilja sitja aðgerðalausir. Þeir eru jú kosnir út á loforð um athafnir en ekki orð.

Duglegir stjórnmálamenn eru reyndar almennt lakari kostur en þeir lötu, þótt fáir myndu beinlínis leita eftir stuðningi á þeim forsendum að þeir væru almennt latir til verka og vildu helst gera sem minnst. Þetta er einkum áberandi á sveitarstjórnarstiginu þar sem kosningabaráttan líkist helst raunveruleikaþætti þar sem keppendur reyna að setja sveitarfélagið á hausinn á sem skemmstum tíma.

Sjónarmið en ekki sannleikur

Á undanförnum dögum og vikum hefur átt sér stað áberandi umræða í fjölmiðlum um það sem kallað er ófremdarástand í miðborg Reykjavíkur. Það er ekki til neinn algildur sannleikur um „ástandið“ í miðbænum. Í huga manns sem býður eftir aðhlynningu á slysadeild eftir að hafa verið kýldur í andlitið hefur ástandið í bænum vafalítið aldrei verið eins slæmt. Par sem fer út að borða og hittir vini sína og fleira skemmtilegt fólk, sér fólk

BORGAR ÞÓR EINARSSON
Í DAG | Boð og bönn

syngja og dansa á götum úti, hugsar eflaust að skemmtanamenningin í Reykjavík hafi aldrei verið betri. Hvort tveggja er sjónarmið en hvorugt er sannleikurinn.

Þau gögn sem kynnt hafa verið í umræðunni á síðustu dögum eru oftar en ekki misvísandi um þróun þessara mála á undanförnum árum. Margt bendir til þess að glæpum hafi fjölgað eftir að eftirlitsmyndavélar voru settar upp í miðbænum og getur það ekki talist mikil viðurkenning fyrir þá vafasömu lögregluaðgerð sem er í raun tilefnislaus lögregluransókn á flestum þeim sem leggja leið sína um miðbæinn. Því verður vissulega ekki slegið föstu að fækka mætti glæpum með því að taka myndavélarnar niður. Mörgum gengur hins vegar illa að skilja að atburðir geta gerst samtímis án þess að beint orsakasamband sé þar á milli. Þessi hugsunarvilla leiðir oft til þess að menn velja röng úrræði í viðleitni sinni til að laga hlutina.

Ekki vænlegt til árangurs

Því miður eru hugmyndir borgaryfirvalda í Reykjavík og yfirstjórnar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um aðgerðir í málefnum miðborgarinnar dæmi um þetta. Vissulega er mikilvægt að efla löggæslu og koma í veg fyrir ofbeldi og önnur lögbrot. Hins vegar eru afskipti þessara aðila að frjálsri verslun í miðborginni með öllu fráleit. Að ætla að beita opinberu valdi til þess að ákveða hvenær fólk fer að sofa er ekki líklegt til árangurs. Hugmyndin um að fjölga eftirlitsmyndavélum hlýtur vera tilraun til friðþægingar þegar ljóst má vera að uppsetning þeirra fyrir sjö árum hefur litlu skilað. Af sama meiði eru hugmyndir um að þrengja enn frekar að verslunarrekstri með hámarksfjölda veitingastaða eða annars konar höftum.

Eins og oft vill verða yrðu þessi lyf mun skaðlegri en þeim sjúkdómi sem þeim er ætlað að uppræta. Áður en rokið er upp til handa og fóta með opinberu valdi, skerðingu á grundvallarréttindum borgaranna, þá hlýtur að vera hægt að gera þá kröfu til viðkomandi aðila að þeir hafi fast land undir fótum. Í fyrsta lagi að fyrir liggi að ástandið í miðbænum sé raunverulega verra eða eins slæmt og sumir vilja vera láta. Í því verður að styðjast við meira en uppsláttarfréttir í gúrkutíð eða eðlislæga sókn lögreglunnar eftir ríkari valdheimildum. Í öðru lagi verða menn að velja úrræði af kostgæfni og gæta þess vandlega að þau drepi ekki sjúklinginn sem lækna skal.

Fyrst og fremst verður þó að höfða til ábyrgðar þeirra sem leggja leið sína í miðbæinn að næturlagi í þeim tilgangi að skemmta sjálfum sér. Frelsinu fylgir ábyrgð og hún liggur hjá hverjum og einum. Almenn löggæsla verður að miðast við umfang verkefnisins. Rétta leiðin er því að efla löggæsluna en færa ekki vandann til með því að leggja boð og bönn á verslunarrekstur í miðborginni. Vissulega er erfitt fyrir dugnaðarforka í opinberum embættum að aðhafast fátt og falla ekki í þá freistni að beita opinberu valdi sínu en í þessu tilviki er kapp best með forsjá.

Enn eru til hugsjónamenn

UMRÆÐAN
Málefni sparisjóða

ÖGMUNDUR JÓNASSON

Mikil gerjun er nú í sparisjóðum landsins. Til þeirra var stofnað til að efla samfélagið í héraði, þjóna fólki og fyrirtækjum. Þeir sem lögðu fram stofnfé gerðu það iðulega af hugsjón enda kveðið á um það í lögum að stofnféð mætti aðeins greiða þeim til baka með eðlilegum vöxtum og verðbótum.

Gerjunin nú er af tvennum toga. Annars vegar er framhald á tilraunum ýmissa stofnfjáreigenda að gera sér mat úr stofnfjárframlagi sínu langt umfram það sem lög og reglur gera ráð fyrir. Stofnfjárhlut sinn vilja þeir geta selt á markaðsprís. Í ljós hefur komið að stofnfjárhlutum hefur að undanförnu verið ráðstafað með það í huga að framundan sé mikil uppskeruhátíð stofnfjáreigenda. Sparisjóðunum megi nú breyta í hlutafélög og þá verði græðginni allar götur greiðar. Hinn þátturinn í þessu ferli snýr að meintri „hagkvæmni“ með samþjöppun. Nú á að sameina og stækka. Hvar skyldi slík þróun enda? Bankarnir hafa þannig smám saman verið að hagræða sér út úr íslensku hagkerfi – eigendurnir komnir úr landi. En þrátt fyrir milljarðagróða bankanna sem nú starfa á heimsvísu er landsmönnum boðið upp á okurkjör sem aldrei fyrr.

Í lesendabréfi sem heimasíðu minni barst fyrir nokkru sagði: „Sparisjóður Svarfdæla vakti athygli á sér um daginn fyrir hvort tveggja, vinstri græna hugsun, þ.e.a.s. samfélagslega hugsun og ekki síður hitt, ótrúlegan gróða. Níu starfsmenn og níuhundruð milljónir í gróða. Ef Kaupþing er með tíuþúsund starfsmenn ættu þeir að vera með níuhundruð milljarða gróða. Hvað varð um hagkvæmni stærðarinnar? Fór hún í laun og bónusa til eigenda. Má ég biðja um marga litla sparisjóði, dreifða áhættu, fjölbreytt atvinnulíf, félagslegt réttlæti: Blandað hagkerfi vegna gæðanna.“

Þetta eru umhugsunarverð orð. Sem betur fer eru enn til hugsjónamenn sem starfa í góðum félagslegum anda. Dæmi þar um er framganga almennra stofnfjárhafa í Sparisjóði Skagafjarðar undanfarna daga. Þeirri spurningu beini ég svo til lesenda Fréttablaðsins, hvort við þurfum á meiri samþjöppun að halda í íslensku hagkerfi. Er kannski kominn tími til að afþjappa?

Höfundur er alþingismaður.

www.toyota.is



Kostirnir eru augljósir

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 37855 06/07

Toyota - framfarir fyrir umhverfið

Sparneytnari, umhverfisvænni og aflmeiri.
Með D-4D tækninni hafa dísilvélar Toyota tekið stórstígum framförum. Vélarnar eyða minna eldsneyti á meðan aflið hefur aukist til muna. D-4D dísilvélar Toyota eru hljóðlátar og bjóða upp á þægilegan akstur.

Dísilvélar Toyota nýta eldsneytið betur og losa mun minna af koltvísýringi út í andrúmsloftið en sambærilegar bensínvélar sem gerir þær umhverfisvænni og ódýrari í rekstri.

Hægt er að fá flestar gerðir Toyota-bíla með dísilvél en úrvalið spannar vélar með rúmtaki frá 1,4 upp í 3,0 lítra sem skila afli frá 90 upp í 177 hestöfl.

Kynntu þér eiginleika D-4D dísilvéla Toyota. Kostirnir leyna sér ekki.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

WILLIAM JEFFERSON CLINTON, FYRRVERANDI FORSETI BANDARÍKJANNA, ER 61 ÁRS Í DAG.

„Flestar endurminningar forseta eru leiðinlegar og fullar af sjálfshóli. Ég vona að mínar verði áhugaverðar og fullar af sjálfshóli.“

Bill Clinton var 42. forseti Bandaríkjanna og sá 3. yngsti. Hann gegndi embætti frá 1993 til 2001.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 19. ÁGÚST 1993

Smuguveiðar hinar síðari hófust

Íslenskir togarar hófu veiðar í svokallaðri Smugu í Barentshafi þennan dag árið 1993. Smugan er á alþjóðlegu hafssvæði og höfðu Íslendingar ekki stundað veiðar þar frá því um 1960. Hinsvegar höfðu færeyskir togarar undir hentifána stundað þar veiðar og landað aflanum meðal annars hér á landi. Veiðarnar 1993 vöktu strax upp mikla andstöðu hjá norskum og rússneskum stjórnvöldum sem töldu að fiskurinn þar væri af flökkustofnum er gengju úr lögsögu þeirra í fæðuleit. Íslenskir útgerðarmenn voru á öðru máli. Sögðu að þar sem Smugan væri á alþjóðlegu hafssvæði hefðu íslensk skip fullan rétt til veiða þar. Að auki töldu þeir sig eiga sögulegan rétt til veiða vegna fyrri veru sinnar á þessum slóðum.

Árið 1994 gengu veiðarnar í Smugunni glimrandi vel og íslensku skipin veiddu um 37 tonn sem skiluðu um 5 milljörðum í þjóðarbúið. Næstu ár fóru veiðarnar minnkandi.

NORSKA STRANDGÆSLAN Skip frá norsku strandgæslunni fylgdust með veiðum Íslendinga í Smugunni en skiptu sér þó ekki af þeim með beinum hætti.

Strax árið 1994 hófust samningaviðræður milli þjóðanna um lausn deilunnar og var hún til lykta leidd með kvótaskiptum í apríl 1999.

MERKISATBURÐIR

1561 María drottning Skota snýr átján ára gömul aftur til Skotlands eftir þrettán ára dvöl í Frakklandi.

1871 Hið íslenska þjóðvinafélag er stofnað af alþingismönnum. Almanak Þjóðvinafélagsins hefur komið út árlega síðan 1875.

1960 Rússar skjóta á loft gervitunglinu Sputnik 5 með hundana Belka og Strelka innanborðs ásamt fimmtíu músum, tveimur rottum og fjölda plantna.

1964 Bítlamyndin A Hard Days Night er sýnd í Tónabíói og sló öll aðsóknarmet.

1991 Mikhail Gorbachev, forseti Sovétríkjanna er settur í stofufangelsi í sumarfríi sínu á Foros, Krímskaga.

AFMÆLI

Tipper Gore, eiginkona forsetaframbjóðandans Al Gore, er 59 ára í dag

Leikarinn Matthew Perry er 38 ára í dag.

Leikkonan Kyra Sedgwick er 42 ára í dag.

Leikarinn John Stamos er 44 ára í dag.

†

Alúðarþakkir til þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur vinarhug og samúð við fráfall elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Þorbjargar Eyjólfsdóttur
Hrafnistu, Hafnarfirði, áður
Norðurbraut 1, Hafnarfirði.

Guð blessi ykkur öll.

Sólveig Björgvinsdóttir Jóhannes Páll Jónsson
Eyjólfur Björgvinsson Elsa Rúna Antonsdóttir
Guðfinna Björgvinsdóttir Sigurður Emilsson
barnabörnin og fjölskydur þeirra.

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts okkar ástkæra,

Aðalsteins Davíðs Jóhannssonar,
Háholti 12, Akranesi.

Einnig þökkum við þeim fjölmörgu, bæði skyldum og vandalausum, sem gáfu framlag í styrktarsjóð barna hans. Allt er það metið mikils.

Ingibjörg Ösp Júlíusdóttir
Íris Rakel Aðalsteinsdóttir
Ragnar Páll Aðalsteinsson
Guðlaug Aðalsteinsdóttir Jóhann Jensson
og aðrir aðstandendur.

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðrúnar Salóme Guðmundsdóttur,
Grandavegi 47, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki heimahjúkrunar í Reykjavík.

Þorsteinn Magnússon Halla Bachmann Ólafsdóttir
Salóme Magnúsdóttir McInnis Melvin McInnis
Guðmundur Magnússon Vaka Hrund Hjaltalín
Gunnar Magnússon Salómeson
barnabörn og barnabarnabörn.

VINDÁSHLÍÐ: SUMARBÚÐIR Í SEXTÍU ÁR

Aðbúnaðurinn mest breyst

Í Vindáshlíð í Kjós hafa verið starfræktar sumarbúðir fyrir stelpur á vegum KFUK í sextíu ár í sumar eða síðan árið 1947. „Sumarbúðastarf á vegum KFUM og KFUK hófst í Straumi í Straumsvík nokkrum árum áður en þegar að ákveðið var að sérstakar sumarbúðir fyrir stráka yrðu stofnaðar í Vatnaskógi vildu stelpurnar líka fá sérstakar sumarbúðir,“ segir Hólmfríður Pettersen, nýráðinn framkvæmdastjóri Vindáshlíðar.

Fyrstu árin var dvalist í tjöldum í Vindáshlíð að sögn Hólmfríðar og það var ekki fyrr en 1951 að skáli kom þar. „Konurnar sem stóðu fyrir þessu hafa verið stórhuga og algjörar kjarnakonur því samkvæmt lýsingum voru þær oft í tjöldum í brjáluðu veðri þarna fyrstu árin en þær létu ekki deigan síga,“ segir Hólmfríður.

Í dag koma um áttatíu stelpur á viku í Vindáshlíð yfir sumartímann. „Samkvæmt okkar útreikningum hafa um það bil 150 til 200 þúsund manns komið í Vindáshlíð frá upphafi og oftast eru þetta vikuflokkar. Dagskráin er þannig að stelpurnar byrja á því á morgnana að hylla fána og fara í morgunkaffi. Svo eru skipulagðir leikir fram að hádegismat og eftir hádegi er venjulega farið eitthvert, í gönguferðir eða einhvers konar leiki. Svo er kaffi, frjáls tími og kvöldmatur og eftir hann er kvöldvaka. Þá skiptast stelpurnar á eftir herbergjum að vera með skemmtiatriði, sýna leikrit og svona. Náttfatapartí eru sérstaklega vinsæl og svo eru haldnir alls kyns óvissuleikir, survivor, idolkeppni og allt þetta vinsæla,“ segir Hólmfríður.

VINDÁSHLÍÐ SEXTÍU ÁRA Um áttatíu stelpur dvelja í hverri viku í Vindáshlíð.

HÓLMFRÍÐUR PETTERSEN er nýráðin framkvæmdastjóri Vindáshlíðar og fyrst til að gegna því starfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Að sögn Hólmfríðar hefur ekki orðið svo mikil breyting á starfinu sem unnið er í sumarbúðunum á þessum sextíu árum sem þær hafa verið starfræktar. „Það hefur alltaf verið mikil skipulögð á dagskrá í Vindáshlíð, bæði trúarleg og eins leikir og útivera. Auðvitað hafa orðið einhverjar breytingar og allur aðbúnaður er mjög breyttur. Mjög stór skáli var byggður árið 2002 svo núna er rúm fyrir rúmlega áttatíu stelpur og allt samkvæmt nýjustu tísku, flott og vel gert. Það er kirkja á staðnum, Hallgrímskirkja, sem var á Hvalseyrarströnd áður og var flutt fyrir fimmtíu árum yfir í Vindáshlíð á pallbíl sem þótti merkilegt á þeim tíma. Á staðnum er líka stórt íþróttahús þar sem stelpurnar geta leikið sér en það kom svona fyrir þrjátíu árum síðan.“

Algengt er að sömu stelpurnar séu að koma ár eftir ár að sögn Hólmfríðar. „Núna stendur einmitt yfir unglingaflokkur og í honum eru stelpur sem eru búnir að koma árlega í upp undir sjö ár og sumar kannski oft á ári. Sumarbúðalífið er vinsælt hjá þeim sem hafa kynnst því og margar stelpur koma tvisvar yfir sumarið, auk þess sem nýjar stelpur eru alltaf að koma inn. Það er því meira og minna alltaf fullt í Vindáshlíð.“

emilia@frettabladid.is

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, sonur, bróðir, mágur og tengdasonur,

Ásgeir Þór Jónsson
til heimilis að Bólstaðarhlíð 58, Reykjavík,

lést í Reykjavík sunnudaginn 12. ágúst. Útförin verður gerð frá Háteigskirkju mánudaginn 20. ágúst klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hins látna er vinsamlegast bent á að láta börn hans njóta þess. Stofnaður hefur verið reikningur þeim til handa: 0117 - 05 - 068920. Kt: 310869-3849.

Ása Ásmundardóttir
Ásgrímur Þór Ásgeirsson
Ásgerður Margrét Ásgeirsdóttir
Óskírð Ásgeirsdóttir
Ásdís Bjarkadóttir
Jón Friðgeir Einarsson Margrét Kristjánsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Einar Þór Jónsson Stig A. Wadentoft
Kristján Jónsson
Ásmundur Þórarinsson Auðbjörg H. Hrafnkelsdóttir

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Rúnar Geirmundsson

Sigurður Rúnarsson

Elís Rúnarsson

Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is**

ÞÖKKUM ÞÁTTTÖKUNA

Í KOFA & KASSABÍLALEIK BYKO

Skemmtilega sumarleik BYKO lauk þann 8. ágúst síðastliðinn. Þátttaka fór fram úr björtustu vonum og situr nú dómnefnd sveitt að störfum að fara yfir allar myndirnar sem bárust af frábæru handverki íslenskra barna þar sem sköpunarkrafturinn réð svo sannarlega ríkjum.

Úrslitin í sumarleiknum verða tilkynnt hinn 24. ágúst n.k. og um leið þökkum við öllum kærlega fyrir þátttökuna, sýnum við hér brot af þeim fjölmörgu tilögum sem bárust.

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

FÓSTBRÆÐRAATRIÐI Á DÖNSKU Auður Jónsdóttir fer gjarnan með atriði úr Fóstbræðrum, jafnt á dönsku sem íslensku, en Sigurjón Kjartansson segist því miður ekki enn hafa lesið bækur Auðar. En honum finnst hún þó engu að síður hafa „húmoráru“. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þjóð með legókubba

Sigurjóni Kjartanssyni hefur alltaf fundist Auður Jónsdóttir hálfflissandi í öllum viðtölum. Auður tók sig taki og reyndi að bæla niður flissið með litlum árangri. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* fór í gegnum Euro-hippa-mótmæli og litlu húsin í miðbænum með rökstólapari vikunnar.

Hvar og hvenær hittust þið fyrst? Hafið þið einhverjar fyrirfram mótaðar hugmyndir um persónu eða persónuhagi hvors annars? Hvaða opinbera manneskja hefur komið ykkur verst á óvart?

Auður: Ég hef stundum séð Sigurjón í Bókabúð Máls og menningar. Svo hitti ég hann á indverskum veitingastað í Kaupmannahöfn þegar Ham var að spila þar. Maðurinn minn var búinn að mæla sér mót þar við bassaleikara hljómsveitarinnar, Björn Blöndal, og hann var þar með Sigurjóni að snæða.

Sigurjón: Ég held við höfum talað saman í fyrsta skipti þarna á veitingastaðnum.

Auður: Mínar hugmyndir um Sigurjón eru einmitt þær að hann sé mikið fyrir indverskan mat. Og þyki gaman að syngja og spila á hljóðfæri. Mér finnst hann líka fyndinn og alvarlegur um leið.

Sigurjón: Ég kannast aðeins við fjölskyldu Auðar, eins og Guðnýju Halldórs, og gerði því ráð fyrir að Auður væri húmoristi. Ég hef til dæmis séð Auði í sjónvarpsviðtölum og hún hefur ákveðna áru þeirra sem virðast hafa húmor. Hún er alltaf dálítið flissandi í öllum viðtölum.

Auður: Guðný frænka þurfti einmitt að klípa sig til að hætta að flissa í öllum viðtölum. Ætli ég geri ekki slíkt hið sama núna og flissi ekki meir það sem eftir lifir viðtals.

Sigurjón: (Í hálfum hljóðum): Hún er nú samt flissandi núna ...

Auður: En hvaða manneskja hefur komið mér verst á óvart. Ja, ég hélt til dæmis að hann þarna, hvað heitir hann aftur – já, Guðmundur í Byrginu. Ég hélt hann væri bara ágætur maður sem væri eitthvað að hjálpa fólki.

Sigurjón: Ég er haldinn þeim slæma kæk að gera mér upp fyrirmyndaðar skoðanir á fólki. En oft getur það komið sér vel. Og oftar en ekki hef ég rétt fyrir mér. Eins og þessi sem varð borgarstjóri hér einu sinni. Kom inn í staðinn fyrir Ingibjörgu Sólrúnu – Þórólfur Árnason, ekki rétt? Mér leist alveg ágætlega á hann en snerist fljótt hugur eftir að hann var gerður að borgarstjóra. Hann fór úr því að vera viðkunnanlegur í það að verða bara frekar pirrandi.

Auður: Ég á einmitt í svona haltumér-slepptu-mér sambandi við stjórnmálamenn. Einn daginn finnst mér einhver þeirra voðalega sniðugur og svo næsta dag er sá hinn sami strax orðinn vitlaus. Það er því mjög erfitt fyrir mig að vera flokksbundin.

Sigurjón: Mér leist heldur aldrei á hann Sturlu Böðvarsson, sem var mjög lengi samgönguráðherra. Nú er hann hættur að vera samgönguráðherra og allur aulagangurinn að koma í ljós.

Auður: Almennt held ég að fólk í pólitískum stöðum skiptist á að koma manni ánægjulega og illa á óvart. Ég yrði fljótlega send í geðrannsókn væri ég á þingi. Ég væri svo tækifærissinnuð – alltaf að skipta um lið.

Svo sem ekkert á móti Egilshöllinni

Á meðan sumir vilja slá skjaldborg um húsin sem rífa á við Laugaveg, eru aðrir sem láta sér fátt um finnast. Hver er ykkar skoðun? Hvert er fallegasta hús landsins og jafnframt það ljótasta að ykkar mati?

Auður: Ég var á gangi í miðbænum í gær og vinur minn benti mér þá á hvar Laugavegur 11 er – hús sem ég hef lesið mikið um. Ásta Sigurðar og Jökull Jakobs héldu til að mynda þar til. Ég hef samt aldrei staðsett húsið áður. En mér fannst gaman að sjá húsið svo loks og að það stæði þarna enn þá. Og Laugavegur 22 – þar sem ég hitti manninn minn. Ég gæti ekki hugsað mér að missa það. Mörg þessara húsa eiga taugar í manni.

Sigurjón: Af hverju þurfti endilega að skipta um nafn á Tuttugu-ogtveimur?

Auður: Ha, gerðu þeir það?

Sigurjón: Já, já. Nú heitir það Barinn. Og þetta er einmitt eitt af því sem gerir okkur svo erfitt með að halda í sögu okkar. Við erum svo nýjungagjörn að við erum í því að afmá hana með reglulegu millibili – sem er kannski út af því að við erum svo ung borg.

Auður: Þetta hefur bæði galla og kosti. Þetta eru breytingar og margt sem gerist með þeim. En um leið er einhvern veginn eins og ekkert sé nokkurn tímann til langframa. Þetta er eins með húsin og hérlend fyrirtæki, þar sem gömlum fyrirtækjum er hent og ný stofnuð hægri vinstri, eins og til dæmis í fjölmiðlarekstri og bókaútgáfu. Það er alltaf verið að rífa legókubbana og byggja upp á nýtt.

Sigurjón: Algjörlega. Flottasta húsið á landinu er svo sennilega Bókhlöðuhornið á Ísafirði, Hafnarstræti 4. Ég myndi ekki vilja sjá það brenna.

Auður: Ég held ég eigi mér ekkert sérstakt uppáhaldshús. Á örugglega eftir að finna það samt síðar. En mér svelgdist á um daginn þegar ég keyrði framhjá Korpúlfsstöðum. Það er búið að koma einhverri hlussu beint fyrir framan Korpúlfsstaði sem skyggir á þessa fallegu sýn – gamla óðalsbýlið og sjóinn. Það hefði varla verið mál að staðsetja húsið eitthvað aðeins til hliðar að minnsta kosti, er það nokkuð?

Sigurjón: Já, þetta er Bauhaus – þessi þýska byggingarvöruverslun sem þýðir að vísu loksins samkeppni á þeim markaði. En þetta gerðist líka með Egilshöll. Ég bjó nú í þessu hverfi sem var nálægt Egilshöll en var þó blessunarlega fluttur úr því þegar hún var byggð. En vegna þessarar byggingar dimmir fyrr í þessu hverfi en áður – enda er líkt og fjalli hafi verið plantað þarna í miðri byggð. En ég hef svo sem ekkert á móti Egilshöll sem slíkri.

Auður: Og ég heldur ekkert á móti þýskri byggingarvöruverslun.

Á RÖKSTÓLUM

> En hvaða manneskja hefur komið mér verst á óvart. Ja, ég hélt til dæmis að hann þarna, hvað heitir hann aftur – já, Guðmundur í Byrginu. Ég hélt hann væri bara ágætur maður sem væri eitthvað að hjálpa fólki.

Réttlætingarglott mótmælenda

Mótmælendur frá Saving Iceland hafa verið nokkuð áberandi undanfarnar vikur. Hvernig koma mótmæli þessi ykkur fyrir sjónir?

Auður: Ég verð nú að viðurkenna að ég hef svolítið misst af Saving Iceland og hef meira lesið um mótmælin á netinu. Ég var að vísu að horfa á Kastljósið og þar var einhver stelpa sem var fangelsuð fyrir mótmæli og hún talaði meðal annars um hvað maður hefði lítið að segja í lýðræði dagsins í dag – hvað maður væri lítils megandi. Þau eru allavega með einhverjar pælingar um lýðræðið og alþjóðvæðingu. Þó þau vanti kannski virkilega góðan talsmann.

Sigurjón: Ég fann mig einmitt allt í einu fastan í miðjum Saving Iceland-mótmælunum. Ég var að keyra í gegnum miðbæinn, að flýta mér og þau gengu í veg fyrir mig og ég komst ekkert áfram. Ég var næstum því byrjaður að flauta og steyta hnefann en hætti við það. Þau sendu mér svona hí, hí, sjálfréttlætingarglott og ég var að velta því fyrir mér hvort þau horfðu á mig sem vonda kerfiskallinn eða ekki. Mér var nú svo sem sama og ég beit í tunguna svo ég færi ekki út úr bílnum. Ég veit svo sem ekkert út á hvað þessi mótmæli ganga, held það hafi eitthvað að gera með umhverfismál – en það er fínt að fólk mótmæli.

Auður: Við maðurinn minn köllum þau Euro-hippana. Það getur vel verið að eitthvað skemmtilegt komi út úr þessu.

Sigurjón: Við megum heldur ekki missa okkur í því að hafa það of þægilegt. Þau eru að gera eitthvað sem er óþægilegt og þeim finnst örugglega óþægilegt að þurfa að vera að stöðva umferðina á götum úti. Því byrgja þau sig með þessu glotti sínu. Og búningunum.

Auður: Það er örugglega miklu auðveldara að gera þetta með því að klæða sig í búning og vera með dreadlokks. En það er kikk að sýna samstöðu.

Sigurjón: Það er það. Maður sér það meira að segja til dæmis í svipnum hjá kannski tíu konum sem taka sig saman og fara alltaf út að labba á laugardagsmorgnum. Svo setjast þær niður á kaffihús í krumpugöllunum og horfa ögrandi á þá sem eru á kaffihúsinu: „Hvað? Hvað haldið þið að við séum?“ Þær eru samstaða.

Hallar á Auði

Átt þú einhverjar plötur með Ham, Auður? Varstu aðdáandi Fóstbræðra, Svínasúpunnar eða Tvíhöfða? Ef svo er – áttu þér þá eftirlætis atriði? En þú Sigurjón – hefur þú lesið greinar eða bækur Auðar?

Auður: Ég á Ólympíu, svo hef ég líka stolið lögum frá Sigurjóni með því að láta manninn minn hala niður lögum af netinu.

Sigurjón: Maðurinn hennar Auðar bjó nefnilega til umslög fyrir Ham. Hann er gamall félagi frá Ham-árunum.

Auður: Ég hef að vísu hlustað meira á Ham svona á eldri árum. Það er til dæmis mjög fínt að koma sér í vinnugírinn með kaffi og Ham. Fá svona smá orkupúst. Ég missti svolítið af Tvíhöfða en ég var forfallinn Fóstbræðraaðdáandi. Ég á einmitt uppáhaldsatriði með Sigurjóni og Jóni Gnarr. Sigurjón er held ég piparsveinn sem býr hjá mömmu sinni og í atriðinu er hann að lesa í dagblaði og kallar upp: „Mamma, mamma, það er verið að auglýsa hér í einhverjum dálki eftir manni eins og mér“. „Hvað segirðu,“ hrópar mamman upp yfir sig. „Já, manni með áhuga á kynlífi og flugvélamódelum.“ Þá segir mamman: „Já, nei, nei þetta var nú bara ég eitthvað að stríða þér.“ Ég fer með þetta atriði í öllum partíum og hef meira að segja oft þýtt þetta yfir á mjög svo bjagaða dönsku fyrir dönsk matarboð.

Sigurjón: Já, þetta er helvíti gott atriði. Ég held að Þorsteinn Guðmundsson eigi það. En ég hef nú ekki lesið bækurnar Auðar, hef að vísu lesið umfjöllun og slíkt um þær.

Auður: Þetta er alveg einhliða þekking á verkum hvors annars.

Sigurjón: Já, það er nú svolítið leiðinlegt. En ég verð nú að segja mér til varnar að ég les lítið af svokölluðum fagurbókmenntum. Er meira fyrir eitthvað sem hefur í alvörunni gerst eða þá glæpasögur. Og svo er maður ekki löglega afsakaður að lesa bók nema þessa viku um jólin og í sumarfríinu.

Auður: Ég er einmitt eins og hamstur á hjóli, hef svo miklar áhyggjur af öllum bókunum sem ég á eftir lesa.

Sigurjón: En ef hún Auður vill að ég sjái verk hennar verður hún eiginlega að fara að skrifa fyrir sjónvarpið og þá skal ég tjá mig um þau. ■

Gerðu hagstæð innkaup í Nettó

Lífrænt ræktaðir ávextir

Lífrænt ræktað íslenskt grænmeti frá Akri

349 kr/kg, áður 499 kr/kg
Goða súpukjöt

1.095 kr/kg, áður 1.825 kr/kg
Borgarness sítrónukryddað lambalæri

99 kr/stk
Bergtoppur ½ ltr

365 kr/kg, áður 609 kr/kg
Matfugls kjúklingaleggir

816 kr/kg, áður 1.360 kr/kg
Gourmet ungnautahakk

393 kr/kg, áður 655 kr/kg
heill ferskur kjúklingur

99 kr/pk
nýjar kartöflur, 1,5 kg

199 kr/stk
Rísmjólk natural/kalk 1 ltr
Eplasafi/appelsínusafi 750 ml

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Vikurfréttir

full búð af frábærum tilboðum

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 16.–19. ágúst eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

EIN Á FERÐ Örvæntingin skín úr augum þessarar konu sem gekk um rústir húsanna í Ica skömmu eftir skjálftann. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Fólk þorði ekki heim til sín

Jarðskjálftinn mikli í Perú nú í vikunni er einn sá allra stærsti sem orðið hefur í sögu landsins. Hundruð manna létu lífið og hátt á annað þúsund manns særðist. ***Guðsteinn Bjarnason*** fylgdist með fréttum frá jarðskjálftasvæðunum.

Fjórir dagar eru liðnir frá því jarðskjálftinn mikli reið yfir í Perú. Sums staðar er lífið að komast aftur í fastar skorður, en víða eru þúsundir manna án húsnæðis og algerlega upp á aðstoð annarra komnar um mat og læknishjálp.

Jarðskjálftinn varð klukkan 23.40 á miðvikudagskvöld og mældist átta stig á Richter-kvarða. Fjöldi eftirskjálfta sem mældust fimm á Richter eða meira komu næstu dagana og hristu allt á ný. Fólk þorði ekki að snúa aftur í húsin sín, þau sem enn stóðu uppi, og svaf frekar úti við fyrstu næturnar.

Skemmdir á vegum og raflögnum eru gríðarlegar og erfitt að ná sambandi við umheiminn. Margir sögðust hafa séð „ljós á himni“ og er talið að þau hafi stafað af því þegar skammhlaup urðu í raforkustöðvum.

Í höfuðborginni Lima, sem er í um 150 kílómetra fjarlægð frá miðju skjálftans, greip fólk mikil hræðsla. Skjálftinn stóð í tvær mínútur og man enginn til þess að svo lengi hafi jarðskjálfti staðið yfir áður á þessum slóðum. Rúður brotnuðu og fólk missti fótanna á götum úti.

Verst urðu úti borgin Ica og bærinn Pisco þar sem talið er að um sjötíu prósent allra húsa hafi eyðilagst. Þar varð einnig mannfallið mest.

Þrátt fyrir að tala látinna hlaupi á hundruðum manna sá Alan Garcia forseti ástæðu til að þakka guði fyrir að ekki hafi orðið „hamfarir með gífurlegum fjölda fórnarlamba“.

Þar hefur hann haft í huga jarðskjálftann mikla árið 1970, sem einnig mældist 7,9 gráður á Richter-kvarða. Þær hamfarir kostuðu 66 þúsund manns lífið en urðu nokkuð norðar í landinu, í héruðunum Ancash og La Libertad norðan við höfuðborgina Lima. Mesta mannfallið varð af völdum skriðu sem rann úr Huascarán-fjalli og gróf þorpin Yungay og Ranrahirca undir 80 milljón rúmmetrum af aur og grjóti.

Jarðskjálftar eru algengir í Perú enda liggur jarðskjálftabelti meðfram allri Kyrrahafsströnd Suður-Ameríku. Árið 2001 varð þarna jarðskjálfti sem mældist 8,4 stig á Richter-kvarða, en olli þó ekki jafn miklu tjóni og þessi síðasti skjálfti. Þá fórust um hundrað manns.

LÍK FLUTT Á VAGNI Bærinn Pisco er meðal þeirra sem einna verst varð úti í jarðskjálftanum á miðvikudagskvöld. Dagana á eftir vann fólk frá morgni til kvölds við að ná líkamsleifum látinna út úr rústunum.

FORSETINN Á NEYÐARFUNDI Alan Garcia forseti, annar frá vinstri á myndinni, hitti bæjaryfirvöld í Pisco á fimmtudaginn til að ræða viðbúnað.

LÍK BORIÐ ÚR KIRKJURÚSTUM Meira en 200 manns fórust í kirkju í Pisco sem hrundi til grunna.

ÆTTINGJA OG VINA LEITAÐ Íbúar í Pisco leituðu að ástvinum sínum á götum bæjarins.

Fjölbreytt nám á haustönn

OPIÐ HÚS

25. ágúst kl. 13-16 í Reykjavík og 1. september kl. 13-16 á Akureyri

Tölvu- og skrifstofunám

Sérlega viðamikið og hagnýtt nám í takt við þarfir markaðarins, nám sem hentar fólki á öllum aldri, hvort sem það er á leiðinni út á vinnumarkaðinn að nýju eða vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar einnig vel sjálfstætt starfandi atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.
Að námi loknu eiga þátttakendur að geta unnið sjálfstætt við öll almenn skrifstofustörf og sem öflugir tölvunotendur í öllum helstu skrifstofuforritunum, sem ritarar eða í bókhaldi.
Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu.

Tölvugreinar:
Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla, Word, Excel, Internetið, MSN og Outlook tölvupóstur, dagbók og skipulag.

Margmiðlun:
PowerPoint glærukynningar, Stafrænar myndavélar og stafrænar myndir í tölvu, tónlist í tölvunni og spilurum, brennsla CD og DVD diska.

Persónuleg færni:
Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár, sölutækni og markaðsmál. Verslunarbréf, íslensk og ensk.

Viðskiptagreinar:
Verslunarreikningur, VSK meðferð og reglur, bókhald, tölvubókhald í Navision og tollskýrslur.

Hefst 5. september. Kennt er þrisvar í viku og er boðið upp á morgun og kvöldhópa. Sjá stundaskrá á heimasíðu skólans.
Lengd: 260 std. - Námið er metið til eininga.
Verð: 199.000,- Allar kennslubækur og námsgögn innifalin.

Grafísk hönnun

Vinsælt og sérlega hagnýtt nám ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólki sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi t.d. á háskólastigi. Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar sjálfir.
Á þessu námskeiði eru tekin fyrir þrjú mest notuðu hönnunarforritin í dag,

- Photoshop
- Illustrator
- InDesign

Einnig læra þátttakendur að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF)

Námskeiðið felst í því að kynna nemendum virkni og uppbyggingu forritanna, og að nýta möguleika þeirra til sjálfstæðra vinnubragða.
Kennsla byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum og fá þátttakendur hagnýt verkefni í tengslum við innihald náms.

Lengd: 105 std. Verð kr: 116.000,- stgr. Allt kennsluefni innifalið. Hefst 6. sept.

Eldri borgarar 60+

Grunnnámskeið

30 kennslustundir.
Verð kr. 20.500,- Kennt er tvo daga í viku frá kl 13 - 16.
Hefst 3. september í Reykjavík og 6. september á Akureyri.

Framhald

30 kennslustundir.
Verð kr. 20.500,- Kennt er tvo daga í viku frá kl 13 - 16.
Hefst 4. september í Reykjavík og í október á Akureyri.

Námskeið í september

Sjá nánari lýsingu og stundaskrá á heimasíðu skólans.

Tölvu- og bókhaldsnám
200 stundir Verð kr. 153.000,- Morgun og kvöldnámskeið. Hefst 25. september í Reykjavík og 5. september á Akureyri.

Tollskýrslugerð
21 stund. Verð kr. 28.000,- Hefst 11. september.

Byrjendanámskeið
42 stundir. Verð kr. 32.900,- Morgun og kvöldnámskeið. Hefst 3. september.

Almennt tölvunám
63 stundir. Verð kr. 39.900,- Morgun- og kvöldnámskeið. Hefst 6. september í Reykjavík og 5. september á Akureyri.

ECDL – tölvunám
ECDL Startskírteini. 84 stundir. Verð kr. 65.000. Morgun- og kvöldnámskeið.
Hefst 25. september í Reykjavík og 5. september á Akureyri.

Vefsíðugerð – grunnur
47 stundir. Verð kr. 49.000,- Kvöldnámskeið.
Hefst 6. september í Reykjavík og 11. september á Akureyri.

MCP XP
60 stundir. Verð kr. 88.900,- (m. prófinu) Tvö kvöld í viku.
Hefst 27. september. Eingöngu í boði á haustönn í Reykjavík.

MCSA
240 stundir. Verð kr. 290.000,- (m. 4 prófum) Tvö kvöld í viku.
Hefst 27. september. Eingöngu í boði á haustönn í Reykjavík.

Önnur námskeið að hefjast

Stafrænar myndavélar. Lengd: 14 std. Verð: 15.000,-
Photoshop grunnur. Lengd: 21 std. Verð: 24.000,-
Photoshop ljósmyndun 1. Lengd: 30 std. Verð: 29.000,-
Dreamweaver. Lengd: 26 std. Verð: 29.000,-
Word. Lengd: 21 std. Verð: 21.000,-
Excel. Lengd: 21 std. Verð: 21.000,-
PowerPoint. Lengd 15 std. Verð: 15.000,-
Internet og tölvupóstur. Lengd 15 std. Verð: 15.000,-
Outlook. Lengd 15 std. Verð: 15.000,-
Bókhald I. Lengd: 100 std. Verð: 94.000,-
Bókhald II. Lengd: 21 std. Verð: 36.000,-

Tölvuskólinn þinn

TÖLVUSKÓLINN
ÞEKKING
REYKJAVÍK & AKUREYRI
FAXAFEN 10 | 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 | 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS | SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210

TJÖRNIN Í REYKJAVÍK Óvenjulegt sjónarhorn af Tjörninni í Reykjavík.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

LATABÆJARHLAUPIÐ ÚR LOFTI Fjölmörg börn hlupu kílómetra langa hlaupabrautina í gær við aðalbyggingu Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Menningarnótt í myndum

Menningarnótt er nú haldin í tólfta sinn. Hún hefur vaxið með hverju árinu og hefur aldrei verið stærri en í ár. Ljósmyndarar Fréttablaðsins voru á ferðinni í gær og mynduðu gesti hátíðarinnar og brot af þeim menningarviðburðum sem í boði voru.

HLUSTAÐ Í VEÐURBLÍÐUNNI Fjölmennt var á stórtónleikum Rásar 2 og Landsbankans á Miklatúni.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



HRESSING EFTIR HLAUPIÐ Hlauparar í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis voru á öllum aldri. 11.300 manns voru skráðir til leiks í ár og er það metþátttaka. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

PYLSUÁT Keppni í pylsuáti er líka menning. Alla vega á menningarnótt í Reykjavík.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

LATABÆJARHLAUPIÐ Þau voru ekki löt börnin sem tóku þátt í Latabæjarhlaupinu í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

HVÍSLAÐ VIÐ LISTASAFN Fjölmargir komu saman við Listasafn Einars Jónssonar til að hvíslast á. Tilraun til að setja heimsmet í hvísli fór fram við safnið en hún mistókst. Sex hundruð manns mættu til að hvísla en ellefu hundruð manns hefði þurft til að slá heimsmetið. Engu að síður er talið að Íslandsmet í hvísli hafi fallið.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

SÓL OG BLÍÐA Veðrið lék við gesti og listamenn á menningarnótt. Uppákomur voru um allan bæ eins og sjá má.
FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

HVÍLD MILLI MENNINGARVIÐBURÐA Það getur tekið á að upplifa alla þá menningarviðburði sem í boði voru á menningarnótt en þá er líka bara hægt að leggja sig í grasinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

ÚTSALA
OPIÐ Í DAG

20 - 80% afsláttur

Húsgögn í miklu úrvali

59.999 / 79.990
Verð áður 95.995 / 123.990

Baumatic ísskápar
1860078/1860082

1.398
Verð áður 3.495

Vives, veggflísar
Moyua Marron, 27 x 41,5 sm
8600547

1.398
Verð áður 3.495

Vives, veggflísar
Basalto, 27 x 41,5 sm
8630546

2.590
Verð áður 5.810

Keope, gegnheilar gólfflísar
Plum, 45 x 45 sm
8630055



5.990m²

Geo, plankaparket/hnota
146002

60 - 80% afsláttur

Lín Design, íslensk hönnun
Textílvara, gjafavara, handklæði, rúmföt, matar- og kaffistell, o.fl.

50% afsláttur

Gjafavara, matar- og kaffistell - frábært úrval

Hreinlætistæki Gólfefni Heimilistæki Raftæki Gjafavara Búsáhöld Húsgögn Ljós Innréttingar

Opið í dag frá kl. 12 - 17 - allt að 80% afsláttur

www.egg.is

EGG
SMÁRATORGI

Sumri hallar...

Þegar haustið nálgast færist stundum ákveðinn tregi yfir fólk. Himinninn gránar, laufin fölna og kuldi kemur í loftið. Fyrr á öldum var haustið tengt við melankólíu en þá leitaði fólk oft inn á við, bæði líkamlega og andlega. Mörg frægustu ljóð heimssögunnar hafa fjallað um trega haustsins. En haust boðar oft nýja byrjun: nýir skólar, nýir vinnustaðir og jafnvel ný ástarsambönd. ***Anna Margrét Björnsson*** kveikti á fyrstu skammdegiskertunum, kom sér í kósí hauststellingar og fann tólf hluti til að hressa upp á sumarlokin.



1. BERJAMÓ Haustið er tími uppskeru og ávaxtatínslu. Við Íslendingar sem getum ekki teygt okkur eftir næstu peru getum gætt okkur á gómsætum berjum eins og bláberjum, rifsberjum, hrútaberjum og krækiberjum. Svo er líka tilvalið að sulta þetta ofan í krukkur eða búa til allskyns gómsætar kökur og eftirrétti.

2. KERTALJÓS Loksins er hægt að njóta þess að snæða rómantískan kvöldverð við kertaljós á ný. Rauðvín og steik verður einhvern veginn ennþá gómsætari við kertabjarmann.

3. RYKIÐ HVERFUR Á sumrin þarf maður að þurrka af svona þrisvar á dag á meðan sólargeislarnir lýsa upp rykagnirnar heima. Lækkandi sól hefur fegrandi áhrif á heimilið.

4. DJASS Hlustaðu á fræg haustlög eins og Autumn Leaves með Edith Piaf eða Autumn in New York með Ellu Fitzgerald. Ljúfir gamaldagstónar eiga svo vel við þessa árstíð.

5. KÓSÍ DRYKKIR Geymdu ávaxtakokteilana fram á næsta sumar og njóttu þess frekar að drekka eplavín, heitan cranberry-safa með koníaksdreitli út í, eða rjómakenndan og dökkan Guinness-bjór til að fá hita og kraft í kroppinn.

6. SÚPUR Þetta gæðafæði kemur aftur sterkt inn á matseðilinn. Endilega prófaðu súpur úr rótargrænmeti eins og næpum, sætum kartöflum, graskeri og gulrótum. Svo dásamlega haustlegt á litinn líka!

7.HAUSTLAUF Gönguferðir úti í náttúrunni. Ekkert jafnast á við íslenskt landslag sveipað rauðgylltum haustlitum. Skrepptu í Heiðmörk, á Þingvöll eða helst í Hallormsstaðaskóg. Ilmur af rotnandi haustlaufum kemur við sálina í manni.

8. HAUSTTÍSKAN Húrra, nú er hægt að festa kaup á alvöru gæðaflíkum eftir öll þessi óspennandi sumarföt. Keyptu þér kápu og trefil sem skapa stílinn þinn í allan vetur.

9. MEIRI ANDLITSFARÐI Á sumrin á maður helst að vera útitekinn og farðalaus. Á haustin mýkist birtan og allar konur geta skemmt sér við að líta út eins og kvikmyndastjörnur fimmta áratugarins með fölt púður og rauðan varalit.

10. LÍKAMSRÆKT Nú verður maður að koma sér í rútínuna sem heitir vinna, heimili og líkamsrækt. Skokk og útivist verður erfiðari eftir því sem veður versnar og því nauðsynlegt að mæta að minnsta kosti tvisvar í viku í einhverskonar heilsurækt.

11. MENNING Menningin eykst, ef eitthvað er, með haustinu. Leikhúsin fara á fullt, kvikmyndahátíðir fara af stað og tónlistarhátíðir eru á næsta leiti.

12. HAUSTFERÐIR Nú, og ef þér leiðist haustið á Íslandi þá er upplagt að lengja sumarið með því að ná í restina af sólinni í Suður-Evrópu eða enn fjarlægari slóðum.

» Ráðningarþjónusta

Ert þú í atvinnuleit?

Fjöldi starfa í boði.

- » Skrifstofustörf
- » Lagerstörf
- » Verslunarstörf
- » Bókhaldsstörf
- » Ræstingarstörf
- » Sérfræðistörf
- » Útkeyrslustörf
- » Sölustörf
- » Stjórnunarstörf
- » Störf við kerfisstjórn
- » Störf við forritun
- » Framleiðslustörf
- » Iðnstörf
- » Þjónustustörf

» Kannaðu málið á
www.hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík
Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Augl. þór. 2200.379

Leikskólar Seltjarnarness

Lausar stöður í leikskólunum Mánabrekku og Sólbrekku

Spennandi störf og mikil gróska í leikskólastarfinu á Nesinu

Í leikskólum Seltjarnarness:

- *er rekið metnaðarfullt uppeldis- og kennslustarf*
- *eru listgreinakennarar í listaskála*
- *eru tónmenntakennarar í tónlist*
- *eru verkefnisstjórar í tölvum*
- *er íþróttakennsla í íþróttahúsi bæjarins*
- *er öflug sérkennsla*
- *eru unnin þróunarverkefni í umhverfismennt og útikennslu og í SMT skólafærni*
- *eru góð leikföng og kennsluefni*
- *eru tölvur fyrir börnin á eldri deildum.*

Laun skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga við Félag leikskólakennara og Starfsmannafélag Seltjarnarness.

Sérstök athygli er vakin á því að Seltjarnarnesbær nýtir heimild kjarasamnings til greiðslu tímabundinna viðbótarlauna.

Nánari upplýsingar veita:
Guðbjörg Jónsdóttir leikskólastjóri Mánabrekku
í síma: 5959281og netfang: gudbjorgjo@seltjarnarnes.is.
Soffía Guðmundsdóttir leikskólastjóri Sólbrekku
í síma: 59595291 og netfang: soffia@seltjarnarnes.is.
Hrafnhildur Sigurðardóttir leikskólafulltrúi
í síma: 59595109 og netfang: hrafnhildur@seltjarnarnes.is

Kynnið ykkur leikskólana á heimasíðum þeirra:
www.seltjarnarnes.is/manabrekka og
www.seltjarnarnes.is/solbrekka

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa



512 50 50
Auglýsingasími
– Mest lesið

FASTEIGNIR RÍKISSJÓÐS

STJÓRNUN VIÐHALDSFRAMKVÆMDA

Fasteignir ríkissjóðs fara með umsýslu 220 fasteigna í eigu ríkisins um land allt. Í því felst útleiga húsnæðis, rekstur þess, viðhald og endurbætur.

Brunabótamat eignasafnsins er um 45 milljarðar og heildarstærð þess um 355 þús. m². Ársvelta er rúmir 2 milljarðar. Aðsetur er að Borgartúni 7 í Reykjavík en framkvæmdir eru einnig víða um land.

Fasteignir ríkissjóðs óska eftir að ráða verkefnastjóra viðhaldsframkvæmda. Starfið tekur til um þriðjungs eignasafnsins.

Starfssvið
- Meta ástand fasteigna með tilliti til viðhalds og nauðsynlegra endurbóta
- Gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana
- Vinna að undirbúningi og skipulagningu framkvæmda
- Eftirlit og stjórnun framkvæmda

Menntunar- og hæfniskröfur
- Byggingartæknifræði, byggingarfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi. Iðnmenntun er kostur
- Reynsla af stjórnun verklegra framkvæmda og framkvæmdaeftirliti
- Frumkvæði, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

RÍKISKAUP

VERKEFNASTJÓRI Á RÁÐGJAFARSVIÐ

Ríkiskaup er þjónustufyrirtæki í fremstu röð þar sem vilji er til að alltaf séu við störf vel þjálfaðir og hæfir starfsmenn sem sinna starfi sínu af fagmennsku, alúð og ánægju. Ríkiskaup eru eftirsóttur vinnustaður fyrir metnaðarfulla einstaklinga með menntun, reynslu og hæfni til að takast á við áhugaverð og krefjandi verkefni. Ríkiskaup gera gott fólk betra.

Ríkiskaup óska eftir að ráða verkefnastjóra í fullt starf á Ráðgjafarsvið. Starfið er í senn fjölbreytt, spennandi og krefjandi og felst m.a. í miklum samskiptum við viðskiptavini fyrirtækisins.

Meðal helstu verkefna eru
- Ráðgjöf og greining á þörfum og markmiðum fyrir útboð og innkaup
- Áætlana- og samningsgerð
- Verkefna- og samningsstjórnun
- Fræðsla og miðlun upplýsinga

Menntunar- og hæfniskröfur
- Krafist er háskólamenntunar, helst á sviði viðskipta eða tækni
- Krafist er 3 - 5 ára reynslu af sambærilegu starfi
- Þekking á innkaupum og reynsla af verkefnastjórnun er kostur

Við leitum að einstaklingi sem er agaður, sjálfstæður og nákvæmur í vinnubrögðum, sýnir frumkvæði og er fær um að tjá sig í ræðu og riti.
Starfsmaður þarf að geta hafi störf sem fyrst en launakjör eru samkvæmt samningum fjármálaráðuneytisins og viðkomandi stéttarfélags.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 2. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

SKIPULAGS- OG BYGGINGARFULLTRÚI

Sveitarfélagið Fjallabyggð er nyrst á Tröllaskaga og varð til við sameiningu Ólafsfjarðar og Siglufjarðar árið 2006. Þar búa um 2.400 manns. Bæirnir tveir eru afar fjölskylduvænir og þaðan er stutt í góða útivistarmöguleika jafnt að sumri sem vetri. Fjölbreytt þjónusta er í bæjunum og mannlíf gott og líflegt.

Skipulags- og byggingarfulltrúi starfar samkvæmt skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, byggingareglugerð 441/1998 og skipulagsreglugerð 400/1998. Skipulags- og byggingarfulltrúi á sæti í almannavarnanefnd.

Sveitarfélagið Fjallabyggð óskar eftir að ráða í stöðu skipulags- og byggingarfulltrúa.

Skipulags- og byggingarfulltrúi hefur umsjón með skipulagsgerð, gefur út framkvæmdaleyfi, að fengnu samþykki sveitarstjórnar, og annast eftirlit með því að framkvæmdir séu í samræmi við útgefin leyfi. Hann hefur auk þess yfirumsjón með umhverfismálum, gatnagerð, hreinlætismálum (sorphirða og sorpeyðing, hreinsun gatna, opinna svæða o.þ.h.), fráveitumálum, umferðar- og samgöngumálum, ferlimálum, skráningu fasteigna, lóða- og jarðamálum, búfjármálum og forðagæslu.

Skipulags- og byggingarfulltrúi er yfirmaður tæknideildar Fjallabyggðar og ber ábyrgð á rekstri hennar og þeirra stofnana sem undir hana heyra, s.s. áhaldahúsa og veitustofnana. Hann gerir starfs- og framkvæmdaáætlanir fyrir þá málaflokka sem undir hann heyra og vinnur með yfirstjórn sveitarfélagsins að fjárhagsáætlun varðandi þá.

Skipulags- og byggingarfulltrúi hefur yfirumsjón með framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins, gerð útboða og samninga og eftirlit þeirra. Hann hefur auk þess yfirumsjón með viðhaldi fasteigna sveitarfélagsins og annarra mannvirkja á vegum þess.

Laun samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Reynsla af stjórnun og/eða verkefnisstjórnun
- Góð þekking á skipulags-, bygginga- og umhverfismálum
- Færni í mannlegum samskiptum

Umsækjendur þurfa að uppfylla skilyrði 48. og 49. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997og greinar 2.7 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 2. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

SÖLU- OG MARKAÐSFULLTRÚI

Pósthúsið ehf. er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða-, bréfa- og vörudreifingar. Vörudreifing er mikilvægur þáttur í starfsemi Pósthússins ehf. en fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum sérhæfða þjónustu í vörudreifingu á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni þess.

Pósthúsið óskar eftir að ráða drífandi og árangursdrifinn sölufulltrúa í sölu-, markaðs- og gæðadeild. Viðkomandi kemur til með að vera lykilþátttakandi í velgengni og sókn félagsins.

Starfssvið
- Kynning og sala til nýrra viðskiptavina á þjónustu fyrirtækisins
- Samskipti við viðskiptavini
- Þátttaka í gæðamálum

Menntunar- og hæfniskröfur
- Reynsla af sölumennsku
- Viðskiptamenntun kostur
- Góð tölvukunnátta
- Metnaður og árangursdrifni
- Góðir samskiptahæfileikar

Gott tækifæri fyrir aðila sem er jákvæður og tilbúinn að taka þátt í uppbyggingu.

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 29. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

FRAMKVÆMDASTJÓRI
REKSTRARFÉLAGS SMÁRALINDAR

Smáralind er nútíma verslunarmiðstöð sem býður viðskiptavinum upp á þægilegt, bjart og aðlaðandi umhverfi og vingjarnlegt andrúmsloft. Sérstök áhersla er lögð á samspil verslunar og afþreyingar. Smáralind er stærsta bygging hér á landi. Á annasömustu dögum ársins heimsækja verslunar-miðstöðina um 40.000 gestir og þar starfa allt að 1.200 manns þegar mest er. Að auki er Smáralind einn stærsti auglýsandi á íslenskum markaði.

Undir framkvæmdastjóra heyrir daglegur rekstur fasteignar með megináherslu á stjórnun markaðsmála.

Starfssvið
- Daglegur rekstur
- Markaðsmál
- Gerð þjónustusamninga
- Samskipti við undirverktaka
- Stjórnun og stefnumótun

Menntunar- og hæfniskröfur
- Meistarapróf í viðskiptafræði af markaðssviði kostur
- Framúrskarandi samstarfshæfni
- Leiðtogahæfileikar
- Hugmyndaauðgi og drifkraftur
- Reynsla af stjórnunarstörfum

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 29. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

mentis HUGBÚNAÐUR

ERTU AÐ LEITA AÐ SPENNANDI STARFI?

VERKEFNISSTJÓRI
Leitað er eftir tæknilega leiðandi einstaklingi í starf verkefnisstjóra hjá Mentis. Viðkomandi mun vinna þétt með framkvæmdastjóra og hafa það hlutverk að móta og stýra þróunarverkefnum í hugbúnaðarþróunarhópi. Að auki snýst starfið um þátttöku í að skerpa á verkefnastjórnun og að innleiða vöruþróunarferla innan Mentis. Þekking og reynsla af hugbúnaðarþróun og verkefnastjórnun eru skilyrði og góð þekking á íslenskum fjármálamarkaði er kostur.

REKSTUR OG VIÐHALD UPPLÝSINGAKERFA
Leitað er eftir fólki með reynslu af hugbúnaðargerð til að sjá um rekstur og viðhald á upplýsingakerfum Mentis. Háskólamentun á sviði tölvunar- eða verkfræði eða starfsreynsla er nauðsynleg. Viðkomandi mun starfa að daglegum rekstri upplýsingakerfanna, lagfæringum og áframhaldandi þróun þeirra. Þekking og reynsla á Microsoft .NET, Oracle PL/SQL og MS SQLServer eru kostir en ekki skilyrði. Metnaður, sjálfstæð og öguð vinnubrögð og brennandi áhugi á öllu sem viðkemur hugbúnaðarþróun og tölvutækni eru skilyrði.

FORRITARAR
Leitað er eftir hugbúnaðarsérfræðingum með háskólagráðu í tölvunarfræði, verkfræði eða stærðfræði og a.m.k. 2-3 ára starfsreynslu. Þekking og reynsla af Microsoft .NET, Oracle PL/SQL og MS SQLServer eru kostir en ekki skilyrði. Metnaður, sjálfstæð og öguð vinnubrögð og brennandi áhugi á öllu sem viðkemur hugbúnaðarþróun og tölvutækni eru skilyrði.

STARFSMAÐUR Í PRÓFANADEILD
Leitað er eftir nákvæmum og vandasömum einstaklingi í prófanadeild Mentis sem hefur brennandi áhuga á öllu sem viðkemur hugbúnaðarþróun og tölvutækni. Háskólagráða í tölvunarfræði eða skyldum greinum kostur en ekki skilyrði og gott væri ef viðkomandi hefði a.m.k. 2-3 ára starfsreynslu.

GAGNAGRUNNSSÉRFRÆÐINGUR
Leitað er eftir sérfræðingi í Oracle og Microsoft SQLServer með a.m.k. 2-3 ára reynslu af gagnagrunnsvinnslum af ýmsu tagi. Einnig er æskilegt að viðkomandi sé með reynslu í bestun gagnagrunna (SQL tuning og þess háttar). Metnaður, sjálfstæð og fagleg vinnubrögð og brennandi áhugi á öllu sem við kemur hugbúnaðarþróun og tölvutækni eru skilyrði.

Mentis var stofnað 1999 og sérhæfir sig í þróun á hugbúnaði fyrir fagaðila á fjármálamarkaði. Í viðskiptavinahópnum eru nær eingöngu bankar, sparisjóðir, verðbréfafyrirtæki, fjármögnunarfyrirtæki, lífeyrissjóðir og önnur fyrirtæki og stofnanir sem tengjast fjármálamarkaði á Íslandi, í London og í Luxemborg. Starfsmenn Mentis vinna sjálfstætt og í hópi annarra sérfræðinga að vöruþróun, ráðgjöf og sérlausnum fyrir þessa kröfuhörðu viðskiptavini. Mentis býður upp á gott vinnuumhverfi og áhersla er lögð á að Mentis sé fjölskylduvænn vinnustaður. Nánari upplýsingar um Mentis er að finna á www.mentis.is.

Microsoft CERTIFIED Partner

Mentis hf | Borgartún 29 | 105 Reykjavík | Sími 570 7600 | info@mentis.is | www.mentis.is

Umsjón með störfunum hafa Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 27. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

BYKO - AKRANES

VERSLUNARSTJÓRI

■ STARFSSVIÐ VERSLUNARSTJÓRA

Daglegur rekstur verslunar • Starfsmannastjórnun • Tilboðsgerð og sala til viðskiptavina • Ábyrgð á vöruúrvali og vöruframsetningu

■ MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

Menntun eða reynsla á sviði rekstar- og/eða stjórnunar • Reynsla af verslunarstjórnun • Iðnmenntun eða þekking á byggingavörumarkaði er kostur • Jákvætt viðmót og þjónustulipurð • Góð hæfni í mannlegum samskiptum • Lipurð, gleði og drifkraftur til að ná árangri í starfi

Nánari upplýsingar veita:
Elfa, starfsþróunarstjóri BYKO hf, í símum 5154161 og 8214161 og með tölvupósti, elfa@byko.is

Umsóknir berist fyrir **mánudaginn 27. ágúst** til BYKO - Elfu B. Hreinsdóttur, Skemmuvegi 2, 200 Kópavogi eða með tölvupósti elfa@byko.is

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

ÍSAFJÖRÐUR-TÆKIFÆRI

Orkubú Vestfjarða óskar eftir að ráða metnaðarfulla og ábyrga starfsmenn í spennandi störf á fjármála- og rafveitusviði.

ORKUBÚ VESTFJARÐA ohf.

Orkubú Vestfjarða ohf. er hlutafélag að fullu í eigu íslenska ríkisins.

Orkubúið sinnir alhliða orkuvinnslu á Vestfjörðum ásamt dreifingu orkunnar til kaupenda orkunnar. Ennfremur selur Orkubúið orku til viðskiptavina sinna. Höfuðstöðvar Orkubúsins eru á Ísafirði, fjölskyldu og barnvænum kaupstað með úrvals skólum á öllum skólastigum, fullkomið sjúkrahús og góða heilsugæslu. Hjá fyrirtækinu starfa um 60 manns.

Starfsemi Orkubúsins er skipt í 3 svið, orkusvið, rafveitusvið og fjármálasvið, og er framkvæmdastjóri yfir hverju sviði.

Framkvæmdastjóri rafveitusviðs

- Háskólamenntun á raforkusviði, rafmagnsverkfræðingur eða rafmagnstæknifræðingur
- Leitað er eftir færni og reynslu af stjórnun og skipulagningu verka
- Færni í samskiptum skilyrði
- Næsti yfirmaður er orkubússtjóri

Sérfræðingur á rafveitusviði

- Háskólamenntun á raforkusviði, rafmagnsverkfræðingur eða rafmagnstæknifræðingur
- Leitað er eftir þekkingu á háspennubúnaði og liðavernd
- Færni í samskiptum skilyrði
- Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri rafveitusviðs

Sérfræðingur á fjármálasviði

- Alhliða störf á fjármálasviði
- Samskipti við samstarfsmenn og viðskiptavini
- Háskólamenntun á viðskiptasviði
- Færni í samskiptum skilyrði
- Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Orkubúið vill fjölga konum í störfum hjá fyrirtækinu. Konur sem og karlar eru því hvött til að sækja um ofangreind störf.

Umsjón með störfunum hafa Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Halla Björk Garðarsdóttir (halla.gardarsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 22. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Krefjandi sérfræðistarf í álveri

Dagleg skipulagning málmvinnslu og útflutnings

Við leitum að öflugum einstaklingi til að skipuleggja daglega framleiðslu og útflutning afurða í málmvinnsluferli Fjarðaáls. Rúmlega 100 manns munu starfa í málmvinnsluferlinu. Steypuskáli álversins við Reyðarfjörð verður meðal þeirra fullkomnustu í heiminum.

Málmblöndun fer fram í fjórum 100 tonna ofnum og framleiðslan verður um 940 tonn á sólarhring af hleifum, T-börrum, kubbum og vírum. Afurðirnar eru fluttar út til Evrópu og Norður-Ameríku í gegnum alþjóðlegt sölukerfi Alcoa.

Helstu verkþættir:

- Móttaka og afgreiðsla sölupantana ásamt viðeigandi samskiptum við söluskriftstofu Alcoa í Madríd. Unnið er í alþjóðlegu tölvukerfi sem er sameiginlegt fyrir verksmiðjur Alcoa.
- Dagleg skipulagning áltöku og málmvinnslu með það í huga að hámarka verðmætasköpun í samræmi við óskir viðskiptavina. Unnið er í töflukerfi nefndu ACES.
- Skipulagning útflutnings. Starfsmaður þarf að eiga náin samskipti við Eimskipafélag Íslands sem annast afurðalager og útskipun fyrir Fjarðaál.
- Þátttaka í stefnumótun, áætlanagerð, ferlaþróun og þjálfun starfsmanna.

Kröfur um menntun og hæfni:

- Verkfræði, viðskiptafræði, iðnfræði, rekstrarfræði eða annað framleiðslutengt nám.
- Góð tölvukunnátta og þekking á helstu forritum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta, í rit- og talmáli.
- Skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Sjálfstæði, frumkvæði, jákvæðni og vilji til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.
- Hæfni til að vinna í teymum og samkvæmt verkferlum.
- Samskipta- og leiðsagnarhæfileikar.

Kröfur um reynslu:

- Sambærileg störf þar sem reynt hefur á frumkvæði, nákvæmni og þjónustulund.

Umsóknarfrestur til 2. september.

capacent RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á þessu tækifæri ættir þú hiklaust að hafa samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur hjá Capacent, í síma 540 7117 eða á netfangið sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is eða skrá umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

ÍSLENSKA/SIA.IS ALC 38700 08/07

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál ALCOA

Framtíðartækifæri fyrir iðnaðarmenn

Hvað gerir Fjarðaál að góðum vinnustað fyrir metnaðarfulla raf- og véliðnaðarmenn?

Fjölbreytt tækifæri á spennandi vinnustað

Í hátæknivæddu álveri Fjarðaáls starfar metnaðarfullur hópur tæknimenntaðra sérfræðinga. Takmark Fjarðaáls er að verða í fremstu röð á heimsvísu í meðferð og viðhaldi tækja. Allir starfsmenn fyrirtækisins taka þátt í að tryggja áreiðanleika tækjanna og viðhaldi er stýrt í samræmi við raunverulegt ástand þeirra. Iðnaðarmenn vinna í teymum og verkefnin eru fjölbreytt. Áhersla er lögð á frumkvæði og stöðugar endurbætur. Tækifæri til símenntunar og starfsþróunar eru óvíða fleiri.

Góð laun fyrir vaktavinnu eða dagvinnu

Í boði eru vakta- og dagvinnustörf fyrir raf- og véliðnaðarmenn. Góðir möguleikar eru á aukavinnu og viðbótartekjum fyrir þá sem þess óska.

Laun útlærðra iðnaðarmanna miðað við 15% árangursávinning	Vaktavinna	Dagvinna
	15 tólf tíma vaktir í mánuði	40 stunda vinnuvika
Heildarárslaun	5,4 milljónir kr.	3,6 milljónir kr.
Mánaðarlaun	450 þúsund kr.	303 þúsund kr.
Meðaltímakaup	2.500 kr.	1.700 kr.

Öryggi og velferð starfsmanna ávallt í fyrirrúmi

Allt vinnufyrirkomulag miðast við að koma alfarið í veg fyrir vinnutengd slys og óþægindi. Iðjuþjálfi leiðbeinir um rétta líkamsbeitingu og nuddari heimsækir vinnustaðinn tvisvar í viku. Starfsmenn Fjarðaáls hafa aðgang að öflugri velferðarþjónustu sem nær meðal annars til læknisþjónustu og ráðgjafar á ýmsum sviðum. Starfsmenn fá hollar og góðar máltíðir í glæsilegu mötuneyti. Fjarðaál greiðir hverjum starfsmanni 12.000 kr. líkamsræktarstyrk árlega og leigir íþróttatíma í Fjarðabyggðarhöllinni. Boðið er upp á rútuferðir frá Reyðarfirði, Eskifirði, Norðfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Egilsstöðum. Fyrirtækið útvegar og þvær allan vinnufatnað starfsmönnum að kostnaðarlausu.

Kostnaðarlaus og auðveldur flutningur inn á svæðið

Þurfi starfsmaður að flytja inn á svæðið úr meira en 100 km fjarlægð frá vinnustaðnum greiðir Fjarðaál kostnað við kaup og sölu fasteigna, svo sem sölulaun, lántökugjald og stimpilgjöld. Fyrirtækið sér um að pakka búslóð, flytja hana og koma fyrir á nýju heimili. Með fyrsta launaseðlinum fær starfsmaður 200.000 kr. greiðslu til að koma sér fyrir á svæðinu. Fyrirtækið aðstoðar einnig nýja íbúa á svæðinu við að leigja húsnæði. Starfsmenn fá flugmiða með Flugfélagi Íslands á hagstæðum kjörum.

ÍSLENSKA SIA.IS ALC 38702 08.2007

capacent RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á þessu tækifæri ættir þú hiklaust að hafa samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur hjá Capacent, í síma 540 7117 eða á netfangið sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is eða skrá umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál ALCOA

Cieśla

565085

Przedsiębiorstwo wykonawcze poszukuje cieśli, stolarza z uprawnieniami.

- Zakres obowiązków - pomiary, szalunki, prace wewnątrz.
- Czas pracy - wszystkie dni robocze od 07:30 do 17:30 oraz w co drugą sobotę od 07:30 do 17:00 z możliwością nadgodzin.
Poszukiwane są osoby które mogą podjąć pracę od zaraz.

Kandydaci powinni znać język angielski lub islandzki.

Rejestracja i informacje na stronie internetowej www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is ATVINNUMIÐLUN

Smiður

565085

Traust verktakafyrirtæki óskar eftir að ráða lærðan smið til starfa.

- Starfið felur í sér mælingar, móta- og innivinnu. Mjög góð verkefnastaða framundan.
- Vinnutími er alla virka daga frá kl. 07:30-17:30 með tilfallandi yfirvinnu. Einnig er unnið annan hvern laugardag frá kl. 07:30-17:00. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is ATVINNUMIÐLUN

EININGAVERKSMIÐJAN

Vantar smiði og sendil

Einingaverksmiðjuna ehf vantar sendil og starfsmann á steypustöð nú þegar
Ört vaxandi fyrirtæki á góðum stað.

Tekið verður við umsóknum hjá Helgu í síma 587-7770 frá kl. 9 - 16 eða á email: helga@ev.is

Reykjavíkurborg
Borgarskjalasafn

Deildarstjóri

Borgarskjalasafn Reykjavíkur óskar eftir að ráða deildarstjóra skjalastjórnardeildar safnins.

Helstu verkefni:
- Leiðbeiningar og eftirlit með skjalastjórn borgarstofnana, skráning skjala, vinna við sýningar og önnur almenn störf.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf í sagnfræði, bókasafns- og upplýsingafræði eða önnur sambærileg menntun.
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Góð íslenskukunnátta og tölvufærni.
- Reynsla af skjalastjórn æskileg, en ekki skilyrði.

Um er að ræða fullt framtíðarstarf. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Upplýsingar veita Svanhildur Bogadóttir, borgarskjalavörður í síma 563-1770. Skriflegum umsóknum skal skila til Borgarskjalasafns Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík eða sendast á netfangið svanhildur.bogadottir@reykjavik.is . Umsóknarfrestur er til 31. ágúst nk.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Intrum á Íslandi óskar eftir að ráða í eftirfarandi stöður á skrifstofum sínum á Egilsstöðum og Reyðarfirði.

Þjónustufulltrúi – Reyðarfjörður

Við leitum að áreiðanlegum og samviskusömum starfsmanni sem hefur ríka þjónustulund, er nákvæmur í starfi og með framúrskarandi samskiptahæfileika. Starfið felst í almennri vinnslu innheimtumála á milliinnheimtu- og lögfræðistigi. Meðal verkefna eru afgreiðsla og upplýsingagjöf til greiðenda, símsvörun, hringingar í greiðendur, gerð samninga og greiðslusamkomulaga auk ýmissar skjala- og tölvuvinnslu. Góð tölvu- og íslenskukunnátta skilyrði og reynsla af skrifstofu- og bankastörfum kostur.

Lögfræðingur / Lögmaður – Austurland

Við leitum að öflugum lögfræðingi til að taka þátt í uppbyggingu skrifstofanna á Egilsstöðum og Reyðarfirði. Meðal verkefna eru lögfræðileg ráðgjöf og málflutningur, ábyrgð á mætingum í héraðsdóma, umsjón og ábyrgð á fullnustugerðum og samskipti við mætingaraðila. Við leitum eftir ákveðnum og drífandi einstaklingi sem er metnaðarfullur og sjálfstæður í starfi og býr yfir góðum samskipahæfileikum.

Intrum á Íslandi er hluti alþjóðlega innheimtufyrirtækisins Intrum Justitia, sem er leiðandi fyrirtæki í Evrópu á sviði markvissrar stýringar viðskiptakrafna (Credit Management Services). Á heimsvísu meðhöndlar Intrum milljónir mála á hverju ári fyrir fyrirtæki og stofnanir. Um 3000 starfsmenn vinna hjá Intrum í 22 Evrópulöndum, en jafnframt hefur fyrirtækið yfir 120 umboðsskrifstofur víða um heim. Hjá Intrum á Íslandi starfa yfir 150 starfsmenn á 12 skrifstofum Intrum um land allt. Intrum býður fyrirtækjum og stofnunum upp á heildarlausnir á sviði innheimtumála.

Nánari upplýsingar veitir Sigurbjörg D. Hjaltadóttir, ráðningarstjóri Intrum á Íslandi í síma 440 7122.
Vinsamlegast sækið um á heimasíðu **www.intrum.is**.
Umsóknarfrestur er til **30. ágúst 2007**.
Með allar umsóknir verður farið sem trúnaðarmál.
Ráðið verður í störfin sem fyrst.

intrum justitia
VIÐ KOMUM HREYFINGU Á PENINGANA

kaktus INT 0807-03

Foldaskóli

Frá Foldaskóla

Óskum eftir að ráða skólaliða í ræstingu og gæslu, m.a. í íþróttahús (karl og konu). Einnig til ræstinga síðdegis og kvöldin (tilvalið fyrir skólafólk).

Nánari upplýsingar hjá umsjónarmanni skóla, Jóni Gunnari Harðarsyni í síma 664 8182 og 540 7600.

Frostverk

Spennandi framtíðarvinna Í alþjóðasamkeppni Járniðnaðarmenn - Trésmiðir

Viljum ráða starfsmenn til starfa sem hafa áhuga og getu til að smíða afgreiðsluinnréttingar úr stáli - tré í góðum gæðaflokki.
Aðeins koma til greina menn/konur sem geta unnið sjálfstætt og sýnt fagmennsku í vinnubrögðum og afköstum.
Og þá eru góð laun í boði fyrir réttu manneskjuna.

Einnig vantar okkur starfskraft í útkeyrslu- og lagerstarf sem hefði áhuga á að læra að smíða og taka þátt í spennandi starfsumhverfi.

Áhugasamir hafi samband við verkstjóra í síma 892-9466 eða 565-7799

Rafiðnaðarmenn

RARIK óskar eftir rafiðnaðarmönnum í vinnuflokk Rekstrar- og þjónustusviðs fyrirtækisins á Suðurlandi. Hér er um fjölbreytt störf að ræða við nýbyggingar, breytingar og viðhald á dreifikerfi fyrirtækisins, aðallega í Árnessýslu.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfsvið:
- Almenn störf við dreifikerfi fyrirtækisins

Hæfniskröfur:
- Sveinspróf í rafiðnaði
- Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af rafveitustörfum

Nánari upplýsingar veita svæðisstjóri Rekstrar- og þjónustusviðs á Suðurlandi, Sturla Guðmundsson og starfsmannastjóri í síma 528 9000.

Vinsamlegast sendið skriflegar umsóknir til starfsmannaþjónustu fyrirtækisins fyrir 29. ágúst n.k.

RARIK

RARIK ohf. Bíldshöfða 9, 110 Rvk
Sími 528 9000 • www.rarik.is

Laus störf hjá Marel



Marel ehf er dótturfélag Marel Food Systems sem er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa yfir 2100 starfsmenn í 5 heimsálfum, þar af um 370 manns á Íslandi

Hvernig vinnum við í framleiðslu Marel?

Í framleiðslu Marel ehf er unnið í sellum eða litlum, sjálfstæðum liðum. Sellan ber ábyrgð á að uppfylla kröfur og væntingar viðskiptavina um gæðavöru, pökkun og útskipun búnaðar á afhendingardegi. Í sellunni er lögð er áhersla á að fólk vinni sjálfstætt og að því sé treyst fyrir sínu vinnusviði. Góð samvinna og liðsandi skipta miklu máli. Við leggjum einnig áherslu á símenntun.

Okkur vantar starfsfólk í framleiðslu:

- **Laghent fólk**

Við leitum að fólki sem er laghent og tilbúið að læra. Um er að ræða störf í snyrtilegu starfsumhverfi við samsetningu á tækjum og búnaði. Við veitum góða þjálfun og leitum að áhugasömum einstaklingum sem vilja vinna á fjölbreyttum og góðum vinnustað.

- **Rafvirkjar**

Rafvirkjar sinna fjölbreyttum og krefjandi verkefnum við frágang rafbúnaðar fyrir framleiðsluvörur Marel. Þeir sjá einnig um stillingu og prófun tækja og búnaðar.

- **Málmiðnaðarmenn**

Málmiðnaðarmenn vinna við smíði úr ryðfríu stáli, samsetningu og frágang tækja og búnaðar. Við leitum að áhugasömum og hæfileikaríkum málm - iðnaðarmönnum og veitum þjálfun í smíði samkvæmt gæðakröfum Marel.

Störfin henta jafnt konum sem körlum.

Umsóknarfrestur er til 22. ágúst. Vinsamlegast sækið um á heimasíðu Marel, www.marel.is. Nánari upplýsingar veitir Hörður Valgeirsson, framleiðslustýringu, í síma 563 8000, hordurv@marel.is.

Hvað segir starfsfólkið?

„Manni er treyst til að gera hlutina"

- Sjálfstæð vinnubrögð
- Fjölbreytt verkefni
- Sveigjanleiki í vinnutíma

„Þú færð ekki betri vinnuaðstöðu"

- Snyrtilegt og öruggt
- Gott mötuneyti
- Barnaherbergi

„Ég nota íþróttaaðstöðuna mikið"

- Heilsuvernd í fyrirrúmi og íþróttastyrkir
- Tveir íþróttasalir, tækjasalur, Boot Camp, skvass, hlaupahópur og yoga

„Góður starfsandi og góðir vinnufélagar"

- Virkt félagslíf
- Öflugt starfsmannafélag
- Þrjú sumarhús

RETURN ON INNOVATION
www.marelfoodsystems.com

marel food systems

Íbúðalánasjóður

Tilgangur Íbúðalánasjóðs er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks á að eignast og leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Sviðsstjóri fjármálasviðs

Íbúðalánasjóður óskar eftir að ráða sviðsstjóra fjármálasviðs.

Starfssvið

- Framfylgir fjár- og áhættustýringarstefnu sjóðsins
- Tekur ákvarðanir um lausafjárstýringu og útboð
- Á samskipti og semur við innlenda og erlenda aðila á fjármálamarkaði
- Annast daglega stjórnun sviðsins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta, hagfræði og/eða verkfræði
- Þekking og reynsla af störfum á fjármálamarkaði er skilyrði
- Öguð vinnubrögð og metnaður til að sýna árangur í starfi
- Lipurð í samskiptum og gott sjálfstraust

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs.

Umsóknir óskast sendar til Ástu H. Bragadóttur, starfsmannastjóra Íbúðalánasjóðs á netfangið astab@ils.is eða í bréfpósti í Borgartún 21, 105 Reykjavík, merkt starfsmannastjóra.

Umsóknarfrestur er til og með 2. september næstkomandi.

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969, fax: 569 6800

Melabúðin – Þín verslun

Heilsdags / hlutastörf

Melabúðin óskar eftir fólki til heilsdags og hlutastarfa.
Um er að ræða almenn afgreiðslustörf, áfyllingar, afgreiðslu í kjötdeild sem og afgreiðslu á kössum

Nánari upplýsingar veitir verslunarstjóri.
Melabúðin - Þín Verslun, Hagamel 39, sími 551 0224.
melabudin@thinverslun.is

ARTICA

ESTĒE LAUDER
CLINIQUE
LA MER
MAC
ORIGINS
aramis
BOBBI BROWN

BOBBI BROWN

Bobbi Brown hristi upp í snyrtivöruiðnaðinum þegar hún setti varalitina sína á markaðinn árið 1991 og hefur hún síðan þá verið leiðandi í förðunarvörum og vörur hennar fáanlegar í helstu borgum heims.

Í haust verða Bobbi Brown förðunar- og snyrtivörurnar fáanlegar á Íslandi.

Við leitum að áhugasömum einstaklingum til að vinna með og selja Bobbi Brown snyrtivörur.

Ef þú ert með
- menntun og kunnáttu í förðun,
- þjónustulund,
- söluhæfileika
- skipulagshæfni og hugmyndaríki

þá sendu inn umsókn ásamt mynd fyrir 1. september 2007 til:
Artica ehf
Hlíðarsmára 9
201 Kópavogur
eða á netfangið eva@artica.is

Í 20 ár hefur Artica ehf verið leiðandi fyrirtæki í sölu og markaðsmálum á snyrtivörum á Íslandi.

Artica ehf. • Hlíðasmári 9 • 201 Kópavogur • Sími: 564 6222 • Fax: 564 6223 • artica@artica.is

Ráðgjafa- og þjónustuver á sölu- og markaðssviði Landsbankans

Landsbankinn er eitt stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Landsbankinn leitast við að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk og efla það í störfum sínum.

Til að stuðla að vexti og arðsemi bankans er áhersla lögð á skemmtilegan vinnustað, starfsánægju og gott starfsumhverfi, sem og markvissa starfsþróun og þekkingu starfsfólks.

Það er viðhorf stjórnenda Landsbankans að starfsfólkið, metnaður þess, kraftur og hollusta, séu lykillinn að farsælum rekstri bankans.

Vegna aukinna umsvifa í einstaklingsviðskiptum leitum við að metnaðarfullu og árangursdrifnu starfsfólki í ráðgjafa- og þjónustuver bankans. Í boði er tækifæri til að taka þátt í spennandi uppbyggingarstarfi deildarinnar sem staðsett er í höfuðstöðvum bankans í Austurstræti.

Helstu verkefni deildarinnar lúta að þjónustu við viðskiptavini sem eiga viðskipti sín í gegnum síma. Leitað er að einstaklingum í fullt starf með möguleika á sveigjanlegum vinnutíma en ráðgjafa- og þjónustuverið er opið kl. 8:00 – 21:00 virka daga og kl. 11:00 – 16:00 laugardaga.

Starfssvið:

- Ráðgjöf á sviði einstaklingsþjónustu
- Öll almenn þjónusta við viðskiptavini bankans
- Upplýsingagjöf um verðbréfa- og lífeyrisvörur bankans
- Frumkvæði að því að bjóða viðskiptavinum vörur og þjónustu bankans
- Ýmis önnur verkefni sem tilheyra þjónustu við einstaklinga

Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og metnaður til að ná árangri
- Þjónustulund og vilji til að uppfylla þarfir viðskiptavina
- Nákvæmni og geta til að starfa undir álagi
- Háskólamenntun og/eða reynsla af bankastörfum er kostur

Nánari upplýsingar veita Lilja Birgisdóttir deildarstjóri í ráðgjafa- og þjónustuveri í síma 410 7187 og Berglind Ingvarsdóttir á starfsmannasviði í síma 410 7914.

Umsóknir fyllist út og sendist ásamt fylgigögnum á www.landsbanki.is fyrir 28. ágúst nk.

Landsbankinn

ÍSLENSKA SÍA.IS / LBI 38665 08/07

Upplýsingatæknisvið-rekstur

Landsbankinn er eitt stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Landsbankinn leitast við að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk og efla það í störfum sínum.

Til að stuðla að vexti og arðsemi bankans er áhersla lögð á skemmtilegan vinnustað, starfsánægju og gott starfsumhverfi, sem og markvissa starfsþróun og þekkingu starfsfólks.

Það er viðhorf stjórnenda Landsbankans að starfsfólkið, metnaður þess, kraftur og hollusta, séu lykillinn að farsælum rekstri bankans.

Vegna sívaxandi umsvifa óskum við eftir metnaðarfullum og árangursdrifnum einstaklingum til liðs við okkur í rekstrardeild upplýsingatæknisviðs Landsbankans. Helstu verkefni deildarinnar lúta m.a. að uppbyggingu á erlendri starfsemi og endurbótum á ferlum og rekstrarumhverfi, í samræmi við alþjóðlega staðla.

Við leggjum áherslu á að hafa í okkar röðum framúrskarandi starfsfólk og viðhalda kunnáttu þess og færni, skapa og viðhalda þannig rekstrarumhverfi af hæsta gæðaflokki. Lögð er áhersla á frumkvæði og árangur sem og starfsumhverfi sem einkennist af frábærum starfsanda og ánægju í starfi.

Notendaþjónusta

Starfssvið:

- Þjónusta við starfsmenn vegna daglegrar notkunar tölvubúnaðs
- Uppsetning forrita á útstöðvum
- Dagleg umsjón verkefna í notendaþjónustu
- Greining rekstrarvandamála á útstöðvum

Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Mjög góð almenn tölvukunnátta, menntun á sviði upplýsingatækni er kostur
- Fagleg og öguð vinnubrögð – þjónustulund, umburðarlyndi og þolinmæði
- Reynsla úr rekstrarumhverfi banka er æskileg sem og góð tungumálakunnátta

Rekstur gagnagrunna

Starfssvið:

- Daglegur rekstur Oracle og MS SQL gagnagrunna
- Þjónusta við þróunardeildir varðandi rekstrarumhverfi gagnagrunna
- Tryggja aðgengi og vöktun gagnagrunna í 24x7 rekstrarumhverfi
- Aðkoma að almennri þróun rekstrarumhverfis

Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Mjög góð þekking og reynsla af rekstri Oracle og SQL Server, tuning/optimizing og monitoring
- Fagleg, markviss og öguð vinnubrögð

Rekstur miðlara, gagnageymslna, net- og fjarskiptabúnaðar

Starfssvið:

- Daglegur rekstur miðlaraumhverfis og gagnageymslna
- Þjónusta við þróunardeildir vegna rekstrarumhverfis
- Tryggja aðgengi og vöktun kerfa í 24x7 rekstrarumhverfi
- Aðkoma að almennri þróun rekstrarumhverfis

Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Haldgóð reynsla af rekstri flókinna upplýsingatæknikerfa
- Fagleg, markviss og öguð vinnubrögð
- Þekking og reynsla af einu eða fleiru af eftirtöldu: Windows Server, AIX, SAN, WM Ware, Exchange, Share Point, Biz Talk, SMS, Cisco netbúnaður, öryggismál netumhverfis

Innri þjónustur og ferlar

Starfssvið:

- Þátttaka í uppbyggingu og þróun markvissra ferla til að meðhöndla rekstrarfrávik, vandamál og breytingar
- Vinna að úrlausnum samkvæmt ofangreindum ferlum

Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Þekking og reynsla af rekstrarumhverfi flókinna tölvukerfa
- Skipulagshæfileikar og öguð vinnubrögð
- Þekking og reynsla af einu eða fleiru af eftirtöldu: Service Management/ITIL (Configuration-, incident-, problem- og change management), öryggismál almennt (ISO 17700/27001)

Nánari upplýsingar veita Ragnar Sævarsson forstöðumaður á upplýsingatæknisviði í síma 410 6577 eða með því að senda tölvupóst á ragnar.saevarsson@landsbanki.is og Berglind Ingvarsdóttir á starfsmannasviði í síma 410 7914.

Umsóknir fyllist út og sendist ásamt fylgigögnum á www.landsbanki.is fyrir 28. ágúst nk.

Landsbankinn

ÍSLENSKA SIA.IS / LBI 38685 08/07

Fjármálastjóri

Öflugt byggingarfyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir fjármálastjóra.

Hjá fyrirtækinu starfa um 80 manns að fjölbreyttum verkefnum heima og erlendis fyrir stóran og traustan hóp viðskiptavina.

Starfssvið
- Umsjón fjármála í samstarfi við framkvæmdastjóra
- Umsjón inn- og útgreiðslna
- Fjármögnun verkefna
- Samskipti við banka
- Samningagerð og innheimta
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur
- Menntun á sviði viðskiptafræða eða sambærilegt
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Góð enskukunnátta
- Góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæði og metnaður til að ná langt í starfi

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 28. ágúst nk.

Upplýsingar veita
Rannveig J. Haraldsdóttir
og Inga S. Arnardóttir
Netföng: rannveig@hagvangur.is
og inga@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Pípulagningameistari

Stafnás ehf.

StafnÁs var stofnað sem einkahlutafélag árið 2003 upp úr starfsemi Verkfræðistofu FHG ehf. sem hefur verið rekin síðan 1992. Fyrsta verkefni félagsins var bygging 2.100 m² fjölbýlishúss að Þorláksgeisla 17. Nú er félagið m.a. að byggja 54 íbúða fjölbýlishús að Vindakór 2-8 í Kópavogi. Jafnframt er félagið að byggja fjölda íbúða í Kaupmannahöfn. Hjá StafnÁs starfa í dag, í Reykjavík og Kaupmannahöfn, um 100 manns.

Sjá nánar á www.stafnas.is

StafnÁs ehf. óskar eftir pípulagningameistara til að veita pípulagningadeild forstöðu.

Í deildinni starfa nú tíu manns og mun meistarinn hafa yfirumsjón með hverju verkefni fyrir sig, annast stjórnun og skipulagningu. Hann ber jafnframt faglega ábyrgð á verkum sem og á minniháttar innkaupum.

Hæfniskröfur:
- Meistarapróf í pípulögnum
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð enskukunnátta

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 28. ágúst nk.

Upplýsingar veita Rannveig J. Haraldsdóttir og Inga S. Arnardóttir.
Netföng: rannveig@hagvangur.is og inga@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Neyðarverðir Reykjavík og Akureyri

112 EINN EINN TVEIR

Neyðarlínan var stofnuð árið 1995. Þar vinna 35 starfsmenn sem hafa allir hlotið mikla þjálfun og sérhæfingu. Í samanburði við önnur lönd er Neyðarlínan í fremstu röð á sviði neyðarsímsvörunar og þjónustu.

Í boði er krefjandi og ábyrgðarmikið starf í traustu vinnuumhverfi.

www.112.is

Neyðarlínan óskar eftir að ráða neyðarverði til starfa í Reykjavík og á Akureyri.

Neyðarverðir annast símsvörun í neyðarnúmerinu 112. Þeir annast einnig símsvörun í neyðarnúmerum fyrir ýmsa þjónustuaðila. Unnið er á vöktum í sveigjanlegu vaktakerfi. Störf neyðarvarða henta jafnt konum sem körlum.

Hæfniskröfur
Umsækjendur þurfa að hafa:
- stúdentspróf eða sambærilega menntun, háskólamenntun er æskileg
- góða almenna tölvukunnáttu og góðan innsláttarhraða
- góða enskukunnáttu, talað og skrifað mál
- góðan skilning á dönsku eða öðru Norðurlandamáli
- almenna þekkingu á landinu
- hreint sakavottorð

Persónulegir eiginleikar
Umsækjendur þurfa að:
- eiga gott með að halda einbeitingu undir álagi
- hafa frumkvæði, sjálfstæði og áræðni í starfi
- hafa góða samstarfshæfileika og hæfni í mannlegum samskiptum
- hafa góða greiningarhæfni
- hafa þjónustulund og sveigjanleika

Viðtöl munu fara fram í Reykjavík og á Akureyri.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 27. ágúst nk.
Upplýsingar veita Albert Arnarson og Arna Pálsdóttir.
Netföng: albert@hagvangur.is og arna@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Vantar ömmu

Fjölskyldu í Kópavogi vantar barngóða konu "ömmu" til aðstoða með tvö börn. 5 ára strák og 9 ára stelpu.
Um er að ræða vinnutíma frá 14:00- 18:00 2 svar í viku.

Þeir sem hafa áhuga hafi samband við Elínu í síma 856-6117 eða Árna 664-8729.

Garðyrkjufræðingur óskast

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) óska eftir að ráða garðyrkjufræðing til starfa. Viðkomandi þarf að hafa lokið námi frá garðyrkjuskóla, helst af skrúðgarðyrkjubraut. Verkefnin felast í almennum garðyrkjustörfum og verkstjórn.

Ráðið verður í starfið frá og með 1. október n.k., eða eftir samkomulagi. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi KGRP og Samiðnar f.h. aðildarfélaga þess.

Skriflegar umsóknir skal senda til KGRP, Vesturhlíð 8, 105 Reykjavík, fyrir 29. ágúst n.k.merktar: „Garðyrkjufræðingur".

Nánari upplýsingar um starfið veitir garðyrkjustjóri KGRP í síma 585-2700 eða 897-2472

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

GLÓFI VARMA of Iceland

Glófi ehf. óskar eftir að ráða Sölustjóra/sölumann

Leitað er að einstaklingi með áhuga á fataiðnaði ásamt reynslu af sölu- og markaðssetningu á þeim vettvangi.

Markmið starfsins:
Sjá um, skipuleggja, stýra og framfylgja sölustarfi fyrirtækisins með það að leiðarljósi að ná sem bestum árangri hvað varðar nýtingu á framleiðslugetu og samsetningu á framleiðsluvörum þess á hverjum tíma..

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Sjá um og þróa stefnu fyrirtækisins á svið sölumála.
- Sjá um söluna og samskipti við viðskiptavini fyrirtækisins og efla tengsl við þá.
- Afla nýrra viðskiptavina.
- Áætlana- og skýrslugerð er tengist sölumálum fyrirtækisins.
- Sýna frumkvæði í uppbyggingu og þróun sölustarfs fyrirtækisins.
- Þjónusta viðskiptavini okkar eins og best verður á kosið.

Menntun og reynsla sem starfið kallar á:
- Menntun og/eða reynsla á svið markaðsmála.
- Stjórnunarhæfileikar og áhugi á ullar- og fataiðnaði.
- Tungumálakunnátta; enska og eitt norðurlandamál í það minnsta.
- Tölvukunnátta og einhver reynsla í notkun Excel líkana.
- Góðir samskiptahæfileikar gagnvart samstarfsfólki og viðskiptavinum.

Umsóknir leggist inná/sendist afgreiðslu Fréttablaðsins eða á e-mail box@frett.is, merktar "Glófi" fyrir 28 ágúst n.k.

Glófi ehf. framleiðir hágæða ullaravörur, einkum úr íslenskri ull, bæði flíkur og smávörur svo sem sokka, vettlinga, trefla, húfur og ýmsar mokkavörur úr íslensku lambskinni, undir vörumerkinu Varma. Þá selur Glófi teppi undir vörumerkjunum Álafoss og Álafoss Interior. Glófi hefur í gegnum árin verið þekkt fyrir að vera leiðandi í þróun á prjónavöru á Íslandi.
Fyrirtækið er með þrjár starfsstöðvar; framleiðslu á Akureyri og Hvolsvelli og skrifstofu og dreifingu í Kópavogi. Alls starfa hjá fyrirtækinu um 25 manns.

Tæknimenn - sölustarf

SECURITAS

Hjá Securitas starfa um 400 manns og er fyrirtækið eitt af stærstu fyrirtækjum landsins. Höfuðstöðvar Securitas eru í Reykjavík og Stjórnstöð Securitas er á Neyðarlínunni 112. Einnig er Securitas með starfsemi á Akureyri, í Borgarnesi, á Selfossi og Austfjörðum. Á markaðs- og sölusviði starfa um 30 sölumenn.

www.securitas.is

Vegna aukinna umsvifa óskar markaðs- og sölusvið Securitas eftir jákvæðum og duglegum starfsmanni.

Starfið felur í sér:
- Sölu á tæknivörum Securitas, svo sem myndeftirlitskerfum, aðgangsstýrikerfum og brunaviðvörunarkerfum.
- Að viðhalda viðskiptatengslum og afla nýrra.
- Þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina.

Hæfniskröfur:
- Tæknimenntun, rafvirkjun, rafeindavirkjun, iðnfræði.
- Góðir söluhæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði.

Í boði er spennandi starf hjá ört vaxandi fyrirtæki. Samkeppnishæf laun fyrir réttan aðila.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 27. ágúst nk. Númer starfs er **6946**.

Upplýsingar um starfið veitir Elísabet S. Arndal.
Netfang: elisabetsa@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Markaðs- og sölusvið Securitas

SECURITAS

Hjá Securitas starfa um 400 manns og er fyrirtækið eitt af stærstu fyrirtækjum landsins. Höfuðstöðvar Securitas eru í Reykjavík og Stjórnstöð Securitas er á Neyðarlínunni 112. Einnig er Securitas með starfsemi á Akureyri, í Borgarnesi, á Selfossi og Austfjörðum.

www.securitas.is

Vegna aukinna umsvifa leitar Securitas að öflugu starfsfólki.

Securitas óskar að ráða öflugt fólk af báðum kynjum til starfa á markaðs- og sölusviði. Á sviðinu starfa um 30 manns sem sinna sölu bæði til einstaklinga og fyrirtækja. Markaðsgreining og markaðsstörf eru öflug og allur aðbúnaður, til að ná miklum árangri, er til fyrirmyndar.

Ef þú:
- Hefur metnað og vilt ná árangri fyrir þig og fyrirtækið.
- Ert með jákvætt og skemmtilegt viðmót.
- Býrð jafnvel yfir reynslu af sölustörfum.

Þá býðst þér:
- Áhugavert og krefjandi starf.
- Traustur vinnustaður.
- Góð starfsskilyrði og frábær vinnuandi.
- Samkeppnishæf laun.

Störfin felast í sölu á vörum og þjónustu Securitas. Starfið hentar konum ekki síður en körlum og eru þær hvattar til að sækja um.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 27. ágúst nk. Númer starfs er **6947**.

Upplýsingar um starfið veitir Elísabet S. Arndal.
Netfang: elisabetsa@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Starf sérfræðings við verklegar framkvæmdir

iceida

Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir utanríkisráðuneytið. Hún var stofnuð með lögum árið 1981 og er ætlað að vinna að tvíhliða samstarfi Íslands við þróunarlönd. Áhersla er lögð á samvinnu við þau lönd þar sem lífskjörin eru lökust og er aðstoðin einkum veitt á þeim sviðum þar sem Íslendingar búa yfir sérstakri þekkingu og reynslu.

www. iceida.is

Þróunarsamvinnustofnun óskar eftir að ráða vanan stjórnanda til að starfa að verkefnum sem tengjast vatns- og hreinlætismálum í Malaví.

Framkvæmdir eru unnar af verktökum í landinu skv. útboði og verkteikningum. Starfsmaðurinn mun hafa umsjón og eftirlit með verklegum framkvæmdum og fjármálum og eftir aðstæðum greiðslu reikninga og bókhaldi.

Ráðið verður til tveggja ára og þarf viðkomandi starfsmaður að geta hafið störf í nóvember 2007.

Mögulegt er að verksvið sérfræðings breytist um mitt fyrsta starfsár og teljist þar með starf verkefnastjóra.

Laun eru greidd skv. taxta UNDP.

Hæfniskröfur
- Menntun sem nýtist í tilgreindu starfi
- Mjög góð enskukunnátta
- Reynsla af stjórnun verklegra framkvæmda
- Reynsla af sambærilegum verkefnum er kostur
- Reynsla af stjórnun fjármála er kostur
- Þekking á þróunarmálum/og eða reynsla af störfum í þróunarlandi er kostur
- Góð aðlögunarhæfni og hæfni í mannlegum samskiptum er mikilvæg

Vegna aðstæðna er nauðsynlegt að viðkomandi búi við Malavívatn en sú búseta hentar ekki þeim sem hafa á framfæri sínu börn á skólaskyldualdri.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 17. september.
Öllum umsækjendum verður svarað þegar ráðið hefur verið í starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veita Albert Arnarson og Elísabet Sverrisdóttir hjá Hagvangi.
Netföng: albert@hagvangur.is og elisabet@hagvangur.is

Umsækjendur geta séð svör við öllum fyrirspurnum á heimasíðu Hagvangs.

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Reykjavíkurborg
Menningarmiðstöðin Gerðuberg

Umsjónarmaður húsnæðis- og tæknimála

óskast til starfa sem fyrst í Menningarmiðstöðina Gerðuberg.

Starfssvið:
Umsjón með húsnæðis- og tæknimálum í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi í því felst m.a. skipulag á vöktum og vinnu við hús- og öryggisvörslu. Aðstoð og ráðgjöf við uppsetningu sýninga ásamt umsjón og eftirliti með þeim að uppsetningu lokinni.

Hæfniskröfur:
- Iðnmenntun, stúdentspróf eða sambærileg menntun og a.m.k. 3ja ára starfsreynsla sem nýtist í starfi.
- Mjög góð tölvu- og tæknikunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, vandvirkni og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Stundvísi, reglusemi og snyrtimennska

Sjá upplýsingar um starfsemi Gerðubergs á www.gerduberg.is

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Vinsamlegast sendið skriflegar umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf:
Menningarmiðstöðin Gerðuberg, bt. Elísabet B. Þórisdóttir, framkvæmdastjóri, Gerðubergi 3-5, 111 Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Elísabet B. Þórisdóttir
netfang: elisabet.thorisdottir@reykjavik.is, s. 575 7717

Umsóknarfrestur er til 3. september 2007.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Vélaborg ehf.

Þjónustumenn fyrir vinnuvélar, vörubíla og lyftara

Vegna aukinna umsvifa er Vélaborg að leita að starfsmönnum í eftirfarandi störf:

- **Vélvirkja eða vönum manni í vinnuvélaviðgerðum.**
- **Rafvirkja, rafeindavirkja eða vönum manni í lyftaraviðgerðum.**
- **Bifvélavirkja eða vönum manni í vörubílaviðgerðum.**

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu í viðgerðum á vinnuvélum, landbúnaðarvélum og/eða lyfturum og geti unnið sjálfstætt.
Enskukunnátta og tölvukunnátta æskileg.
Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi bílpróf.

Vélaborg leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum sínum góða þjónustu. Liður í því er að þjálfa starfsmenn þjónustudeildar með námskeiðahaldi og menntun hjá erlendum birgjum félagsins.

Vélaborg er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í vélainnflutningi og þjónustu við bændur, verktaka og flutningsaðila. Hjá fyrirtækinu starfa á sjötta tug manna, þar af 17 á þjónustuverkstæði.

Vélaborg er með umboð fyrir:
- Case og Bobcat vinnuvélar
- Jungheinrich og Kalmar lyftara
- Daf vöru- og flutningabíla
- John Deere dráttarvélar og smávélar
- Lely mjaltaþjóna og landbúnaðarvélar

Umsóknum skal skila inn á tölvutæku formi á netfang:
gunnarm@velaborg.is innan viku frá birtingu auglýsingar.

www.netto.is

Skrifstofustarf

Nettó Mjódd leitar að aðstoðarmanni á skrifstofu.
Vinnutími frá kl.8.30-16.30

Frekari upplýsingar veitir verslunarstjóri á staðnum.

netto
Mjódd Reykjavík

Starfsfólk óskast!

Kaffitería Perlunnar óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Við bjóðum upp á gott vinnuumhverfi og jákvæðan anda. Einnig vantar starfsfólk í uppvask.

Hafið samband við
Sigrúnu: 894-1141 eða
Elvu: perlan@perlan.is

The Pearls cafeteria is looking for full time staff. We offer you a good and positive work environment. We are also looking for dishwashers.

Contact Sigrun: 894-1141 or
Elva: perlan@perlan.is.

PERLAN

Vilt þú vera með í ferskasta liði landsins?

Við óskum eftir jákvæðu og duglegu starfsfólki í verslanir okkar.

Margvísleg fríðindi fylgja starfinu og mikið félagslíf. Góðir möguleikar eru á starfsþróun.

Umsækjendur þurfa að vera orðnir 18 ára.

Umsækjendur fylli út umsókn á **www.10-11.is** eða hafi samband við verslunarstjóra í næstu verslun.

10-11 ...alltaf opið!
www.10-11.is

www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

Varmárskóli auglýsir

Lausar eru eftirtaldar stöður

- **Kennsla á unglingastigi**
- **Kennslugreinar stærðfræði og enska**

Í skólnum fer fram öflugt þróunarstarf í þessum greinum

- **Kennsla á yngsta stigi 1. og 2. bekkur**

Í skólanum fer fram áhugavert þróunarstarf sem ma.a. felst í því að tengja betur saman 5 og 6 ára deildir sem og að móta sveigjanlegt skólastarf á yngsta stiginu

- **Tónmenntakennari**

Við óskum eftir að ráða tónmenntakennara í ca. 50% stöðu

- **Þroskaþjálfi**

Þroskaþjálfi óskast í yngri deild

- **Skólaliðar**

Skólaliða vantar í hlutastarf í yngri deild

Nánari upplýsingar gefa: Þórhildur Elfarsdóttir, skólastjóri í síma 525 0700 og 863 3297 og
Þóranna Ólafsdóttir, skólastjóri í síma 525 0700 og 899 8465

Lifandi störf í líflegu umhverfi
á Vöruhóteli Eimskips

Himinn og haf / SIA / -9071039

Eimskip er alþjóðlegt flutningafyrirtæki með starfsemi um allan heim. Þjónustunet fyrirtækisins teygir sig um Evrópu, N-Ameríku, S-Ameríku og Asíu.

- 14.500 starfsmenn
- 280 starfsstöðvar í yfir 30 löndum
- 50 skip
- 2000 flutningabílar og tengivagnar
- 180 kæli- og frystigeymslur

Eimskip býður starfsfólki sínu upp á spennandi og fjölbreytt vinnuumhverfi.

Starfsfólk Eimskips er sérhæft á sínu sviði, nýtur markvissrar símenntunar og margvíslegra fríðinda, s.s. styrkja, orlofshúsa og reglulegra skemmtana. Við vitum að ánægt starfsfólk er lykillinn að góðum árangri á vinnustað.

Eimskip leitar að kraftmiklum, jákvæðum og stundvísum einstaklingum til framtíðarstarfa á Vöruhótelinu.
Við bjóðum fjölbreytt verkefni hjá traustu fyrirtæki og hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

STARFSMENN Í BÓKUN

Um er að ræða bókun og skráningu á vörum. Einhver þekking og/eða reynsla við tölvuvinnu er nauðsynleg auk þess sem nákvæmni og ábyrgð í starfi skipta miklu máli. Íslenskukunnátta skilyrði, enskukunnátta æskileg.
Vinnutími kl. 08.00–17.00 alla virka daga.
Nánari upplýsingar veita: Bragi Viðarsson, brv@eimskip.is, sími 825 7671.
Einar B. Birgisson, ebb@eimskip.is, sími 825 7631.
Teitur Gunnarsson, teg@eimskip.is, sími 825 7630.

STARFSMENN Í AFGREIÐSLU

Almenn afgreiðslustörf og þjónusta við viðskiptavini. Viðkomandi þurfa að vera færir í mannlegum samskiptum, búa yfir þjónustulund og jákvæðni og geta unnið undir álagi.
Íslenskukunnátta skilyrði, enskukunnátta æskileg.
Vinnutími kl. 08.00–17.00 alla virka daga.
Nánari upplýsingar veitir Halldóra Bragadóttir, hb@eimskip.is, sími 525 7611.

STARFSMENN Á LYFTARA

Viðkomandi þurfa að vera nákvæmir og sýna ábyrgð í starfi.
Íslenskukunnátta æskileg, einhver enskukunnátta skilyrði.
Lyftararéttindi æskileg en ekki skilyrði (til að fá slík réttindi er almennt bílpróf skilyrði).
Eimskip greiðir kostnað við próftöku vegna lyftararéttinda.
Tvískiptar vaktir, kl. 08.00–16.00 eina vikuna og 16.00–00.00 þá næstu.
Nánari upplýsingar veitir Einar Ottó Þórhallsson, eot@eimskip.is, sími 825 7638.

FORKLIFT OPERATORS

Accuracy and responsibility are important qualities in the work area. English knowledge required, Icelandic preferable.
Rotating shifts, working hours 08.00–16.00 one week and 16.00–24.00 the following week.
For further information please contact Einar Ottó Þórhallsson, eot@eimskip.is, tel. 825 7638.

STARFSMAÐUR Í TILTEKT PANTANA

Um er að ræða starf við að taka til pantanir fyrir viðskiptavini.
Nákvæmni og samviskusemi mikilvægir eiginleikar. Enskukunnátta skilyrði, íslenskukunnátta æskileg.
Tvískiptar vaktir, kl. 08.00–16.00 eina vikuna og 16.00–00.00 þá næstu.
Nánari upplýsingar veitir Bragi Viðarsson, brv@eimskip.is, sími 825 7671.

WAREHOUSE WORKERS

General warehouse service work gathering customer orders.
Accuracy and conscientiousness are important qualities. English knowledge required, Icelandic preferable.
Working hours 08.00–17.00 weekdays.
For further information please contact Bragi Viðarsson, brv@eimskip.is, tel. 525 7375.

ÖNNUR STÖRF

Almenn störf við vöruhúsaþjónustu sem fela m.a. í sér yfirferð pantana, förgun vara og afleysingu fyrir vaktstjóra.
Íslenskukunnátta skilyrði.
Vinnutími kl. 08.00–17.00 alla virka daga.
Nánari upplýsingar veitir Styrkár Jóhannesson, stj@eimskip.is, sími 825 7650.

Umsjón með ráðningunum hefur Elín Hjálmsdóttir, ehd@eimskip.is á starfsþróunarsviði, sími 525 7375.
Við hvetjum áhugasama til að sækja um á heimasíðu okkar www.eimskip.is. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Korngörðum 2 104 Reykjavík Sími 525 7000 Fax 525 7009 www.eimskip.is

EIMSKIP

Múrbúðin óskar að ráða starfsfólk til framtíðarstarfa

Í boði eru góð laun og vinna í góðu starfsumhverfi

Múrbúðin er ört vaxandi fyrirtæki í innflutningi og sölu á hágæða múrvörum, málningu og byggingavörum, neytendum til hagsbóta.

Verslunarstjóri í Reykjanesbæ

Óskum eftir að ráða verslunarstjóra í nýja glæsilega verslun okkar í Reykjanesbæ sem opnar á vordögum 2008. Verslunarstjóri mun hljóta þjálfun í verslun Múrbúðarinnar að Kletthálsi í Reykjavík og taka virkan þátt í öllum undirbúningi verslunarinnar í Keflavík. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

Starfssvið:
- Daglegur rekstur verslunarinnar
- Verkstjórn og eftirlit
- Starfsmannamál
- Önnur tilfallandi störf í versluninni

Hæfniskröfur:
- Iðnþekking æskileg
- Skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum
- Samskiptafærni
- Þjónustulipurð

Starfsmaður í verslun – Kletthálsi

Starfssvið:
- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina
- Framsetning vöru í sýningarsal
- Innkaup og vöruframboð

Hæfniskröfur:
- Metnaður til að ná árangri
- Þekking á sölu sérvöru
- Nákvæm vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

Áhugasamir sendi inn ferilskrá með upplýsingum um menntun og fyrri störf á netfangið *hermann@murbudin.is*.
Farið verður með allar umsóknir í fullum trúnaði.

MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7
Sími: 544-5470
www.murbudin.is

Vantar ömmu

Fjölskyldu í Kópavogi vantar barngóða konu "ömmu" til aðstoða með tvö börn. 5 ára strák og 9 ára stelpu.
Um er að ræða vinnutíma frá 14:00- 18:00 2 svar í viku.

Þeir sem hafa áhuga hafi samband við Elínu í síma 856-6117 eða Árna 664-8729.

fagtækni tölvu & raflagnir

Rafvirkjar.

Óskum eftir að ráða rafvirkja til starfa við almennar raflagnir og tölvulagnir.
Upplýsingar í síma 517 6900 eða 660 6901 á skrifstofutíma 9 til 17

netfang: fagtaekni@fagtaekni.is

Frá Grunnskólanum í Hveragerði

Við Grunnskólann í Hveragerði er laus staða sérkennara á yngsta stigi.
Nánari upplýsingar veitir skólastjóri og deildarstjóri sérkennslu í síma 483 - 4350

Skólastjóri

Skrifstofustarf

Óskum eftir að ráða stúlku til almennra skrifstofustarfa ofl. Vinnutími 13 - 17.

Umsóknir sendist á mar@atlantskaup.is fyrir 22. ágúst nk.

ATLANTSKAUP
Bæjarflöt 6 • Grafavog • Reykjavik

ÍSFROST EHF

Ísfrost ehf óskar eftir að ráða starfsmann til framtíðarstarfa, við leitum að vélstjóra eða vélfræðingi, starfið fellst í smíði og uppsetningu nýrra kælikerfa, og viðhald og breytingar á eldri kerfum, fjargæsla og reglubundið eftirlit með kælikerfum.

Uppl. í s. 894 2580 Jón.

Uppfylling sf.

Gröfumenn og Bílstjórar

Óskum eftir vönum vélamönnum og bílstjórum á ný og góð tæki.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Gylfason í síma 892-1033 eða á netfanginu siggigylfa@hotmail.com.

FRAMTÍÐAR STÖRF

Í BOÐI HJÁ VERSLUNUM BYKO

VIÐ LEITUM AÐ DRÍFANDI FÓLKI MEÐ RÍKA
ÞJÓNUSTULUND OG BRENNANDI ÁHUGA Á VERSLUN

BYKO verslun Hringbraut

Sölumaður í heimilisvörudeild
Starfið felst í ráðgjöf og sölu til viðskiptavina.
Reynsla af sölumennsku er kostur.

Gjaldkeri á kassa
Starfið felst í þjónustu við viðskiptavini og uppgjör kassa.
Stundvísi og nákvæm vinnubrögð. Reynsla af þjónustu- og gjaldkerastörfum er kostur.

Lagnadeild

Sölumaður í Lagnadeild BYKO Breidd
Starfið felst í ráðgjöf og sölu til viðskiptavina.
Þekking á lagnaefni og reynsla af sölumennsku eru góðir kostir.

Starfsmenn í vöruhús lagnadeilda í Breidd
Starfið felst í vörumóttöku og tiltekt pantana fyrir verslanir og þjónustu við viðskiptavini. Þekking á lagnaefni er kostur.
Lyftarapróf er kostur en ekki nauðsynlegt skilyrði.

Leigumarkaður BYKO

Starfsmenn í afgreiðslu leigutækja
Starfið felst í afhendingu og móttöku leigutækja ásamt annarri þjónustu við viðskiptavini. Þekking á tækjum Leigumarkaðar er kostur.

Viðgerðarmaður
Starfið felst í smáviðgerðum og þrifum á tækjum. Stundvísi og nákvæm vinnubrögð. Þekking á tækjaviðgerðum er kostur.

Við hvetjum alla til að sækja um störfin, unga sem aldna, konur og karla, Íslendinga sem útlendinga

Kauptún - Ný verslun BYKO

Sölufólk í ýmsar deildir
Starfið felst í ráðgjöf og sölu til viðskiptavina.
Reynsla af sölumennsku er kostur.

Gjaldkeri á kassa
Starfið felst í þjónustu við viðskiptavini og uppgjör kassa.
Stundvísi og nákvæm vinnubrögð.

Uppsetning og áfyllingar
Starfsfólk óskast nú þegar í uppsetningu og áfyllingar.
Heilsdags- og hlutastörf koma til greina.

Vöruhús BYKO

Starfsmenn óskast í Vöruhús BYKO
Starfið felst í vörumóttöku, losun gáma og tiltekt pantana fyrir verslanir ásamt þjónustu við viðskiptavini. Stundvísi og nákvæm vinnubrögð. Lyftarapróf er kostur en ekki nauðsynlegt skilyrði.

Timburverslun BYKO Breidd

Starfsmenn í afgreiðslu og tiltekt pantana
Starfið felst í þjónustu við viðskiptavini og tiltekt og afgreiðslu pantana. Stundvísi og nákvæm vinnubrögð.
Lyftarapróf er kostur en ekki nauðsynlegt skilyrði.

Hlutastörf

Helgarstörf og seinni hluta dags
Við bjóðum upp á fjölbreytt störf seinni hluta virkra daga og um helgar. Við hvetjum iðnskólanema, aðra framhaldsskóla- og háskólanema og alla sem hafa áhuga á starfi á þessum tíma til að sækja um störf hjá okkur í vetur.

VIÐ HJÁ BYKO LEGGJUM ÁHERSLU Á LIPURÐ, GLEÐI & DRIFKRAFT TIL AÐ NÁ ÁRANGRI Í STARFI.

Nánari upplýsingar veitir Elfa, starfsþróunarstjóri, í síma 5154161 og með tölvupósti, elfa@byko.is
Umsóknir, merktar starfi sem verið er að sækja um, berist til Elfu B. Hreinsdóttur, aðalskrifstofu BYKO Skemmuvegi 2, 200 Kópavogi eða með tölvupósti, elfa@byko.isEinnig er hægt að sækja um störfin á heimasíðu BYKO www.byko.is

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

Atvinna.is
Ráðningarþjónusta

Störf í boði

Okkur vantar fólk í eftirtalin störf.
Vinsamlegast sækið um á heimasíðu okkar atvinna.is

Öryggisverði í farandgæslu:
Öryggisfyrirtæki leitar að öryggisvörðum í farandgæslu. Unnið er á 12 tíma vöxtum unnið í 7 daga og 7 daga frí.

Öryggisvörð í staðbundna gæslu:
Öryggisfyrirtæki leitar að öryggisvörðum í staðbundna gæslu.

Afgreiðslustarf í Reykjavík
Leitum að starfsfólki í verslun. Störf í boði allan daginn,og hlutastörf koma til greina

Verslunarstjóra í Reykjavík:
Verslun á Selfossi leitar að verslunarstjóra.

Aðstoðarverslunarstjóra:
Verslun á Selfossi leitar að Reykjavík aðstoðarverslunarstjóra..

Afgreiðslustarf á Selfossi:
Leitum að starfsfólki í verslun. Störf í boði allan daginn, og hlutastörf koma til greina

Verslunarstjóra á Selfossi:
Verslun á Selfossi leitar að verslunarstjóra.

Aðstoðarverslunarstjóra:
Verslun á Selfossi leitar að Selfoss aðstoðarverslunarstjóra..

þar sem leitin hefst | Dugguvogur 17 | 104 Reykjavík | Sími 552-9300 | netfang atvinna@atvinna.is

ÍSLOFT
BLIKK OG STÁLSMIÐJA EHF.

Blikksmíði - aðstoðarmenn
Blikksmiðir, málmiðnaðarmenn og aðstoðarmenn

blikksmiða óskast til starfa sem allra fyrst.
Næg verkefni framundan.
Hafið samband við verkstjóra á staðnum,
í síma 5876666 eða í tölvupósti

isloft@isloft.is • Ísloft blikk og stálsmiðja ehf
Bíldshöfða 12 – 110 R.vík

VILTU VINNA MEÐ HÓPI AF SKEMMTILEGU FÓLKI?

Hagkaup óska eftir að ráða starfsfólk. Um er að ræða störf í matvöru- og sérvörudeildum í öllum verslunum. Í boði eru skemmtileg og fjölbreytt störf.

Við leitum að fólki til starfa sem hefur áhuga á að vaxa og dafna með okkur. Hagkaup leggja mikla áherslu á þjónustulund, áreiðanleika og frumkvæði. Við hvetjum fólk á öllum aldri til að sækja um.

Hægt er að sækja um á www.hagkaup.is. Einnig er hægt að fá umsóknareyðublöð í verslunum. Nánari upplýsingar um störfin veitir Arndís Arnarsdóttir starfsmannafulltrúi í síma 563 5000 eða starfsmannahald@hagkaup.is

ÚRVAL + ÞÆGINDI + FERSKT & FRAMANDI + GÓÐ KAUP = HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

endurhæfing
þekkingarsetur

Sjúkraþjálfari óskast til starfa

Góður vinnustaður • Frábær aðstaða • Sundlaug
Getum útvegað húsnæði fyrir landsbyggðarfólk

Endurhæfing ehf. óskar eftir að ráða sjúkraþjálfara til starfa, nú þegar eða eftir samkomulagi. Gott tækifæri til að öðlast þekkingu á sviði hjálpartækja og líkamsstöðustjórnunar, "Postural Management". Starfssvið er með börn, unglinga og fullorðna í endurhæfingu og hæfingu. Mörg spennandi verkefni framundan. Möguleikar á sjálfstæðri vinnu utan hefðbundins vinnudags. Getum aðstoðað sjúkraþjálfara af landsbyggðinni með húsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

Upplýsingar gefur Guðný Jónsdóttir yfirsjúkraþjálfari í símum 414 4500 og 696 7600 og netfang: gudny@endurhaefing.is.

Endurhæfing ehf • Kópavogsbraut 5 - 7 • 200 Kópavogur

» Ráðningarþjónusta

Sölustjóri

Leitum að sölu- og markaðsstjóra fyrir leiðandi fyrirtæki í framleiðslu og hönnun forsteyptra húsa á Íslandi.
Leitað er að einstaklingi með þekkingu á íslenskum byggingamarkaði, ásamt reynslu af störfum við sölu- og markaðssetningu.

Sölustjóri sér um að skipuleggja og stýra sölumálum fyrirtækisins með það að leiðarljósi að ná sem bestum árangri hvað varðar nýtingu á framleiðslugetu og samsetningu á framleiðsluvörum þess á hverjum tíma.

» Starfs- og ábyrgðarlýsing

· Sölu- og markaðsmál fyrirtækisins
· Samskipti við viðskiptavini og efling viðskiptatengsla
· Öflun nýrra viðskiptavina
· Gagnakerfi sem tengjast sölumálum fyrirtækisins
· Áætlana og skýrslugerð er tengist sölumálum fyrirtækisins
· Tryggja flæði upplýsinga til framkvæmdastjóra
· Frumkvæði í uppbyggingu og þróun sölu- og markaðsstarfs
· Aðkoma að ímyndarmálum

» Menntunar og hæfniskröfur:

· Menntun á sviði viðskipta/markaðsfræði æskileg
· Haldbær reynsla á sviði sölu- og markaðsstarfa
· Reynsla úr byggingariðnaði kostur
· Tungumálakunnátta; enska og eitt norðurlandatungumál
· Góð tölvukunnátta og reynsla í notkun Excel og Word
· Stjórnunarhæfileikar og áhugi á byggingariðnaði og tengdum sviðum
· Góðir samskiptahæfileikar gagnvart samstarfsfólki og viðskiptavinum

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Landbúnaðarháskóli Íslands

Sérfræðingur - landupplýsingakerfi

Óska eftir verslunarhúsnæði fyrir fataverslun á höfuðborgarsvæðinu Uppl. í síma 8693297 Björn

Bílskúr

Til leigu bílskúr í Hafnarfirði. Ca 27 fm. Hentar vel sem geymsla, fyrir lítinn lager eða iðnað. s: 823 5455 eða 695 5528

ATVINNA

Atvinna í boði

Mosfellsbakarí
Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í eftirtalin störf. Frá 06.30 - 14.00 virka daga, og einn dag aðra hverja helgi. Einnig eftir hádegi frá 12:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi. Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.

Veitingahúsið Nings Stórhöfða & Hlíðarsmára
Óskar eftir að ráða vaktstjóra. Unnið er 15 vaktir í mánuði. Ekki yngri en 20 ára.Einnig óskum við eftir manneskju í fullt starf, unnið er 15 vaktir í mánuði. Upplýsingar í síma 822 8840, 822 8870 og einnig inn á www.nings.is

Atvinna Atvinna
óskum eftir duglegum starfsmönnum á kassa Upplýsingar gefur Eyþór í síma 820-8004 eða á staðnum Rúmfatalagerinn Smáratorgi

Leikskólinn Skerjagarður, Bauganesi 13, Rvk. Óskar eftir leikskólakennara, myndlistarkennara eða öðru áhugasömu starfsfólki sem fyrst
Skerjagarður er einkarekinn 2ja deilda leikskóli sem starfar eftir hugmyndafræði Reggio Emilia þar sem áhersla er lögð á myndsköpun, söng, hreyfingu og tjáningu. Leikskólinn er lítill og heimilislegur. Lögð er áhersla á faglegt starf þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í notalegu og öruggu umhverfi. Á Skerjagarði ríkir gleði og jákvætt andrúmsloft. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Uppl. í s. 822 1919 & 848 5213.

Vaktstjóri á Pizza Hut
Pizza Hut leitar að öflugum vaktstjórum í eldhús og veitingasal. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 22 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is . Nánari uppl. hjá veitingastjórum á Pizza Hut, Nordica 533-2002, Sprengisandi sími 568-8088, Smáralind 533-2005.

Ert þú að leita að skemmtilegri vinnu með skóla í vetur?
Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subway.is eða á viðkomandi stað. Aldurstakmark er 16 ár.

Hefur þú reynslu af að reka heimili?
Subway óskar eftir duglegum og drífandi einstakling í stöðu vaktstjóra. Um er að ræða 50-100% starf, sveigjanlegur vinnutími, dagvaktir og kvöldvaktir sem hægt er að aðlaga að þínum þörfum. Hægt er að sækja um á subway.is eða á viðkomandi stað.

Cafe Oliver
Cafe Óliver óskar eftir reyndum barþjónum og þjónum í sal í fullt starf og/eða hlutastarf. Vinsamlegast hafið samband í 692 9802 eða cafeoliver@cafeoliver.is

BRAUTARSTÖÐIN

Brautarstöðin Ármúla 42 óskar eftir starfsmanni í afgreiðslu 11-16 virka daga. Umsóknareyðublöð á staðnum. Hinrik

Bakaríið hjá Jóa Fel
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi og Smáralind Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar, hentar vel skólafólki. Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum Kleppsvegi. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152 eða Smáralind.

Íslenskir verktakar ehf
ÓSKUM EFTIR SMIÐUM
898 0280

Café Victor óskar eftir hressu og skemmtilegu starfsfólki fyrir komandi vetur, bæði í fulla vinnu og helgar aukavinnu, þjónum í sal, barþjónum, aðstoðarfólki í eldhús og uppvöskurum. Fín laun í boði fyrir gott fólk. Reynsla fín en ekki nauðsyn.
Upplýsingar veitir Baldur í síma 692 0735 eða baldur@victor.is

Ruby Tuesday Skipholti
Leitum eftir að ráða góða starfskrafta við afgreiðslu í sal og eldhús Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Umsækjendur þurfa að hafa góða samskiptahæfileika og þjónustulund. Umsóknareyðublöð liggja frammi í Skipholti 19 eða senda umsóknir á haukur@ruby.is

Thorvaldsen Bar

Thorvaldsen Bar, Bistro og Grill
Óskar eftir vönum barþjónum og starfsfólki í sal. Þarf að hafa náð 18 ára aldri. Um er að ræða kvöld, helgarvinnu og einnig 100% starf . Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Upplýsingar veitir Ásta í síma 698 8510.

Keiluhöllin Öskjuhlíð
Keiluhöllin Öskjuhlíð óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu. 100% staða. Óskum einnig eftir fólki í hlutastarf, kvöld og helgarvinna. Upplýsingar í síma 617 2929 og keiluhollin.is

Söluturninn Jolli Hafnarfirði! Ert þú ekki að fara í skóla í vetur? Þá er þetta rétta vinnan fyrir þig. 100% dagvinna í boði. Góð laun í boði fyrir rétta manneskju. Umsóknareyðublöð á staðnum

Aktu Taktu
Leitar eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir á aktutaktu.is.

RAFVIRKNI

Óskum eftir rafvirkjum og nemum í vinnu. Uppl. í síma 897-2030

Veislulist Skútan.
Óskar eftir starfsmanni í ýmis eldhússtörf. Dagvinna 8-16, Mán - föstud. Upplýsingar veitir Sigurpáll í síma 555 1810 & 822 8253

Starfskraftar óskast
Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu, á tvískiptar vaktir. Getum einnig bætt við helgarstarfsfólki. Umsóknareyðublöð á staðnum & í s. 555 0480, Sigurður.

Devitos Pizza!
Óskar eftir starfsfólki í sumarvinnu bæði kvölds og morgna í afgreiðslustarf. Uppl. í s. 692 4327.

MIÐBORG
Laugavegur 182 4. hæð • 105 Rvk
Sími 533 4800
Björn Þorri, hdl., lögg. fast.sali. – Karl Georg, hrl., lögg. fast.sali.

Gjáhella – Atvinnuhúsnæði

Frum

Um er að ræða 1.993 fm. atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum, hvor hæð um sig að birtu flatarmáli ca. 1000 fm. Miðað er við að húsinu verði skipt upp í 8 bil sem verða öll ca. 250 fm. að stærð á tveimur hæðum. **V. 298 millj.**

EIGNAMIÐLUN
Síðumúla 21 ▸ eignamidlun@eignamidlun.is ▸ Fax 588 9095
www.eignamidlun.is ▸ Mánud. - fimmtud. **9-18** Föstud. **9-17**
Sími 588 90 90
Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

FANNAFOLD 55 – NEÐRI SÉRHÆÐ
OPIÐ HÚS Í DAG KL. 15-16

Frum

Mjög falleg 115 fm neðri sérhæð með útsýni á þessum góða stað. Sér suður verönd og sér bílastæði. Íbúðin skiptist í 3 góð herbergi, stofu, eldhús, baðherbergi, þvottahús og geymslu. Verð 28,9 millj.
Íbúðin verður til sýnis í dag sunnudag frá kl 15-16.

OPIÐ HÚS Í DAG
sunnudaginn 19. ágúst milli kl. 18-19 og kl. 20-21.

Galtalind 12, 4 herb. íbúð 302.
VERÐ 29,9 m.
Glæsileg eign á besta stað í Lindahverfinu í Kópavogi.
Frábær staðsetning.
Frábært útsýni.
Stutt í skóla og alla þjónustu.
Laus til afhendingar STRAX.

Nánari upplýsingar veitir Svavar G. Svavarsson löggiltur fasteignasali í síma 821 5401

KLETTUR FASTEIGNASALA

EIGNAMIÐLUN
Síðumúla 21 ▸ eignamidlun@eignamidlun.is ▸ Fax 588 9095
www.eignamidlun.is ▸ Mánud. - fimmtud. **9-18** Föstud. **9-17**
Sími 588 90 90
Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

GLÆSILEGT HEILSÁRSHÚS Í HÚSAFELLI

Frum

Stórglæsilegur finnskur bjálkabústaður ásamt gestahúsi í Húsafelli. Bústaðurinn heilsaársbústaður og er heitur pottur á veröndinni. Lóðin er á svæði sem er rétt við þjónustumiðstöðina. Sundlaug er í nágrenninu, svo og golfvöllur, tjaldstæði og margt fleira. Útsýni er glæsilegt, en sjaldgæft er að útsýni sé frá sumarhúsum í Húsafelli þar sem kjarr er hátt. **Í húsinu er heit og kalt vatn, rafmagn og öll húsgögn og búnaður utan við persónulega muni fylgja húsinu. Verð 37,9 millj.**

OPIÐ HÚS – OPIÐ HÚS
MARÍUBAUGUR 119 - GRAFARHOLTI

Frum

Mjög góð 120 fm 4ra herb. íbúð á jarðhæð með sérinngangi og sérlóð. Þrjú svefnherbergi og flísalagt baðherbergi. Stofa með útgangi á lóð og fallegt eldhús. Stór sólpallur. **Verð 29,9 millj.**

Tekið á móti gestum milli kl. 17 og 18.

hof fasteignasala
564 6464
Síðumúla 24 • 108 Reykjavík
hof@hofid.is • www.hofid.is
Guðm. Björn Steinþórsson lögg. fasteignasali
Jón Guðmundsson sölustjóri

Draumahús 530 1800

Háaleitisbraut 53 - 108 Rvk

Opið hús í dag kl. 16:00 - 17:00

Frum

54.900.000

Glæsilegt fimm til sex herbergja endaraðhús á einni hæð, um 200 fm, þar af 28 fm. bílskúr og 20 fm. flottur sólskáli. Glæsilegur garður og sólpallur með heitum potti sunnan við húsið, húsið hefur verið talsvert endurnýjað.

Eigendur taka á móti gestum.

Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík sími: 530 1800 • fax: 530 1801
www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

EIGNAMIÐLUN

Síðumúla 21 ▸ eignamidlun@eignamidlun.is ▸ Fax 588 9095
www.eignamidlun.is ▸ Mánud. - fimmtud. **9-18** Föstud. **9-17**

Félag Fasteignasala

Sími 588 90 90

Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

KAPLASKJÓLSVEGUR – STÓRGLÆSILEG

Frum

Sérstaklega glæsilega 147 fm íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi. Íbúðin hefur nýlega verið standsett á smekklegan og vandaðan hátt. Íbúðin skipstist m.a. í stóra stofu, eldhús/borðstofu, sjónvarpshol og þrjú svefnherbergi. Nýtt eldhús. Sérsmíðaðar hurðir og innréttingar. Lýsing frá Lumex. Tvennar svalir. **Húsið hefur nýlega verið standsett og málað að utan. ftirsótt staðsetning.**

agnea Sverrisóttir fasteignasali sýnir íbúðina.

SÓLEYJARIMI – GLÆSILEG ÍBÚÐ

Sérstaklega glæsilega 147 fm íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi. Íbúðin hefur nýlega verið standsett á smekklegan og vandaðan hátt. Íbúðin skipstist m.a. í stóra stofu, eldhús/borðstofu, sjónvarpshol og þrjú svefnherbergi. Nýtt eldhús. Sérsmíðaðar hurðir og innréttingar. Lýsing frá Lumex. Tvennar svalir. **Eftirsótt staðsetning.**

STUÐ MILLI STRÍÐA Þunglynd gelgja í hormónasveiflu við kassann -Nei.

MARGRÉT HUGRÚN GÚSTAVSDÓTTIR VILL AÐ ÁRATUGA REYNSLA ELDRI KVENNA SÉ BETUR NÝTT Í ATVINNULÍFINU

Stundum finnst mér þjóðfélagið breytast hraðar en barn sem vex úr brók sinni. Ég sé breytingarnar með berum augum og munurinn getur stundum verið greinilegur milli mánaða.

Til dæmis má nefna aldur og þjóðerni afgreiðslufólks, bæði í verslunum og á veitingahúsum, en stundum finnst mér eins og þar sé ég á þeysireið í tímavél sem ekki veit hvar hún á að lenda.

Einu sinni máttu börn vinna á Íslandi, svo var það bannað en núna virðist það hafa verið leyft aftur. Ég skemmti mér stundum við að giska á aldur afgreiðslubarna í matvöruverslunum og yfirleitt er hann svona á bilinu ellefu til sextán, sautján.

Erlenda afgreiðslufólkið er hinsvegar oft eldra og þó þau tali ekki okkar ástkæra jafn skýrt og innfæddir má stundum telja þeim það til tekna að þau leggja harðar að sér við að veita góða þjónustu.

Gelgjurnar þjást hinsvegar (eins og margir muna eftir) oft af ákveðnu hormónaþunglyndi og það taka þær með sér í vinnuna. Metnaðurinn fyrir starfinu getur þannig farið ofan garðs og neðan, enda stendur ekki til að byggja framtíðina á því að afgreiða á kassa í matvöruverslun.

Það er þess vegna sem ég skil ekki hvers vegna „ómenntaðar“ konur sem komnar eru yfir fimmtugt eru meðal þeirra sem síst eiga góða atvinnumöguleika hérlendis.

Þær hafa margra ára lífsreynslu, kunna oft vel til verka og hafa almennt séð góðan metnað fyrir því sem þær eru að gera. Mæður sem kunna að skynja þarfir fólks í kringum sig. Börn á aldrinum ellefu til sautján eru hinsvegar á hápunkti sjálfhverfu sinnar og vita stundum varla hvernig á að bjóða góðan daginn.

Konurnar eru kannski lengur að læra á tölvustýrða kassa, en þegar til kastanna kemur endast þær eflaust lengur í starfinu og kunna jafnframt að setja sig í spor viðskiptavinanna.

Því fyrr sem atvinnurekendur skoða þennan valkost -því betra.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

TIL AFGREIÐSLU STRAX

OPIÐ Í DAG 12:00-17:00 • STÚTFULL BÚÐ AF SPENNANDI TILBOÐUM • ALLAR FARTÖLVUR TIL AFGREIÐSLU STRAX

Á TILBOÐI AÐEINS Í DAG

Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast

ACER 7720G

- Intel Core 2 Duo T7300 2.0GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17” WXGA+ CrystalBrite skjár
- 256MB ATI HD X2300 skjákort
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Intel Santa Rosa tækni með 300Mbps Draft-N þráðlausu neti, FireWire, BlueTooth, DVI og 2.1 Dolby hljóðkerfi

129.900

VE48 **4.080** Á MÁN | VE lán í 48 mánuði

Birt með fyrirvara um breytingar og villur

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

OPNUNARTÍMAR

OPIÐ Í DAG
SUNNUDAG
12:00 - 17:00

Ath
Milli 13 og 18 er samfelld sýning á íslenskri myndbandalist á Reyfi Norræna hússins. Einstakt tækifæri til að sjá áratugaframleiðslu í þessum kima myndlistar.

menning

menning@frettabladid.is

Killer Joe aftur á svið

Sýningum á Killer Joe verður haldið áfram á Litla sviði Borgarleikhússins í byrjun september og er miðasala þegar hafin á vef leikhússins. Sýningin hlaut mikla athygli og lof bæði gagnrýnenda og áhorfenda í vor, og alls 8 tilnefningar til Grímunnar í júní síðastliðnum. Þröstur Leó Gunnarsson landaði svo Grímunni sem besti karlleikari í aukahlutverki. Um takmarkaðan sýningarfjölda verður að ræða þar sem Björn Thors og Unnur Ösp Stefánsdóttir eru á leið til London til að taka þátt í sýningum á Hamskiptunum. Fyrstu sýningar haustsins eru 6. september og 13. september nk. Leikarar í Killer Joe eru: Björn Thors, Unnur Ösp Stefánsdóttir, Þröstur Leó Gunnarsson, Maríanna Clara Lúthersdóttir og Jörundur Ragnarsson sem tekur við hlutverki Þorvaldar Þorvaldssonar. Leikstjóri er Stefán Baldursson. - pbb

LEIKLIST Björn Thors leikur Killer Joe

> Ekki missa af

Græna ljósinu sem er með fína dagskrá af merkilegum kvikmyndum fram að mánaðamótum í Regnboganum.

19 ára sýnir í Tukt

Viktoría Tsvetaeva er nítján ára listnemi við Lista- og iðnháskólann í Moskvu sem hefur opnað einkasýningu í Gallerí Tukt, Hinu húsinu. Viktoría var yngsti nemandinn til að hefja nám við skólann árið 2004 en þá var hún aðeins sextán ára. „Ég er að sýna ljósmyndir, olíumálverk, leðurhálsmen og armbönd en allt á sýningunni tengist að vissu leyti jákvæðu lífi og hippatímabilinu. Leðurarmböndin eru í brúnum og appelsínugulum litum eins og voru í tísku þá og ljósmyndirnar eru af blómabörnum.“

Viktoría hefur átt athyglisverða ævi og hefur nú þegar búið í fjölmörgum löndum. „Ég er hundrað prósent Rússi en flutti frá Moskvu þegar ég var tveggja ára. Svo bjó ég í Svíþjóð í fjögur ár, þá Finnlandi í þrjú og þaðan fór ég til Íslands. Fyrst bjó ég á Dalvík en var svo þrjú ár í Reykjavík í 8.-10. bekk. Ég var svo að spá í að fara í Fjölbraut í Breiðholti en ákvað frekar að skella mér til Rússlands. Datt í hug að reyna að fara beint í háskóla og fékk inngöngu í vinsælasta hönnunarskólann í Moskvu,“ segir Viktoría glaðlega en hún stundar nám við auglýsinga- og grafíska hönnunarbraut.

VIKTORÍA TSVETAEVA Nítján ára með einkasýningu í Gallerí Tukt.

„Mér finnst frábært að búa hér enda á ég hérna fjölskyldu og fullt af vinum,“ segir þessi ungi og alþjóðlegi listnemi. Sýningin stendur til 30. ágúst. - bor

Carsten Jensen kominn

Í dag heldur áfram hin viðamikla og fjölbreytta dagskrá Reyfis með bókaeftirmiðdegi: verða upplestrar fyrirferðarmiklir í dagskránni í dag: Einar Már og og skáldin úr Nýhil verða á svæðinu en trompið er danski rithöfundurinn Carsten Jensen.

Carsten er afar áberandi í dönsku menningarlífi bæði sem höfundur skáldsagna, ferðabóka og rita samfélagslegs eðlis.

Hann er af sjómönnum kominn, fæddur 1952 í sjómannabænum Marstal en þaðan komu margir sem hingað sigldu á Íslandsförum fyrr á tíð. Uppruninn varð honum yrkisefni í síðustu stóru skáldsögu hans Vi, de druknede sem kom út í fyrra. Kunnastur varð hann þó á ritvellinum fyrir ferðasögur sínar tvær frá 1996 og 1997, Jeg har set verden begynde og Jeg har hört et stjerneskud, sem lýsa ferð hans umhverfis hnöttinn. Þær seldust í gríðarlegu upplagi í Danmörku og hafa skapað honum frægð víða um lönd.

BÓKMENNTIR Carsten Jensen er kominn til Íslands og hittir aðdáendur sína og lesendur í dag kl. 14 í Glerskálanum.

Carsten er menntaður bókmenntafræðingur og hóf feril sinn sem rithöfundur um þrítugt. Í fyrsta kaflanum á ferli hans sem höfundur var hann raunar frekar samfélagsgagnrýnandi en skáld, Skyggn á samfélagsástand með næma tilfinningu fyrir smáatriðum sem í umfjöllun hans lýstu upp stærra svið. Í öðrum kafla skáldskapar hans tókst hann á við skáldsöguna í tveimur bókum: Kannibalernes nadver (1988) og Jorden i Munden (1991). Báðar lýstu leitandi ungum manni, í ástum og í hinni seinni á ferð um Indland. Í kjölfar þeirra komu tvö ritgerðasöfn, en þá tók við heimsreisa sögumanna þvert í gegnum Rússland til Kína, Kambódíu, Víetnam, yfir Kyrrahafið, um Suður-Ameríku og loks heim. Heimkominn vindur hann kvæði sínu í kross, semur lýsingu af ári tvö og þrjú með ungri dóttur og loks úttekt á heiminum í kjölfar árása á tvíburaturnanna. Carsten er mikill stílisti á móðurmáli sínu. Verk hans eru með sterku pólitísku og siðferðilegu ívafi.

Þetta mun ekki vera fyrsta heimsókn hans hingað til lands, en Carsten hittir lesendur sína í Glerskálanum kl. 14. Einar Már les upp kl. 13, og Nýhil-skáldin kl. 15.

pbb@frettabladid.is

Listdansskóli Íslands

Grunnskóladeild nemar fæddir 1998:
Laugardaginn 25. ágúst, kl. 12:00

Forskóladeild nemar fæddir 1999 – 2002
Skráning virka daga milli
kl. 13:00 – 17:00 í síma 588 91 88

Staður:
Engjateigur 1
105 Reykjavík

Nánari upplýsingar:
www.listdans.is
588 91 88

BRUCE SPRINGSTEEN Rokkarinn bandaríski gefur út nýja plötu 2. október.

Töfrar frá Springsteen

Nýjasta plata Bruce Springsteens, Magic, kemur út 2. október næstkomandi. Þetta verður fyrsta plata Springsteens með hljómsveitinni E Street Band í fimm ár, eða síðan The Rising kom út við mjög góðar undirtektir.

Ellefu ný lög eftir Springsteen eru á plötunni og var Brendan O´Brien upptökustjóri en hann stjórnaði einnig upptökum á The Rising. Fékk sú plata Grammy-verðlaun og seldist jafnframt ákaflega vel. „Magic er hörku rokkplata og vel spiluð af Bruce og meðlimum E Street Band," sagði umboðsmaður Springsteens.

MOHO Spænsku rokkararnir heimsækja Ísland í byrjun september.

Spænskt þungarokk

Spænska þungarokkstríóið Moho heldur tvenna tónleika á Íslandi í byrjun september. Hljómsveitin var stofnuð árið 2003 og síðan þá hefur hún gefið út tvær plötur og spilað víðs vegar um heiminn. Síðasta platan, He visto la cruz al revés, kom út á síðasta ári. Var hún tekin upp á aðeins fimm klukkustundum og þykir bæði hrá og kröftug.

Fyrri tónleikar Moho hérlendis verða á Organ 6. september og þeir síðari verða í Hellinum kvöldið eftir. Nokkrar íslenskar sveitir hita upp fyrir Moho, þar á meðal Forgarður helvítis og Drep.

Reykjavík 2007

Menningargnægð Norræna húsið 18. – 26. ágúst 2007

Sunnudagur 19. ágúst

Listsýningar alla daga á meðan á hátíðinni stendur:
Hönnunarsýning frá Álandseyjum
Ljósmyndasýning um arkitektúr
Ljósmyndasýning Rebekku Guðleifsdóttur
Global Village – Heimsþorp
"Sköpun úr rusli" og ljósmyndasýning Vinnuskóla Reykjavíkur
Sýning á verkum leikskólabarna

Glerskáli:
Kl. 13:00 – 14:00
Rithöfundaspjall:
Kynnir Halldór Guðmundsson
þátttakendur:
Kl.13:00
Einar Már Guðmundsson
Kl. 14:00
Danski rithöfundurinn Carsten Jensen
Kl. 15:00 Nýhil:
Þórdís Björnsdóttir,
Valur Brynjar Antonsson,
Björk Þorgrímsdóttir,
Ófeigur Sigurðsson

Kl. 18:00
Norrænn spurningaleikur

Tónleikar:
Kl. 17:30 Havnarkórið
Kl. 19:00 Draupner og Guðrún Gunnarsdóttir
Kl. 20:30 Felicia

Norræna húsið:
Kl. 13:00 – 18:00
Íslensk myndbandalist:
Dieter Roth
Magnús Pálsson
Rúrí
Ásta Ólafsdóttir
The Icelandic Love Corporation
Hannes Lárusson
Sara Björnsdóttir
Anna Hallin
Arna Valsdóttir
Chooc Ly Tan

Kl. 14:00 Barnaleikritið Dimmalimm
Kl. 15:00 og 17:00
Gjörningur:
Nýlókórinn flytur verk eftir Áka Ásgeirsson og Hörpu Björnsdóttur
Kl. 17:00 Formleg opnun á sýningunni "Sköpun úr rusli" og ljósmyndasýningu Vinnuskóla Reykjavíkur
Kl. 19:00 Fyrirlestur
Sænski leikstjórinn Suzanne Osten
Kl. 20:15
Sænska kvikmyndin Besvärliga människor



Innritun er hafin í Klassíska listdansskólanum fyrir 5 ára og eldri. Hægt að skrá sig í síma 587 9030 eða 543 9030 alla virka daga frá klukkan 16 til 18. Einnig er hægt að skrá sig á vef skólans, www.ballet.is og skoða það fjölbreytta nám sem skólinn býður upp á. Kennsla hefst 1. september.

Klassíski listdansskólinn hefur allt frá stofnun lagt sérstaka áherslu á þjálfun einstaklingsins undir faglegri leiðsögn. Hvatning og uppbygging nemenda í minni námshópum er stór þáttur í starfi skólans.

Skólinn starfar eftir námskrá Menntamálaráðuneytisins. Nemendur á listdansbraut skólans fá nám sitt metið sem hluta af framhaldsnámi.

Síðasta inntökuprófið er 20. ágúst kl. 18 fyrir framhaldsskólanemendur á klassískri listdansbraut og nútíma listdansbraut.

Nemendur, fæddir 1998 og eldri sem fara á grunnskólastig, mæta í prufu mánudaginn 20. ágúst kl. 16:30 að Grensásvegi 14.

KENNSLA HEFST 1. SEPT

KLASSÍSKI LISTDANSSKÓLINN

Álfabakka 14a - Sími 587 9030 og Grensásvegi 14 - Sími 534 9030 - www.ballet.is

AUGLÝSINGASTOFAN DAGSVERK - 0807KL

MR. SKALLAGRÍMSSON
- höf. og leikari Benedikt Erlingsson
Sjá sýningadagatal á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma: 437-1600

Auglýsingasími 512 50 50
– Mest lesið

Í DAG!
KIRKJULISTAHÁTÍÐ
FESTIVAL OF SACRED ARTS
2007
11.–19. ágúst
SUNNUDAGUR 19. ÁGÚST
11.00
HÁTÍÐARMESSA
Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson og Sr. Birgir Ásgeirsson ásamt prestum Akureyrarkirkju.
19.00 LOKATÓNLEIKAR
ÍSRAEL Í EGYPTALANDI HWV 54
eftir G.F. HANDEL
BAROKK Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI
MIÐAVERÐ 4.900/3.600 kr.
sjá nánar um einsöngvara og flytjendur á www.kirkjulistahatid.is
ALLIR VIÐBURÐIR FARA FRAM Í HALLGRÍMSKIRKJU NEMA ANNAÐ SÉ TEKIÐ FRAM
„Ég vil lofsyngja Drottni"
WWW.KIRKJULISTAHATID.IS – SÍMI 510 1010 – MIÐASALA OPIN 9-17

> VISSIR ÞÚ?

Alls eru tuttugu þúsund tegundir af bjór framleiddar víðs vegar um heiminn. Bjór hefur verið búinn til í langan tíma og ná uppskriftir af honum aftur til ársins 4300 fyrir Krist. Bjór var fyrst bruggaður í viðskiptaskyni í Þýskalandi árið 1200.

fólk

folk@frettabladid.is

Foreldrum Lohan um að kenna

Fyrrverandi lífvörður ungstjörnunnar Lindsayar Lohan, Tony Almeida, segir foreldra leikkonuna ábyrga fyrir óförum hennar. Frá 2002 til 2005, þegar Almeida vann fyrir Lohan, varð hann meðal annars vitni að því þegar leikkonan gerði sjálfsmorðstilraun, neytti fíkniefna og ók undir áhrifum áfengis.

Almeida skellir skuldinni á foreldra leikkonunnar, þau Michael og Dinu Lohan. „Lindsay var mjög indælt og hæfileikaríkt barn, en hún átti enga möguleika á móti foreldrum sínum og Hollywood-kerfinu," segir Almeida í viðtali við In Touch Weekly. Hann segir föður Lindsayar hafa verið afar stjórnsaman og óútreiknanlegan. Í eitt skipti sat Almeida í bíl með feðginunum, þegar Michael missti stjórn á sér eftir að Lindsay bað um að fá að vera lengur á tónleikum. „Hann dró hana út úr bílnum. Hann sló hana og kallaði hana druslu," segir Almeida, sem kveðst hafa þurft að skerast í leikinn.

Dina Lohan, sem er jafnframt umboðsmaður dóttur sinnar, sleppur ekki heldur. Samkvæmt Almeida leyfði hún dóttur sinni að neyta áfengis og drekka sig rænulausa þegar hún var enn barnung. Þegar Lindsay var fimmtán ára leyfði móðirin dóttur sinni að verja nóttinni með þáverandi kærasta sínum, Aaron Carter. „Þau virkuðu bara ánægð með að hún hefði valið einhvern sem gæti hjálpað henni með tónlistarframann," segir Almeida.

ÁTTI EKKI SÉNS
Tony Almeida, fyrrum lífvörður Lindsayar Lohan, segir ófarir leikkonunnar vera foreldrum hennar að kenna.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Scarlett feykivinsæl

SCARLETT JOHANSSON

Leikkonan Scarlett Johansson hefur í nógu að snúast á næstunni því hún hefur tekið að sér hlutverk í þremur nýjum kvikmyndum. Fyrst leikur hún í He´s Just Not That Into You þar sem hún leikur söngkonu sem á í ástarsambandi við kvæntan mann. Næsta mynd verður Mary Queen of Scots sem er rómantísk mynd byggð á ævi drottningarinnar. Loks leikur Scarlett í The Spirit í leikstjórn myndasagnahöfundarins Frank Miller, sem var annar af mönnunum á bak við Sin City.

Frumraun vinnuskólakrakka í Hafnarfirði

Blaðið Frumraun kom út á föstudaginn en það er unnið af 14-16 ára unglingum í Vinnuskóla Hafnarfjarðar sem hafa unnið að útgáfunni hörðum höndum í allt sumar. „Þetta er hópur unglinga sem hefur fræðst um fjölmiðlaheiminn í sumar í stað þess að reita arfa í beðum," segir Brynjar Guðnason flokkstjóri Fjölmiðlahóps. „Vinnsla blaðsins gekk mjög vel í sumar og krakkarnir voru duglegir við að finna efni sem þau hafa áhuga á og vinna það fyrir blaðið. Einnig hafa þau séð sjálf um að taka þær myndir sem þurfti í blaðið og eru í þessum töluðum orðum að dreifa því í hús," segir Brynjar sem sér einnig um umbrot blaðsins.

Blaðinu er dreift frítt í öll hús í Hafnarfirði auk þess sem það er aðgengilegt á heimasíðunni www.frumraun.is. Í því má meðal annars finna viðtöl við grínistann Þorstein Guðmundsson, aðstandendur Forma samtakanna, unga ljósmyndara, dragdrottningu Íslands auk fjölda annarra greina.

Þetta er í fimmta sinn sem blaðið er gefið út og voru að þessu sinni prentuð 8500 eintök. „Blaðið hefur orðið stærra og veglegra með árunum eins og eðlilegt er. Einhverjir í hópnum eru komnir með fjölmiðlabóluna og aðrir hyggjast jafnvel ætla að leggja fyrir sig ljósmyndun í framtíðinni eftir þessa reynslu," segir Brynjar en þetta er í annað skipti sem hann sér um útgáfu blaðsins. Hinir duglegu unglingar í fjölmiðlahópnum gerðu einnig sjónvarpsfréttir í sumar og er hægt að horfa á þær á heimasíðu blaðsins. - bor

FRUMRAUN Krakkarnir í Fjölmiðlahópnum gerðu sér lítið fyrir og dreifðu blaðinu í öll hús í Hafnarfirði.

ego dekor

BÆJARLIND 12 - S: 544 4420

New York eikarlína -40% afsláttur

Borð 160x90
Verð áður: 45.000,-
VERÐ NÚ: 27.000,-

Borð 220x90
Verð áður: 64.000,-
VERÐ NÚ: 38.400,-

Bekkur
L: 160
Verð áður: 33.000,-
VERÐ NÚ: 19.800,-

Skápasamstæða
Stærð: 150x50x200
Verð áður: 178.000,-
VERÐ NÚ: 106.800,-

Borðstofuskenkur
Stærð: 200x50x95
Verð áður: 129.000,-
VERÐ NÚ: 77.400,-

Útsalan er hafin
20-70% afsláttur

Bilbao leðursófasett
Fáanlegt í svörtu og hvítu leðri
3+1+1
Verð áður: 228.000,-
VERÐ NÚ: 159.600,-

Metro tungusófi
Microfiber áklæði, hægt að taka áklæði af og hreinsa
Færanleg tunga
Stærð: 215cmX160cm
Verð áður: 128.000,-
VERÐ NÚ: 76.800,-

Coco armstóll
Tweed áklæði,
fáanlegur í nokkrum litum
Verð áður: 19.500,-
VERÐ NÚ: 15.600,-

Boston leðurhægindastóll
Fáanlegur í svörtu og brúnu leðri
Verð áður: 56.000,-
VERÐ NÚ: 39.200,-

Iona stóll
Verð áður: 13.500,-
VERÐ NÚ: 9.450,-

Richmond leðurstóll
Einnig fáanlegur m/ljósum eikarfótum
Verð áður: 15.500,-
VERÐ NÚ: 12.400,-

New Bond tungusófi
Hægt að taka áklæði af og hreinsa. Færanleg tunga.
Fáanlegur í nokkrum litum.
Stærð: 230cmX158cm.
Verð áður: 139.000,-
VERÐ NÚ: 111.200,-

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00 - www.egodekor.is

Stemningin skiptir öllu máli

Fyrsta sólóplata Elízu Geirsdóttur Newman, Empire Fall, er komin út. Elíza, sem var áður í hljómsveitinni Kolrössu krókríðandi og Skandinavíu, gefur út plötuna hjá nýstofnuðu útgáfufyrirtæki sínu, Lavaland Records.

ELÍZA GEIRSDÓTTIR Fyrsta sólóplata Elízu, Empire Fall, er komin í búðir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Ég var búin að velta því fyrir mér í nokkur ár að gera sólóplötu en langaði ekkert sérstaklega mikið til þess. Ég var of mikil hljómsveitarmanneskja og fannst svolítið erfitt að koma fram ein. En mér fannst tími til kominn núna enda komin aftur til Íslands," segir Elíza, sem flutti heim síðasta vetur eftir sjö ára dvöl í London. „Það var mjög gaman," segir hún um dvöl sína í stórborginni. „Þetta er eitthvað sem allir Íslendingar ættu að gera, að flytjast erlendis í tvö til þrjú ár og kynnast öðrum menningarheimum."

Frami í Bretlandi

Elíza var aðeins sextán ára þegar hún stofnaði kvennahljómsveitina Kolrössu krókríðandi ásamt skólasystrum sínum í Keflavík. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Kolrassa sigraði Músiktilraunir árið 1992 og gaf út þrjár plötur hjá Smekkleysu. Árið 1998 var nafni Kolrössu breytt í Bellatrix og stefnan sett á Bretlandsmarkað. Bellatrix gaf út tvær breiðskífur, spilaði víða og fór meðal annars í tónleikaferðalag með Coldplay. Auk þess kom hún fram sem aðalnúmerið á Carling-sviðinu á Reading-hátíðinni árið 2000.

Árið 2002 hóf Elíza framhaldsnám í óperusöng í London og undir áhrifum óperunnar stofnaði hún hljómsveitina Skandinavíu sem spilaði þungt rokk með óperuívafi. Sveitin fékk útgáfusamning eftir aðeins eina tónleika og gaf út eina breiðskífu og tvær smáskífur á ferli sínum.

Stemningin aðalatriðið

Elíza lýsir nýju plötunni sem minimalískri rokkplötu með góðu andrúmslofti og stemningu. „Þetta snerist allt um það að skapa stemningu og í sumum lögunum var fyrsta upptakan notuð. Þetta snerist líka voða mikið um að tóna niður söginn aftur á byrjunarreit því ég er búin að þjálfa mig svo mikið. Ég þurfti að fara aftur á byrjunarpunkt svo upprunalega röddin kæmi fram og það var frekar erfitt," segir hún.

Aðspurð segist Elíza ekki hafa legið lengi yfir textunum á plötunni. „Þeir fjalla bara um lífið og tilveruna. Þetta eru ósjálfráðir textar, eitthvað sem kemur úr undirmeðvitundinni og þarna er ég að melta ýmislegt sem hefur gengið á í lífinu."

Eigið útgáfufyrirtæki

Að sögn Elízu höfðu nokkrir aðilar erlendis hvatt hana til að stofna útgáfufyrirtæki og á endanum hafi hún slegið til og Lavaland Records orðið að veruleika. „Mér var sagt að það væri rosa sniðugt. Ég var svolítið treg fyrst en svo hugsaði ég að það gæti verið spennandi. Ég fékk rosalega góðar viðtökur við þessu úti þannig að ég sló til. Þetta er eitthvað sem ég vil prófa og þetta gefur mér vonandi ný og spennandi tækifæri."

Platan kemur út í Bretlandi og í Bandaríkjunum þann 1. október og einnig kemur hún út á iTunes þar sem allur heimurinn getur hlýtt á hana. Elíza stefnir á að halda útgáfutónleika hérlendis í næsta mánuði með glænýrri hljómsveit sinni auk þess sem hún stefnir á tónleikaferð um Bretland og Bandaríkin.

freyr@frettabladid.is

Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075 - bara lúxus
Íslenskt tal
LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

RUSH HOUR 3	kl. 2, 4, 6, 8 og 10 - POWER	12
RATATOUILLE íslenskt tal	kl. 1.30, 3.45 og 5.45	L
TRANSFORMERS	kl. 7 og 10	10
PLANET TERROR	kl. 8 og 10.20	16
SIMPSONS íslenskt tal	kl. 2 og 4	L

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!
www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ!
TOPPMYNDIN Í USA
Jackie Chan og Chris Tucker fara á kostum í fyndnustu spennumynd ársins!
LÚXUS
BÍÓDAGAR GRÆNA LJÓSSINS
SICKO 7 · ZOO 16
NO BODY IS PERFECT · FAST FOOD NATION · HALLAM FOE
GOYA´S GHOSTS · THE BRIDGE · FOR YOUR CONSIDERATION
CURSE OF THE GOLDEN FLOWER · DELIVER US FROM EVIL · DEATH OF A PRESIDENT
DAGSKRÁ OG MIÐASALA Á WWW.MIDI.IS
ALLAR UPPLÝSINGAR Á GRAENALJOSID.IS
49.000 manns
BECOMING JANE

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

RUSH HOUR 3	kl. 1.30-3.40-5.50-8 - 10.10	12
RUSH HOUR 3 LÚXUS	kl. 1.30-3.40-5.50-8 - 10.10	
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10	
THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL	kl. 2 - 4 - 6 - 8	
EVAN ALMIGHTY	kl. 2 - 4 - 6	
DIE HARD 4.0	kl. 8 - 10.45	14
DEATH PROOF	kl. 10	16

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó!
SÝNINGARTÍMAR BÍÓDAGA GRÆNA LJÓSSINS

KL. 3	Sicko / The Bridge / Fast Food Nation / Curse of the...
KL. 5.30	Sicko / For Your Consideratino / Hallam Foe
KL. 8	Sicko / Death Of A President / No Body Is Perfect
KL. 10.30	Sicko / Zoo / Goya´s Ghosts / Deliver Us From Evil
DEATH PROOF	kl. 8
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 6

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

RUSH HOUR 3	kl. 4.30-6.30-8.30-10.30	12
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 8 - 10	
THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL	kl. 4 - 6	
BECOMING JANE	kl. 5.30 - 8 - 10.30	

SÍMI 462 3500

RUSH HOUR 3	kl. 4 - 6 - 8 - 10	12
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 8	
THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL	kl. 4 - 6	
THE INVISIBLE	kl. 10	14

450 kr. í bíó!
MIÐASALA Á midi.is

Ódýrt í bíó
Sími: 553 2075 - bara lúxus
ATH. SÝND KL. 2 · ATH. SÝND KL. 1.30 · ATH. SÝND KL. 2
SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI
450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

SparBíó 450kr
Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag
www.SAMbio.is
NÝJASTA MEISTARAVERK PIXAR OG DISNEY
RATATOUILLE- KL. 12:30 Í ÁLFABAKKA M/ ENSKU OG ÍSL TALI, KL. 2 Í KEFLAVÍK OG KL. 2 Á SELFOSSI M/ÍSL TALI
HARRY POTTER 5 KL. 12:30 Í ÁLFABAKKA
SHREK 3 MEÐ ÍSLENSKU TALI KL. 2 Í ÁLFABAKKA OG 2 Á AKUREYRI

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is
NÝJASTA MEISTARAVERK PIXAR OG DISNEY
STÆRSTA MYND SUMARSINS
ÞEIRRA STRÍÐ. OKKAR HEIMUR
TRANSFORMERS FRÁ MICHAEL BAY OG STEVEN SPIELBERG
★★★ HJ. MBL NANCY DREW
Georgia Rule

ÁLFABAKKA

RATATOUILLE ENSKU TAL	kl. 12:30 - 3 - 5:30 - 8 - 10:40	L
RATATOUILLE ENSKU TAL	kl. 8 VIP	L
RATATOUILLE ÍSL TAL	kl. 12:30 - 3 - 5:30	L
TRANSFORMERS	kl. 5 - 8 - 10:30	10
TRANSFORMERS	kl. 10:30	10
TRANSFORMERS	kl. 2 - 5 - 8 - 10:50 VIP	
NANCY DREW	kl. 6 - 8:10 - 10:20	7
GEORGIA RULES	kl. 8	7
HARRY POTTER 5	kl. 12:30 - 3:15 - 8	10
SHREK 3 M/- ÍSL TAL	kl. 1 - 2 - 3 - 4	L
OCEAN´S 13	kl. 10:30	7

KRINGLUNNI

RATATOUILLE ENSKU TAL	kl. 8 - 10:30 DIGITAL	
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 2 - 2:30 - 4:30 DIGITAL	
TRANSFORMERS	kl. 5 - 7 - 10:40 DIGITAL	10
SHREK 3 M/- ÍSL TAL	kl. 2	L
HARRY POTTER 5	kl. 4:30	10
NANCY DREW	kl. 8	7
GEORGIA RULES	kl. 10:10	7

AKUREYRI

RATATOUILLE - ÍSL TAL	kl. 2 - 4 - 6	L
RATATOUILLE - ENSKT TAL	kl. 8	L
TRANSFORMERS	kl. 4 - 8 - 10:15	10
SHREK 3 - ÍSL TAL	kl. 2	L

KEFLAVÍK

RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 2 - 4	L
RUSH HOUR 3	kl. 6 - 8 - 10	12
SIMPSONS M/- ENS TAL	kl. 2 - 4	L
NANCY DREW	kl. 6	7
TRANSFORMERS	kl. 8	7

SELFOSSI S. 482 3007

RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 2 - 3:10 - 5:40	
RATATOUILLE ENSKU TAL	kl. 8	
TRANSFORMERS	kl. 8 - 11	10
SIMPSONS THE MOVIE	kl. 4:15 - 6	10
BLIND DATING	kl. 10:30	10

Við mælum með landafræðibókunum sem fást hjá okkur í Office 1.
Þar færð þú allt fyrir skólann undir einu þaki!
Office 1 Superstore
Skeifunni17 • Smáralind • Akureyri • Ísafirði • Egilsstöðum • Vestmannaeyjum • Selfossi • Hafnarfirði (Bókabúð Böðvars)

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS
18. ÁGÚST 2007

Að loknu Reykjavíkurmaraþoni Glitnis 18. ágúst 2007 þakkar Reykjavíkurmaraþon og Íþróttabandalag Reykjavíkur samstarfsaðilum og starfsmönnum hlaupsins samvinnuna og óskar öllum 11422 þátttakendum til hamingju með árangurinn.

Sigurvegarar Í 10,21,42 km í karla og kvenna flokki

10 km karla		10 km kvenna		21 km karla		21 km kvenna		42 km karla		42 km kvenna	
Kári Steinn Karlsson	00:31:00	Nikki Archer	00:35:37	Benjamin Serem	01:04:09	Cathy Mutwa	01:17:30	Simon Tonui	02:24:00	Sarah K. Knudson	3:21:19
Björn Margeirsson	00:32:38	Íris Anna Skúladóttir	00:37:37	Stefano Baldini	01:05:08	Nadine Gill	01:19:08	Joseph Mbithi	02:24:23	Sari Yrjölä	3:22:32
Ignacio	00:32:44	Jóhanna S. Ólafs	00:37:39	Zachary Kihara	01:05:57	Rannveig Oddsdóttir	01:27:28	Jiri Wallenfels	02:36:39	Tuula Yrjölä	3:22:32
Þorbergur I. Jónsson	00:32:56	Fríða R. Þórðardóttir	00:37:59	John Mutai Kipyator	01:06:23	Jacqueline S. Keavney	01:30:18	Gary Chandler	02:40:15	Joanne Wilson	3:24:33
Hebert Eric	00:35:27	Gerður R. Guðlaugsd.	00:41:09	Soren Parlshoj	01:07:53	Rachel Whittaker	01:33:02	José Ramón	02:40:16	Björg Árnadóttir	3:26:51

5 fyrstu íslensku hlaupararnir

10 km karla		10 km kvenna		21 km karla		21 km kvenna		42 km karla		42 km kvenna	
Kári Steinn Karlsson	00:31:00	Íris Anna Skúladóttir	00:37:37	Stefán Guðmundsson	01:14:09	Rannveig Oddsdóttir	01:27:28	Þorlákur Jónsson	2:58:33	Björg Árnadóttir	3:26:51
Björn Margeirsson	00:32:38	Jóhanna S. Ólafs	00:37:39	Valur Þórsson	01:14:44	Helen Ólafsdóttir	01:33:06	Stefán V. Sigtryggss.	3:04:30	Auður Aðalsteinsdóttir	3:28:52
Þorbergur I. Jónsson	00:32:56	Fríða Rún Þórðardóttir	00:37:59	Birgir Sævarsson	01:19:20	Huld Konráðsdóttir	01:33:57	Baldur Ú. Haraldsson	3:07:37	Sigrún Erlendsdóttir	3:42:50
Steinn Jóhannsson	00:35:33	Gerður R. Guðlaugsd.	00:41:09	Sveinn Ernstsson	01:20:46	Veronika S. Bjarnard.	01:35:20	Ívar A. Adolfsson	3:08:27	Guðrún K. Sæmundsd.	3:46:12
Bjartmar Örnuson	00:35:53	Valgerður D. Heimisd.	00:42:41	Birkir Marteinsson	01:21:55	Sigríður B. Einarsd.	01:36:05	Sigurður Þórarinsson	3:12:41	Guðfinna H. Þorvaldsd.	3:48:54

Heildarúrslit verða birt á www.marathon.is

GLITNIR · ICELANDAIR · ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR · FRÉTTABLAÐIÐ · ÍR · Margt smátt BOLUR · REYKJAVÍKURMARAÞON · POWERADE · asics · Barilla · SUZUKI

> Fyrsti útileikurinn í tæpa tvo mánuði

Einn leikur fer fram í Landsbankadeild karla í kvöld þegar HK tekur á móti FH á Kópavogsvellinum en leikur hefst klukkan 18.00. Þetta er frestaður leikur úr 12. umferð eða frá því að FH voru á fullu í forkeppni Meistaradeildar Evrópu. Það vekur athygli að FH-ingar spila þarna sinn fyrsta útileik í Landsbankadeildinni síðan að þeir töpuðu 1-4 fyrir Valsmönnum á laugardalsvellinum 27. júní eða fyrir tæpum tveimur mánuðum síðan. Frá þeim leik hefur FH spilað fjóra leiki í deildinni og þá alla á heimavelli sínum í Kaplakrika.

sport

sport@frettabladid.is

GUNNAR GUÐMUNDSSON, ÞJÁLFARI HK: LENDIR MEÐ LIÐ SITT Í TVEIMUR LÖNGUM HLÉUM Á STUTTUM TÍMA

Ekki með sína menn í hlaupum og leiðindum

Fyrsta tímabil HK í úrvalsdeild er afar sérstakt þar sem HK-liðið er fórnarlamb aðstæðna því þátttaka mótherja þeirra í Evrópukeppni og bikarkeppni hefur þýtt að færa leiki þeirra til. Gunnar Guðmundsson, þjálfari HK, náði að stýra liði sínu til sigurs í fyrsta leik eftir þriggja vikna hlé. Andstæðingar þeirra í Keflavík höfðu spilað fjóra leiki á þessum þremur vikum. „Þetta var rosalega sérstakt og maður fann alveg að allur krafturinn datt úr þessu. Ég gaf samt smá frí þannig að mínir menn náðu að endurnærast aðeins. Eftir að við náðum aðeins að hvíla okkur og jafna okkur þá byggðum við okkur markvisst upp fyrir þessi verkefni sem eru fram undan. Ég held að það hafi bara tekist ágætlega," segir Gunnar sem passaði upp á að hans mönnum fyndust þeir ekki vera að ganga í gegnum annað undirbúningstímabil. „Ég vildi það ekki því það er nógu leiðinlegt fyrir menn að ganga í gegnum það. Við reyndum að halda léttleikanum áfram uppi og spiluðum þá frekar mót innan liðsins. Við reyndum að hafa keppni inn á æfingum til að halda því við. Ég ætlaði alls ekki að fara út í einhver hlaup og leiðindi. Við skemmtun okkur bara ágætlega en það var alveg klárt að við þurftum náttúrlega að halda við líkamlega þættinum," segir Gunnar.

HK er komið með 14 stig eftir sigurinn og er nú með fimm stigum fleiri en Fram sem í 10. sæti. „KR og Fram voru að ná í stig í þessari umferð og þess vegna var gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að halda muninum sem var á liðunum fyrir leikina. Það var líka mikilvægt upp á sjálfstraustið að lenda ekki í einhverri taphrinu og við erum þá alltaf að sækja inn á milli sigurleiki eða stig," segir Gunnar en fram undan er leikur gegn efsta liðinu í kvöld og svo gegn botnliði Fram eftir viku. Eftir það kemur landsleikjahlé og önnur löng pása fyrir HK en þá líða 17 dagar á milli leikja. „Nú stefnir í aðra svona hvíld í byrjun september. Fylkir er kominn áfram í bikarnum og við áttum að spila við þá 2. september. Bikarleikurinn lendir einmitt á sama tíma sem þýðir aðra þriggja vikna pásu hjá okkur," segir Gunnar að lokum.

ENSKI BOLTINN

Enska úrvalsdeildin

BIRMINGHAM-WEST HAM	0-1
0-1 Mark Noble (70., víti).	
FULHAM-MIDDLESBROUGH	1-2
1-0 Brian McBride (16.), 1-1 Mido (56.), 1-2 Lee Cattermole (88.).	
PORTSMOUTH-BOLTON	3-1
0-1 Nicolas Anelka (13.), 1-1 Nwankwo Kanu (16.), 2-1 John Utaka (30.), 3-1 Matthew Taylor (88.).	
READING-EVERTON	1-0
1-0 Stephen Hunt (44.).	
NEWCASTLE-ASTON VILLA	0-0
TOTTENHAM-DERBY	4-0
1-0 Steed Malbranque (2.), 2-0 Steed Malbranque (6.), 3-0 Jermaine Jenas (14.), 4-0 Darren Bent (79.).	
WIGAN-SUNDERLAND	3-0
1-0 Emile Heskey (19.), 2-0 Denny Landzaat (62., víti), 3-0 Antoine Sibierski (69., víti)	

STAÐAN

Wigan	**3**	**2**	**0**	**1**	**5-2**	**6**
Man.City	2	2	0	0	3-0	6
Chelsea	**2**	**2**	**0**	**0**	**5-3**	**6**
Everton	3	2	0	1	5-3	6
Portsmouth	**3**	**1**	**2**	**0**	**6-4**	**5**
Newcastle	2	1	1	0	3-1	4
Reading	**3**	**1**	**1**	**1**	**2-2**	**4**
Sunderland	3	1	1	1	3-5	4
Tottenham	**3**	**1**	**0**	**2**	**5-4**	**3**
Arsenal	1	1	0	0	2-1	3
Blackburn	**1**	**1**	**0**	**0**	**2-1**	**3**
Liverpool	1	1	0	0	2-1	3
Fulham	**3**	**1**	**0**	**2**	**4-5**	**3**
Middlesbrough	3	1	0	2	3-4	3
West Ham	**2**	**1**	**0**	**1**	**1-2**	**3**
Man.United	2	0	2	0	1-1	2
Aston Villa	**2**	**0**	**1**	**1**	**1-2**	**1**
Birmingham	3	0	1	2	4-6	1
Derby	**3**	**0**	**1**	**2**	**2-7**	**1**
Bolton	3	0	0	3	3-8	0

Enska B-deildin

Blackpool-Bristol City	1-1
West Bromwich-Preston	2-0
Crystal Palace-Leicester	2-2
QPR-Cardiff City	0-2
Watford-Sheff. United	1-0
Coventry-Hull City	1-1
Plymouth-Ipswich Town	1-1
Colchester-Barnsley	2-2
Norwich-Southampton	2-1
Scunthorpe-Burnley	2-0
Stoke-Charlton	2-1

FAGN Steven Gerrard ætlar alls ekki að missa af slagnum við Chelsea.

NORDICPHOTOS/GETTY

Steven Gerrard hjá Liverpool:

Spilar í dag brákaður á tá

FÓTBOLTI Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, lætur ekki brákaða tá koma í veg fyrir að hann spil stórleikinn gegn Chelsea í dag. Gerrard meiddist í 1-0 sigri á franska liðinu Toulouse í forkeppni meistaradeildarinnar á miðvikudaginn.

Meiðslin munu þó væntanlega kosta hann vináttulandsleikinn við Þýskaland á Wembley á miðvikudaginn. „Hann verður klár í slaginn en eina vandamálið er að hann gæti þurft góða hvíld á eftir," sagði Rafael Benitez, stjóri Liverpool. **- óój**

Góðir sigrar Íslendingaliðanna í gær

West Ham, Reading og Portsmouth unnu öll sína fyrstu sigra í ensku úrvalsdeildinni á tímabilinu. Wigan skellti Sunderland og fór óvænt upp í toppsætið. Tottenham vann sinn fyrsta sigur með stæl.

FÓTBOLTI Íslendingaliðin West Ham, Reading og Portsmouth fögnuðu öll fyrsta sigri sínum í ensku úrvalsdeildinni í vetur, Reading og Portsmouth unnu bæði á heimavelli en West Ham tók þrjú stig með sér frá Birmingham.

Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson voru báðir í byrjunarliði Reading sem skaut Everton niður af toppnum með 1-0 sigri. Stephen Hunt skoraði sigurmarkið rétt fyrir hálfleik.

„Ég hef borið mikla virðingu fyrir mínu liði í langan tíma og einu sinni sem oftar þá unnu þeir sér hana inn í bílförmum. Þetta voru þrjú mikilvæg stig eftir erfiðustu byrjun liðs á mínum stjóraferli," sagði Steve Coppell, stjóri Reading, eftir leikinn.

Mark Noble skoraði sigurmark West Ham úr vítaspyrnu í 1-0 útisigri á Birmingham en það var Craig Bellamy sem fiskaði vítið 20 mínútum fyrir leikslok og sá til þess að Eggert Magnússon og félagar gátu fagnað fyrstu stigum tímabilsins.

„Við vorum góðir í seinni hálfleik og hvað vítið varðar þá er þetta þannig staða að stundum fær maður víti og stundum ekki," sagði Alan Curbishley sem kvartaði yfir því að vera skotspónn enskra fjölmiðla þessa dagana og sagði ekkert vandamál vera á milli sín og Bellamy þrátt fyrir fréttir um annað.

VÍTI? Craig Bellamy sést hér fiska vítið sem Mark Noble skoraði úr sigurmark West Ham. Vítið var umdeilt og Steve Bruce, stjóri Birmingham, talaði um að reynslumikill leikmaður hafi þarna fiskað víti á óreyndan markvörð hans. NORDICPHOTOS/AFP

VONT Brian McBride sést hér grípa um hné sitt eftir að hafa meiðst illa um leið og hann kom Fulham í 1-0.

NORDICPHOTOS/GETTY

Wigan er á toppnum eftir að hafa skellt lærisveinum Roy Keane í Sunderland 3-0. Þetta var fyrsta tap Keane sem stjóra í úrvalsdeildinni. „Það var mjög slæmt að missa fyrirliðann okkar í meiðsli fyrir leikinn. Maður reynir að taka með sér jákvæða hluti úr hverjum leik, ég veit ekki hvort þið hafið fundið eitthvað jákvætt hjá okkur í dag því ég á enn eftir að koma auga á það," sagði Keane eftir leikinn.

Chris Hutchings, stjóri Wigan, hrósaði Emile Heskey eftir leikinn. „Hann er búinn að vera stórkostlegur. Ég vona að hann haldi áfram að spila svona vel því hann er í landsliðsformi," sagði Hutchings eftir leikinn.

Það gengur ekkert hjá Bolton og liðið tapað þriðja leiknum í röð þegar Heiðar Helguson heimsótti Hermann Hreiðarsson og félaga hjá Portsmouth. Bolton komst í 1-0 annan leikinn í röð en Portsmouth svaraði með tveimur laglegum mörkum, það fyrra kom eftir góða varnarvinnu Hermanns sem var í byrjunarliðinu. Heiðar kom inn á sem varamaður í lokin.

„Ég er ekki rólegur því það er ekki auðvelt að tapa fyrstu þremur leikjum tímabilsins en það jákvæða er að ég sé framfarir hjá liðinu," sagði Sammy Lee, stjóri Bolton, eftir leikinn. Hann fékk stuðning frá Harry Redknapp, stjóra Portsmouth. „Sammy er í mjög erfiðu starfi að taka við af stóra Sam sem vann frábært starf. Litli Sam mun gera það gott um leið og hann nær í fyrstu stigin," sagði Redknapp.

Tottenham hristi af sér slyðruorðið svo um munaði með 4-0 sigri á Derby þar sem þrjú markanna komu á fyrsta korteri leiksins, Spurs-liðið hafði tapað fyrstu tveimur leikjum sínum en nú var ekkert annað en sigur á dagskránni. „Þetta er mikill léttir fyrir alla. Það var hrikalegt að fá ekkert út úr tveimur fyrstu leikjum en mínir menn sýndu að þeir vildu standa sig vel fyrir stuðningsmennina okkar," sagði Martin Jol, stjóri Spurs.

Það gekk ekkert upp hjá Fulham í 1-2 tapi fyrir Middlesbrough. Brian McBride fór úr hnélið þegar hann kom liðinu í 1-0, markvörðurinn Tony Warner gaf mark annan leikinn í röð, Hameur Bouazza fór úr axlarlið og þeir fengu síðan ekki jöfnunarmarkið dæmt gilt þótt boltinn færi yfir línuna.

ooj@frettabladid.is

LÍTILL Í SÉR Sammy Lee, stjóri Bolton, átti bágt með sig eftir þriðja tap liðsins í þremur fyrstu leikjum tímabilsins.

NORDICPHOTOS/GETTY

Þrír frábærir leikir fara fram í ensku úrvalsdeildinni í dag og þar á meðal er nágrannaslagurinn í Manchester:

Fyrsti risaslagur tímabilsins á Anfield

FÓTBOLTI Það fara fram þrír flottir fótboltaleikir í ensku úrvalsdeildinni í dag og þar á meðal er fyrsti risaslagur tímabilsins þegar Liverpool tekur á móti Chelsea á Anfield. Bæði liðin eru með fullt hús, Chelsea eftir tvo leiki en Liverpool aðeins einn þar sem leik vikunnar var frestað vegn þátttöku liðsins í meistaradeildinni.

Liðin teljast vera góðkunningjar eftir 15 leiki á síðustu þremur tímabilum en margir þeirra hafa verið markalitlir og lítil skemmtun. Jose Mourinho hefur lagt áherslu á frjálsari leik sinna manna og Benitez hefur keypt sóknarmenn í röðum þannig að nú vonast menn eftir sóknarleik og mikilli skemmtun í leik dagsins sem hefst klukkan 15.00.

„Það er mikilvægt að vinna leik gegn toppliði ekki síst til að senda út ákveðin skilaboð en þetta er bara einn leikur. Ef við ætlum okkur að berjast um titilinn þurfum við ekki að vinna einn leik, við þurfum að vinna marga leiki," sagði Rafael Benitez, stjóri Liverpool, sem er ánægður með að hafa fleiri leikmenn til skiptanna.

SÁLFRÆÐISTRÍÐ Stjórarnir Rafel Benitez og Jose Mourinho mætast enn á ný í dag.

NORDICPHOTOS/GETTY

Chelsea hefur ekki tapað í síðustu 16 leikjum sínum eða síðan þeir heimsóttu Anfield síðast, 20. janúar. Jose Mourinho fagnar því að John Terry sé búinn að ná sér af meiðslunum en á sama tíma hefur hann misst landa sinn Ricardo Carvalho í hnémeiðsli.

Það bíða líka margir spenntir eftir nágrannaslagnum í Manchester en það er ekki oft sem City-liðið kemur inn í leik gegn United með fullt hús og fjórum stigum meira en „stóri bróðir". Sven-Göran Eriksson hefur farið frábærlega af stað með Man. City í sigrum á West Ham og Derby en Man. United á enn eftir að vinna sinn fyrsta leik eftir jafntefli við Íslendingaliðin Reading og Portsmouth. Leikurinn fer fram á Eastlands, heimavelli City, og hefst klukkan 12.30.

Síðasti leikur dagsins er á milli Blackburn og Arsenal á Ewood Park en bæði lið hafa byrjað tímabilið vel og unnið alla leiki sína í deild og Evrópukeppni.

AFMÆLIS TILBOÐ

NÚ ER LOKA DAGUR 14 ÁRA AFMÆLISVEISLU TÖLVULISTANS
ÓTRÚLEG AFMÆLIS TILBOÐ Í ÖLLUM VERLSUNUM OKKAR!

LOKA DAGUR!

Í dag er loka dagur 14 ára afmælisveislu Tölvulistans **Frábær afmælistilboð** á fartölvum heimilistölvum og aukabúnaði. Þú mátt ekki missa af þessu! Hlökkum til að sjá þig!

LOKA DAGUR!

TÖLVULISTINN

Reykjavík • Nóatúni 17 • Sími 414 1700
Akureyri • Glerárgötu 36 • Sími 414 1730
Egilsstaðir • Miðvangur 2-4 • Sími 414 1735
Keflavík • Hafnargötu 90 • Sími 414 1740
Kópavogur • Hlíðasmára 10 • Sími 414 1760

NÚ ERU ÓTRÚLEG AFMÆLISTILBOÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM TÖLVULISTANS

Valskonur flugu á toppinn

Valur skoraði sjö mörk á tuttugu mínútna kafla í lok fyrri hálfleiks í 9-0 sigri á Keflavík í Landsbankadeild kvenna og komst fyrir vikið upp fyrir KR í toppsæti deildarinnar. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði sex mörk í leiknum.

FÓTBOLTI Kvennalið Vals er í miklu stuði þessa dagana og liðið sýndi það og sannaði með því að bursta Keflavík 9-0 á útivelli í Landsbankadeild kvenna í gær. Þetta var fyrsti deildarleikur Valsliðsins eftir að liðið vann Evrópuriðil sinn í Færeyjum á dögunum. Eftir leikinn er Valur og KR jöfn að stigum en Valsliðið hefur 12 marka forskot í markatölu.

Valsliðið skoraði ellefu mörk í síðustu tveimur leikjum sínum í Evrópukeppninni og markaveislan hélt áfram í Keflavík í gær. Stórsigurinn kom þó nokkuð á óvart þar sem Keflavík er í baráttunni um þriðja sæti deildarinnar hafði unnið fimm heimaleiki sína fyrstu með markatölunni 21-3. Markahæsti leikmaður deildarinnar, Margrét Lára Viðarsdóttir, skoraði sex mörk í leiknum og er því búin að skora yfir tuttugu mörk fjórða sumarið í röð í úrvalsdeild kvenna. Katrín Jónsdóttir, Guðný Björk Óðinsdóttir og Nína Ósk Kristinsdóttir skoruðu hin þrjú mörk Valsliðsins í gær.

„Við spiluðum bara gríðarlega vel og þá sérstaklega þessar 20 mínútur í fyrri hálfleik þegar við skoruðum sjö mörk. Við spiluðum þá frábæran tuttugu mínútna kafla og kláruðum leikinn. Við ætluðum að keyra yfir þær í síðari hálfleik en það var komin þreyta í liðið eftir að hafa spilað þrjá leiki á sex dögum í Evrópukeppninni og svo fjórða leikinn fjórum dögum síðar. Við vorum orðnar þreyttar en liðið er fullt sjálfstrausts núna, við spilum virkilega vel bæði sóknar- og varnarlega og við kláruðum þennan leik á egóinu," sagði Margrét Lára Viðarsdóttir eftir leikinn en þetta var fjórði leikur liðsins á aðeins tíu dögum.

„Við erum á góðri leið og verðum líka að vera það ef við ætlum að vera í þessari titilbaráttu. Hún er hörð og mun verða enn harðari eftir því sem líður á. Við hugsum bara um að vinna hvern einasta leik sem við förum í og þá vitum við hvar við stöndum í september," sagði Margrét Lára sem hefur þar með skorað 24 mörk í ellefu leikjum í Landsbankadeildinni í sumar en þetta var önnur „sexa" hennar í síðustu þremur leikjum.

Þór/KA vann Fylki 1-0 í Árbænum í hinum leik gærdagsins og það var Rakel Hönnudóttir sem skoraði eina mark leiksins á 30. mínútu en hún hefur skorað 5 af 10 mörkum liðsins í sumar. Fylkir lék manni færri síðustu 15 mínúturnar eftir að Ragna Björg Einarsdóttir fékk sitt annað gula spjald. **- óój**

EITT AF SEX MÖRKUM Valskonan Margrét Lára Viðarsdóttir skorar hér úr vítaspyrnu, eitt af sex mörkum sínum í gær. VÍKURFRÉTTIR/HILMAR BRAGI

Staðan í deildunum

LANDSBANKADEILD KVENNA

Valur	**11**	**10**	**1**	**0**	**54-5**	**31**
KR	11	10	1	0	49-12	31
Breiðablik	**12**	**7**	**1**	**4**	**25-24**	**22**
Keflavík	12	7	0	5	28-26	21
Stjarnan	**12**	**4**	**3**	**5**	**19-23**	**15**
Fjölnir	11	3	3	5	11-15	12
Þór/KA	12	2	1	9	9-34	7
ÍR	11	1	1	9	13-48	4
Fylkir	**10**	**0**	**3**	**7**	**9-30**	**3**

1. DEILD KARLA

Grindavík	**16**	**12**	**2**	**2**	**31-13**	**38**
Þróttur	16	12	1	3	35-16	37
Fjölnir	**16**	**10**	**3**	**3**	**47-19**	**33**
Fjarðabyggð	16	8	3	5	17-10	27
ÍBV	**16**	**7**	**5**	**4**	**26-16**	**26**
Stjarnan	16	4	4	8	30-32	16
Þór Ak.	**16**	**4**	**4**	**8**	**24-29**	**16**
Njarðvík	16	3	7	6	17-23	16
Víkingur Ó.	**16**	**4**	**4**	**8**	**19-26**	**16**
KA	16	4	3	9	10-36	15
Leiknir R.	**16**	**3**	**5**	**8**	**16-23**	**14**
Reynir S.	16	2	5	9	18-47	11



Þýska bundesligan í fótbolta er komin á fulla ferð:

Bæjarar byrja vel

FÓTBOLTI Bayern München byrjar tímabilið vel í þýsku bundesligunni í knattspyrnu en liðið vann 4-0 útisigur á Werder Bremen í gær og er með fullt hús og markatöluna 7-0 eftir tvær umferðir.

Nýju mennirnir blómstra hjá Bayern. Luca Toni hefur skorað í báðum leikjunum og lagði auk þess upp tvö mörk gegn Bremen í gær, Miroslav Klose skoraði tvö í fyrsta leiknum en náði ekki að skora gegn sínum gömlu félögum í gær og þeir Franck Ribery og Hamit Altintop skoruðu báðir í gær.

Nýir leikmenn liðsins hafa því skorað sex af sjö fyrstu mörkum tímabilsins en Andreas Ottl sem skoraði fjórða og síðasta markið gegn Werder Bremen er eini markaskorari tímabilsins til þessa sem lék með liðinu á síðasta tímabili.

Meistararnir í VfB Stuttgart töpuðu 1-3 fyrir Hertha Berlin og eru enn að bíða eftir fyrsta sigri tímabilsins. **- óój**

MARKAVEISLA Luca Toni fagnar marki sínu í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

FULLT AF MÖRKUM Fjölnismenn hafa skorað 47 mörk í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

1. deild karla í fótbolta:

Línur farnar að skýrast

FÓTBOLTI Fjölnir vann 4-0 sigur á KA í 1. deild karla í gær og náði með því sex stiga forskoti á Fjarðabyggð í baráttunni um þriðja sætið og það síðasta sem gefur sæti í Landsbankadeild.

Grindavík og Þróttur unnu bæði leiki sína í umferðinni og eru komin með annan fótinn í úrvalsdeildina, tíu og ellefu stigum á undan liðinu í fjórða sætinu.

Davíð Þór Rúnarsson skoraði tvö mörk fyrir Fjölni á þriggja mínútna kafla um miðjan fyrri hálfleik, Pétur Georg Markan kom Fjölni á sporið á 12. mínútu og Atli Viðar Björnsson innsiglaði síðan sigurinn í seinni hálfleik.

Fjarðabyggð tapaði á sama tíma 0-1 fyrir Þór á Akureyri og er að missa af lestinni enda liðið aðeins búið að ná í fimm stig af síðustu 18 mögulegum. Hreinn Hringsson tryggði Þór þrjú stig sem eru liðinu dýrmæt í fallbaráttunni. **- óój**

SILFUR Malmö missti af möguleikanum á titlinum í gær.

Sænska kvennaknattspyrnan:

Umeå vann uppgjörið

FÓTBOLTI Umeå á sænska meistaratitilinn vísan þriðja árið í röð eftir 2-0 sigur á JdB Malmö í uppgjöri efstu liðanna í sænsku úrvalsdeildinni í knattsyrnu kvenna í gær.

Umeå náði með þessu sjö stiga forskoti á Malmö þegar aðeins fjórar umferðir eru eftir. Lisa Dahlqvist kom Umeå í 1-0 á 55. mínútu og hin brasilíska Marta da Silva gulltryggði sigurinn í blálokin.

Þóra Björg Helagdóttir markvörður og Dóra Stefánsdóttir léku allan leikinn með Malmö en Ásthildur Helgadóttir gat ekki leikið vegna meiðsla sem hafa haldið henni frá keppni undanfarnar vikur. **- óój**

A310/300-600
Tegundarnámskeið

Flugskóli Íslands mun halda tegundarnámskeið á Airbus 310/300-600 og eru að minnsta kosti 200 flugtímar á A310/300-600 hjá JAR-OPS flugfélagi innifaldir í námskeiðinu.

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Flugskóla Íslands í síma 530 5100, eða sendið rafpóst á sigurjon@flugskoli.is.

FLUGSKÓLI ÍSLANDS

FLUGSKÓLI ÍSLANDS HÁTEIGSVEGI 105 REYKJAVÍK SÍMI 530 5100 WWW.FLUGSKOLI.IS

zetor

norden
Nordiska ministerrådet

NORRÆNA HÚSIÐ

....OG VEISLAN HELDUR ÁFRAM Í NORRÆNA HÚSINU...

SÝNISHORN AF TÓNLISTARVEISLUNNI:
20. ÁGÚST KL. 22:45 ANE BRUN
21. ÁGÚST KL. 19:00 CAPUT HÓPURINN
21. ÁGÚST KL. 21:00 LAURA PYRRÖ SÓPRANSÖNGKONA OG ÁGÚST ÓLAFSSON BARÍTONSÖNGVARI
22. ÁGÚST KL. 15:00 OG 18:00 TRIO FUGU & TENPURA
23. ÁGÚST KL. 22:30 MAGNET
24. ÁGÚST KL. 21:00 BUDAM
24. ÁGÚST KL. 22:30 JENS LEKMAN
25. ÁGÚST KL. 21:00 MEGAS
26. ÁGÚST KL. 21:00 ANDREA GYLFA OG TRÍÓ BJÖRNS THORODDSEN
26. ÁGÚST KL. 22:30 KK OG TRÍÓ

GJÖRNINGAR OG MYNDBANDAVEISLA
19. ÁGÚST KL. 15:00 OG 17:00
NÝLÓKÓRINN FLYTUR VERK EFTIR HÖRPU BJÖRNSDÓTTUR OG ÁKA ÁSGEIRSSON
19. ÁGÚST KL. 13:00 – 18:00
MYNDBANDALIST. LISTAMENN SEM EIGA VERK Í ÞESSARI MYNDBANDAVEISLU ERU: DIETER ROTH, MAGNÚS PÁLSSON, RÚRÍ, ÁSTA ÓLAFSDÓTTIR, THE ICELANDIC LOVE CORPORATION, HANNES LÁRUSSON, SARA BJÖRNSDÓTTIR, ANNA HALLIN, ARNA VALSDÓTTIR OG CHOOC LY TAN.
23. ÁGÚST KL. 20:00 ALLSHERJAR BJÖRNINGA- OG MYNDBANDAVEISLA ÞAR SEM ALLIR GJÖRNINGAR REYFI – HÁTÍÐARINNAR VERÐA FLUTTIR OG MYNDBANDALIST SÝND Í SAL NORRÆNA HÚSSINS

„ÆTLAR REYKJAVÍK AÐ VERA EVRÓPSK BORG EÐA AMERÍSKT ÚTHVERFI?"
21. ÁGÚST KL. 17:30
FYRIRLESTUR UM ARKITEKTÚR

KVIKMYNDIR:
19. ÁGÚST KL. 19:00
SÆNSKI LEIKSTJÓRINN SUZANNE OSTEN HELDUR FYRIRLESTUR OG SÝND VERÐUR KVIKMYND HENNAR BESVÄRLIGA MÄNNISKOR
20. ÁGÚST KL. 20:00 JADE WARRIIOR
22. ÁGÚST KL. 21:00 BRÖDERNE MOZART
23. ÁGÚST KL. 17:00 WELLKÅMM TO VERONA

RITHÖFUNDASPJALL:
19. ÁGÚST FRÁ KL. 13:00
KYNNIR: HALLDÓR GUÐMUNDSSON
ÞÁTTTAKENDUR:
EINAR MÁR GUÐMUNDSSON, DANSKI RITHÖFUNDURINN CARSTEN JENSEN
NÝHIL: ÞÓRDÍS BJÖRNSDÓTTIR, BJÖRK ÞORGRÍMSDÓTTIR
VALUR BRYNJAR ANTONSSON OG ÓFEIGUR SIGURÐSSON
22. ÁGÚST KL. 19:00
SÆNSKA SKÁLDKONAN CAMILLA LÄCKBERG

...SITT LÍTIÐ AF HVERJU...
SÖGU OG LJÓÐSAGNASTUND HÖNNUN
FJÖLLEIKAHÚS
DANSSÝNINGAR
BARNALEIKHÚS
HEIMSPORP
LISTSÝNINGAR
SJÁ NÁNARI UPPLÝSINGAR: WWW.NORDICE.IS WWW.REYFI.IS
ÁSAMT AUGLÝSINGUM Í DAGBLÖÐUM

NORRÆN MATARGERÐ:
KYNNING Á NORRÆNNI MATARGERÐ
18. ÁGÚST KL. 15:00
22. ÁGÚST KL. 17:30
25. ÁGÚST KL. 15:00

HLJÓÐX GARÐHEIMAR SEGLAGERÐIN ÆGIR HÓTEL ÖRK hönd Reykjavik Excursions Egils Fiskisaga GALLERÍ KJÖT

MJÖG GÓÐUR Helgi Már Magnússon hitti úr 10 af 17 skotum sínum og skoraði 24 stig. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Körfuboltalandslið karla:

Yngra liðið vann það eldra

KÖRFUBOLTI Íslenska körfuboltalandsliðið undirbýr sig nú á fullu fyrir fjóra leiki í B-deild Evrópukeppninnar en ólíkt hinum þjóðunum fær liðið enga æfingaleiki.

Þess í stað skipti landsliðsþjálfarinn Sigurður Ingimundarson í tvö lið sem mættust í akademíunni í Reykjanesbæ í gær. Þar mættust lið eldri og yngri.

Í eldra liðinu voru þeir Friðrik Stefánsson, Magnús Þór Gunnarsson, Logi Gunnarsson, Páll Axel Vilbergsson, Jakob Örn Sigurðarson og Fannar Ólafsson en í yngra liðinu voru Helgi Már Magnússon, Brynjar Þór Björnsson, Hörður Axel Vilhjálmsson, Sigurður Gunnar Þorsteinsson, Þorleifur Ólafsson og Kristinn Jónasson.

Yngra liðið vann leikinn 75-68 þar sem Helgi Már (24 stig, 11 fráköst), Þorleifur (17 stig) og Sigurður (13 stig) voru atkvæðamestir. Hjá þeim eldri var Páll Axel með 20 stig og 11 fráköst, Logi skoraði 15 og Jakob var með 13 og 4 stoðsendingar. **- óój**

Metfjöldi í Reykjavíkurmaraþoninu

Keníamenn urðu í efstu sætunum í bæði heilu og hálfu Reykjavíkurmaraþoni sem fram fór í gær en Ólympíumeistarinn náði bara silfrinu í hálfu maraþoni. Rúmlega ellefu þúsund manns tóku þátt í ár.

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Keníamaðurinn Simon Tonui og Sarah Kathryn Knudson frá Kanada unnu 24. Reykjavíkurmaraþonið sem fram fór í gær. Þátttökumetið var slegið með glæsibrag en rúmlega ellefu þúsund manns hlupu í maraþonið, hálfa maraþonið, 10 km hlaupið eða tóku þátt í skemmtiskokkinu í frábæru veðri í gær.

Stemningin var mjög góð í kringum hlaupið í gær, veðrið var mjög gott og hlaupararnir voru hvattir áfram af fullt af áhorfendum sem létu vel í sér heyra á hlaupaleiðinni. Í hlaupinu í fyrra hlupu rúmlega 10.000 manns þannig að þátttakendunum fjölgaði um rúmlega 10 prósent sem er ánægjulegt. Alls skráðu 11.408 manns sig til þátttöku. 574 hlauparar spreyttu sig á maraþoni, 1.628 hlupu hálfa þá vegalengd og 2.971 hljóp tíu kílómetra.

Keníamenn voru sigursælir í karlaflokki því Simon Tonui kom fyrstur í mark í heilu maraþoni eftir nákvæmlega tvo tíma og 24 mínútur og landi hans, Joseph Mbithi, kom annar í mark á tímanum 2:24:23. Þriðji varð Jiri Wallenfels frá Tékklandi á 2:36:39.

Sarah Kathryn Knudson frá Kanada vann maraþonið hjá konum en hún hljóp á þremur tímum, 21 mínútu og 19 sekúndum. Finnsku mæðgurnar Tuula og Sari Yrjölä komu síðan jafnar í mark í 2. til 3. sæti en þær hlupu á 03:22:32 klukkutímum og voru einni mínútu og 13 sekúndum á eftir sigurvegaranum. Stefán Viðar Sigtryggsson var fyrstur íslenskra karla og Björg Árnadóttir kom fyrst í mark af íslenskum konum.

Í hálfmaraþoni var Ólympíumeistarinn frá Aþenu 2004 mættur til leiks, Stefano Baldini frá Ítalíu, en hann náði ekki gullinu á Íslandi og kom annar í mark á eftir Keníabúanum Benjamin Serem sem hljóp á einum tíma, 4 sekúndum og 9 sekúndum og var 59 sekúndum á undan Ítalanum. Næstu menn voru síðan Keníabúarnir John Mutai Kipyator og Zachary Kihara.

Cathy Mutwa frá Kenía vann öruggan sigur í hálfu maraþoni kvenna en í öðru sæti varð Nadine Gill frá Bandaríkjunum. Stefán Guðmundsson kom fyrstur Íslendinga í mark í hálfu maraþoni karla en Rannveig Oddsdóttir varð fyrst íslenskra kvenna og endaði auk þess í þriðja sæti í hálfu maraþoni kvenna.

Kári Steinn Karlsson og Nikki Archer unnu 10 km hlaup karla og kvenna en Íris Anna Skúladóttir varð í öðru sæti hjá konunum. Kári hljóp á sléttri 31 mínútu en Björn Margeirsson var annar, 1 mínútu og 38 sekúndum á eftir Kára Steini. Archer hljóp á 35 mínútum og 37 sekúndum en Íris Anna kom í mark á 37 mínútum og 37 sekúndum.

ooj@frettabladid.is

SIGURINN Í HÖFN Sarah Knudson frá Kanada fagnar hér sigri í maraþoni kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

MASTERCARD KYNNIR

DAGUR 5

Í DAG BJÓÐUM VIÐ UPP Á ELLEFU FRÁBÆRAR KVIKMYNDIR UM ALLT MILLI HIMINS OG JARÐAR, FRÁ ÖLLUM HEIMSHORNUM

MasterCard

REGNBOGINN

græna ljósið

THE BRIDGE
Sjálfsvíg ársins 2004 á Golden Gate brúnni fest á filmu í einstakri mynd.

FAST FOOD NATION
Richard Linklater kafar ofan í menningu skyndibitafæðis í USA.

NO BODY IS PERFECT
Öfgafullar líkamsbreytingar og álíka tilraunir í sláandi mynd.

CURSE OF THE GOLDEN FLOWER
Nýjasta þrekvirkið frá höfundi myndanna Hero og House of Flying Daggers.

FOR YOUR CONSIDERATION
Nýja gamanmyndin frá hópnum sem gerði m.a. Best in Show og Spinal Tap.

SICKO
Michael Moore sýnir okkur að heilbrigðiskerfið í USA er brandari.

DEATH OF A PRESIDENT
„Heimildarmynd“ um morð á George W. Bush, núverandi forseta USA

GOYA'S GHOST
Stórbrotin og epísk mynd eftir meistara Milos Forman.

ZOO
Lygileg heimildarmynd sem fjallar um efni sem fæstir vilja vita af.

DELIVER US FROM EVIL
Prestur sem misnotaði óteljandi börn yfir 30 ára tímabil segir sögu sína.

HALLAM FOE
Stórskemmtileg þroskasaga með Jamie Bell (Billy Elliott) í aðalhlutverki.

DAGSKRÁ OG MIÐASALA Á MIÐI.IS
ALLAR UPPLÝSINGAR Á GRAENALJOSID.IS

REGNBOGINN 15. - 29. ÁGÚST BÍÓ-DAGAR GRÆNA LJÓSSINS

Nánari upplýsingar um útsöluvörur og útsöluverð eru á www.tekk.is

FABRIKAN

ALLTAF BÆTIST VIÐ ÚRVALIÐ Á ÚTSÖLUNNI!

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP Á FALLEGUM HÚSBÚNAÐI
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

OPIÐ ALLA HELGINA: LAUGARDAG KL. 10 -16 OG SUNNUDAG KL.13-16

> **John Turturro**

„Ef þú ert dökkur þá ertu vondi kallinn í myndinni, það er bara þannig. Ég hef neitað milljónum vondra-kalla-hlutverkum," segir John um reynslu sína í kvikmyndaheiminum. John hefur átt farsælt samstarf við Spike Lee og Cohen-bræður og birst í mörgum af þeirra bestu myndum. Hann leikur í myndinni Grace of My Heart á Stöð 2 Bíó kl. 18.00.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR FÆR FIÐRING Í MAGANN

Sjarmörar á skjánum

Þeir eiga sér enga stoð í raunveruleikanum. Samt eru þeir svo ótrúlega heillandi sjarmörarnir í sjónvarpinu. Fyrsta ástin mín á skjánum var enginn annar en Don Johnson í Miami Vice. Ef mig minnir rétt voru þættirnir sýndir á laugardögum þegar ég var um ellefu, tólf ára gömul. Iðulega gisti ég hjá bestu vinkonu minni sem var álíka mikið skotin og ég. Svo tróðum við í okkur nammi og fylgdumst með gullmolanum með uppbrettu ermarnar leysa stóra kókaínmálið.

Miami Vice missti þó fljótt sjarmann og aðrir töffarar tóku við. George Clooney kom sterkur

inn sem bráðalæknir á Bráðavaktinni. James Denton betur þekktur sem Mike Delfino í Aðþrengdum eiginkonum er þessi sterka þögla týpa sem mörgum þykkir heillandi. Jafnvel Mr. Big í Beðmálum í borginni tókst að hræra upp í aumu kvenmannshjartanu. Að öðrum ólöstuðum er þó Josh Holloway, eða Sawyer í þáttunum Lost sá sem á vinninginn þessa stundina. Enda örugglega margar snótir sem dreyma um að gera úr honum betri mann.

EKKI MISSA AF

19.35 Út og suður SJÓNVARPIÐ

22.05 Mobile STÖÐ 2

00.00 The Missing STÖÐ 2 BÍÓ

22.00 So You Think You Can Dance SIRKUS

21.50 Sleeper Cell SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar 08.01 Róbert Bangsi 08.11 Bubbi byggir 08.22 Pósturinn Páll 08.37 Friðþjófur forvitni 09.00 Disneystundin 09.01 Stjáni 09.23 Sígildar teiknimyndir 09.30 Alvöru dreki 09.53 Arthur 10.18 Ævintýri HC Andersen

10.45 Út og suður e.

11.15 Stórtónleikar á Laugardalsvelli e.

14.10 Meistari Bergman e.

15.10 Kvöldstund með Kristni Hallssyni e.

16.05 Sveppaplánetan e.

16.50 Popp og pólitík (1:3)

17.50 Táknmálsfréttir

18.00 Stundin okkar (13:32)

18.30 Nóemí, stúlkan af fjallinu (2:3)

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Út og suður (12:16)

20.05 Smákröfur - Brúðkaupið (Small Claims: White Wedding) Áströlsk sjónvarpsmynd frá 2005 um konur í úthverfi Sydney. Meðal leikenda eru Claudia Karvan, Rebecca Gibney, Alyssa McClelland.

21.45 Kundun Bandarísk bíómynd frá 1997 um ævi Dalaí Lama, andlegs leiðtoga og þjóðhöfðingja Tíbeta sem hefur verið í útlegð á Indlandi síðan Kínverjar hernámu heimaland hans árið 1959. Leikstjóri er Martin Scorsese. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

23.55 Sönn íslensk sakamál - Morðið á Gunnari leigubílstjóra e.

00.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06:00 Hair

08:05 Dear Frankie

10:00 Grace of My Heart

12:00 Friday Night Lights

14:00 Hair

16:05 Dear Frankie

18:00 Grace of My Heart

20:00 Friday Night Lights Átakanleg fótboltamynd með Billy Bob Thornton í aðalhlutverki.Fótboltaliðið í Permian-skólanum í Texas ætlar sér stóra hluti í úrslitakeppninni.

22:00 The Girl Next Door

00:00 The Missing

02:15 Dirty Deeds

04:00 The Girl Next Door

STÖÐ 2

07:00 Pocoyo 07:10 Barney 07:35 Hlaupin 07:45 Funky Valley 07:50 Addi Paddi 07:55 Véla Villi 08:05 Fifi and the Flowertots 1 08:15 Stubbarnir 08:40 Doddi litli og Eyrnastór 08:50 Charlie and Lola 1b 09:05 Könnuðurinn Dóra 09:25 Camp Lazlo 1 09:50 Ofurhundurinn Krypto 10:10 Tracey McBean 10:20 Sabrina - Unglingsnornin 10:45 Hestaklúbburinn 11:10 Háheimar 11:35 W.I.T.C.H.

12:00 Hádegisfréttir

12:45 Nágrannar

14:30 So You Think You Can Dance (17:23)

15:15 Pirate Master (11:14)

16:10 Whose Line Is it Anyway? 4

16:40 Heima hjá Jamie Oliver

17:10 Matur og lífsstíll

17:45 Oprah

18:30 Fréttir

19:00 Íþróttir og veður

19:15 60 mínútur

20:00 Örlagadagurinn (12:31) Kristín Snorradóttir er móðir ungs eiturlyfjafíkils og hennar örlagadagur var þegar hún fann hjálp og fór að njóta lífsins í stað þess að kveljast bara með fíklinum.

20:35 Monk (5:16) Fyrrverandi rannsóknarlögregluþjónninn Adrian Monk snýr aftur í fimmta sinn og hann er enn að reyna að komast aftur að hjá lögreglunni.

21:20 The 4400 (6:13) Síðastliðin 50 ár hafa 4400 manns horfið frá heimilum sínum um gervöll Bandaríkin.

22:05 Mobile (4:4) Breskur tryllir í fjórum þáttum sem segir frá miskunnarlausri baráttu gegn hryðjuverkum. 2007.

23:00 Ray Einstaklega vönduð og vel leikin verðlaunamynd um líf og starf tónlistargoðsagnarinnar Ray Charles. Þessi blindi snillingur átti stormasama ævi á meðan allt lék í lyndi á sjálfum tónlistarferlinum þar sem hann vann hvern sigurinn á fætur öðrum. Aðalhlutverk: Regina King, Jamie Foxx, Kerry Washington. Leikstjóri: Taylor Hackford. 2004. Bönnuð börnum.

01:30 Bad Apple

03:00 Stolen Summer

04:30 Monk (5:16)

05:15 Örlagadagurinn (12:31)

05:50 Fréttir

06:30 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tíví

SÝN besta sætið

10:50 Meistaradeildin 2007 - forkeppni (Sparta Prag - Arsenal)

12:30 Gillette World Sport 2007

13:00 Augusta Masters (Augusta Masters Official Film - 2002)

13:55 US PGA Championship 2007 Útsending frá lokadegi PGA meistaramótsins í golfi sem er síðasta risamót ársins.

18:25 Það helsta í PGA mótaröðinni

18:55 Heights of Passion (Erkifjendur) Frábær þáttaröð sem fjallar um viðureignir erkifjenda í knattspyrnuheiminum. Í þessum þætti er tekið fyrir samband nágrannanna í Mílanóborg, AC Milan og Inter Milan.

19:50 Supercopa 2007 Bein útsending frá leik Real Madrid og Sevilla um titilinn meistarar meistaranna. Hér mætast Spánarmeistararnir og bikarmeistararnir frá síðustu sparktíð.

22:00 Champions of the World Í þessum þætti beinum við sjónum okkar að Úrúgvæ og knattspyrnunni þar í landi.

22:55 Stjörnugolf 2007

23:35 Supercopa 2007 Útsending frá leik Real Madrid og Sevilla í keppni meistara meistaranna.

SÝN 2

09.10 (Reading - Everton) Útsending frá leik Birmingham City og West Ham United.

10.50 4 4 2

12.10 (Man. City - Man. Utd.) Sýn Extra kl. 13.55: Blackburn-Arsenal

14.40 (Liverpool - Chelsea) Bein útsending frá stórleik Liverpool og Chelsea í 3. umferð ensku úrvalsdeildarinnar. Liverpool lék til úrslita í Meistaradeildinni síðastliðið vor og Chelsea sigraði á báðum ensku bikarkeppnunum. Tvö af sterkustu liðum deildarinnar.

17.15 (Tottenham - Derby) Útsending frá leik Tottenham og Derby sem fram fór á laugardeginum.

18.55 (Fulham - Middlesbrough) Útsending frá leik Fulham og Middlesbrough sem fram fór á laugardeginum.

20.35 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, standa vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum.

21.55 (Man. City - Man. Utd.)

23.35 (Liverpool - Chelsea) Útsending frá 3.umferð.

SKJÁREINN

07:45 Vörutorg

08:45 MotoGP Bein útsending frá Brno í Tékklandi þar sem tólfta mót tímabilsins í MotoGP fer fram. Þar er frábær braut og erfiðar beygjur sem reyna á hæfni keppenda til hins ítrasta.

13:10 High School Reunion (e)

14:00 The Biggest Loser (e)

15:00 Charmed (e)

16:00 Blow Out III (e)

17:00 Design Star (e)

18:00 How Clean is Your House? (e)

18:30 7th Heaven Bandarísk unglingasería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarinn áratug. Hún hóf göngu sína vestan hafs haustið 1996 og er enn að. Camden-fjölskyldunni er fylgt í gegnum súrt og sætt en hjónakornin Eric og Annie eru með fullt hús af börnum.

19:20 Da Vinci's Inquest (e)

20:10 Robin Hood (12:13) Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem rænir þá ríku til að gefa hinum fátæku.

21:00 3 Lbs (4:8) Bandarísk þáttaröð um hrokafullan heilaskurðlækni í New York. Stanley Tucci og Mark Feuerstein leika aðalhlutverkin. Hermaður sem særðist á höfði í Írak lamast á vinstri hendi og er sannfærður um að höndin sé af félaga hans, sem lést í stríðinu.

21:50 Sleeper Cell (4:8) Hörkuspennandi þáttaröð um bandarískan alríkislögreglumann sem kemst í innsta hring hryðjuverkasamtaka. Farik er á flótta eftir að honum var bjargað úr fangelsi í Sádí-Arabíu.

22:40 Law & Order (e)

23:30 Runaway (e)

00:20 Sex, love and secrets (e)

01:10 Vörutorg

02:10 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12:15 Magasínþáttur – mannlíf og menning á norðurlandi. Samantekt umfjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Mánudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00
Örlagadagurinn

Örlagadagurinn er fræðandi og oft átakanlegur þáttur þar sem fólk segir Sirrý frá deginum sem breytti lífi þeirra. Að þessu sinni er það Kristín Snorradóttir sem deilir sögu sinni með áhorfendum. Hún er móðir ungs eiturlyfjafíkils og greinir hér frá aðstæðum aðstandenda, afneituninni og mesta áfallinu. Hennar örlagadagur var þegar hún fann hjálp fyrir sig og fjölskylduna og fór að njóta lífsins í stað þess að kveljast bara með fíklinum.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Kundun
Sjónvarpið kl. 21.45

Bandarísk bíómynd frá 1997 um ævi Dalaí Lama, andlegs leiðtoga og þjóðhöfðingja Tíbeta. Lama hefur verið í útlegð á Indlandi síðan Kínverjar hernámu heimaland hans árið 1959. Leikstjóri er Martin Scorsese og meðal leikenda eru Tenzin Thuthob Tsarong, Gyurme Tethong, Tencho Gyalpo og Tsewang Migyur Khangsar.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunandakt
08.15 Tónlist á sunnudagsmorgni
09.03 Framtíð lýðræðis
10.15 Í fótspor Jane Austen
11.00 Guðsþjónusta í Hallgrímskirkju
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Bókmenntir og landafræði
14.00 Ljóðabókin syngur
15.00 Kampavín og kaloríur
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Sumartónleikar Sambands evrópskra útvarpsstöðva
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Auglýsingar
18.26 Í tilefni dagsins
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Söngvar af sviði: Kabarett
19.50 Óskastundin
20.35 Minningar um merkisfólk
21.15 Í grænni lautu
21.55 Orð kvöldsins
22.15 Leitin að eldsneytinu
23.00 Andrarímur
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

17:30 Jake In Progress (7:8) (e)
18:00 The George Lopez Show (3:22) (e)
18:30 Fréttir
19:00 Bestu Strákarnir (17:50) (e)
19:30 Party at the Palms (10:12) (e)
19:55 Kitchen Confidential (13:13) (e)
20:25 E-Ring (2:22) Spennuþáttur úr smiðju Jerry Bruckheimers með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrum CIA-maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.
21:15 Filthy Rich Cattle Drive (5:8) (e) Börn frægra einstaklinga eru hér samankomin í raunveruleikaþætti þar sem þau reyna fyrir sér í nýjum hlutverkum sem eru ekki beint í anda lífsstíls þeirra. Flottum bílum, milljón dollara húsum og nýjustu tískufötum er skipt út fyrir hesta, búgarð og kúrekastígvél þegar krakkarnir ríku þurfa að takast á við erfiðisvinnu , önug dýr og spennandi keppnir.
▶**22:00 So You Think You Can Dance** (16:23) Stórskemmtilegir raunveruleikaþættir þar sem leitað er að næstu danssstjörnu Bandaríkjanna. Umgjörðin er svipuð og í American Idol en í stað þess að syngja þurfa keppendur að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku. Þetta er ómissandi þáttur fyrir alla dansáhugamenn. (16:23) Það stytt-ist í úrslitakvöldið en nú stíga þau 10 efstu dans á stóra sviðinu. 2007.
23:05 So You Think You Can Dance (17:23) Tíu keppendur stigu dans og nú kemur í ljós hvaða tveir verða sendir heim. 2007.
23:50 Kitchen Confidential (13:13) (e)
00:15 Smallville (5:22) (e)
01:00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

12.00 Red Cap **13.00** Coupling **13.30** Coupling **14.00** A Life Coach Less Ordinary **14.30** A Life Coach Less Ordinary **15.00** Cash in the Attic **15.30** Cash in the Attic **16.00** EastEnders **16.30** EastEnders **17.00** Days that Shook the World **18.00** Tribe **19.00** The Other Boleyn Girl **20.30** A Picture of Africa **21.00** Janis Joplin **22.00** EastEnders **22.30** EastEnders **23.00** Days that Shook the World **0.00** Tribe **1.00** Janis Joplin **2.00** The Other Boleyn Girl **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla **5.00** Little Robots

DR 1

12.00 Gudstjeneste i DR Kirken **12.55** Windsor Castle **13.55** Hjertets veje **15.30** Sigurd og Symfoniorkestret **16.00** Mr. Bean **16.25** OBS **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.05** Det vilde Hawaii **18.00** Prinsesse Diana - de sidste dage **19.00** 21 Søndag **19.40** Søndagssporten med SAS liga **20.05** Dødens Detektiver **20.30** Bitter måne **22.45** Höök **4.30** Mira og Marie **4.35** Karlsson på taget **5.00** Postmand Per 5.15 Morten **5.30** Anton - min hemmelige ven **6.00** Elmers verden

NRK 1

12.00 Jukeboks: Jazz **13.00** Ingmar Bergman **14.00** Peer Gynt i Kairo **15.30** Åpen himmel **16.00** Tvillinger **16.30** Som turist i Tanzania **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sportsrevyen **17.50** Rett til himmels - Sola 70 år **18.20** Sjimpansen Ham i verdensrommet **19.10** A Knight's Tale **21.15** Kveldsnytt **21.30** NRKs motorkveld **22.20** Rallycross: EM-runde fra Nederland **22.45** Ingen grunn til begeistring **23.15** Larry Sanders-show **5.30** Jukeboks: Norsk på norsk

SVT 1

12.00 Europakonsert från Berlin **13.40** Europa - en naturhistoria **14.30** En Noman i Pakistan **15.00** Datasäkerhet **15.30** Heligt vatten **16.00** Ville och Vilda kanin **16.30** Cirkus Scott 70 år **17.30** Rapport **18.00** Djurgalen **18.30** Sportspegeln **19.00** Europa - en naturhistoria **19.50** Extraordinary renditions **20.00** Ramp **20.30** Big Words **21.00** Rapport **21.10** Kobra intervju **21.40** I mördarens spår **23.15** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige

LÆRDÓMUR VIKUNNAR

"Miðborgin hefur náttúrlega verið tölu-vert mikið í fréttum. Mér finnst lausnin á þessum vanda helst liggja í því að gera löggæsluna sýnilegri. Ég bý sjálfur niður í miðbæ og mikið af fólki er hluti af því að búa þar. Ég held því að fólk eigi ekki eftir að hætta að fara niður í miðbæ til að skemmta sér og því þarf bara fleiri lögregluþjóna."

Ragnar Kjartansson, listamaður

HIN HLIÐIN SIGRÍÐUR THORLACIUS SÖNGKONA HJALTALÍN

Ógæfutímabili rétt að ljúka

Hvað er að frétta? Margt, flest gott. Nú fer væntanlega að styttast í að upptökur á Hjaltalínplötunni klárist og þá getur hún farið að koma út, sem er gott og gaman. Svo er bara bjart framundan.

Augnlitur: Blár.

Starf: Söngnemi, sönglari, raulari, söngkona í Hjaltalín.

Fjölskylduhagir: Engir, sit uppi með sjálfa mig.

Hvaðan ertu? Alin upp í Hlíðum og Laugardal, búsett í Vesturbæ.

Ertu hjátrúarfull? Já, ætli það ekki. Er rétt að ljúka sjö ára ógæfutímabili eftir að hafa brotið spegil, á um það bil hálft ár eftir.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Er vonlaus sjónvarpsglápari, horfi á það sem er í sjónvarpinu hverju sinni.

Uppáhaldsmatur: Plokkfiskur.

Fallegasti staðurinn: Ættaróðalið Kleifar við Blönduós.

iPod eða geislaspilari: Ég vildi að ég gæti sagt ipod af því það er svo töff, en ég á því miður engan slíkan svo ætli ég verði ekki að segja geislaspilari.

Hvað er skemmtilegast? Að vera með góðu fólki.

Hvað er leiðinlegast? Að vera með leiðinlegu fólki.

Helsti veikleiki: Ég er lúmsk frekja.

Helsti kostur: Samviskusemi og dugnaður.

Helsta afrek: Ég vona að ég eigi það eftir.

Mestu vonbrigðin: Komst að því um níu eða tíu ára aldur að Birgir afabróðir minn væri ekki tann-álfurinn, hafði staðið í þeirri trú frá fyrsta tannmissi.

Hver er draumurinn? Það er leyndó…

Hver er fyndnastur/fyndnust? Ég á svo svakalega fyndna vini að það væri hreinn glæpur að gera upp á milli þeirra, svo það er best að ég segi bara ég.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Hroki og yfirlæti.

Hvað er mikilvægast? Að hlúa að sálartetrinu og láta sér líða vel.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

FRÉTTIR AF FÓLKI



Fasteignamógúllinn **Hlynur Sigurðsson** hefur ákveðið að söðla um og flytjast til Danmerkur í haust. Hlynur, sem stofnaði Fasteignasjónvarpið fyrir skemmstu, hefur sett hús sitt á Skólabraut í Hafnarfirði á sölu og undirbýr brottför sína. Í Kaupmannahöfn hefur Hlynur skráð sig í MBA-nám við CBS, viðskiptaháskóla borgarinnar.

VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Björgólfur Guðmundsson.
2. Vestmannaeyjum.
3. Vínbúðinni í Austurstræti.

Auglýsingasími 512 50 50

Útsala
Opið í dag 13-16

Verðdæmi:
Vandaðir hvíldarstólar m/leðri aðeins kr.59.000.-
- með slitsterku áklæði aðeins kr. 39.000.-

Valhúsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

www.valhusgogn.is
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!

Barcelona
í ágúst
frá aðeins kr. 24.990

Frábært tilboð - takmörkuð gisting í boði!

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á vikuferðum til Barcelona í ágúst. Barcelona er einstök perla sem Íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Frábært mannlíf og óendanleg fjölbreytni í menningu og afþreyingu að ógleymdu úrvali fjölbreyttra verslana í borginni. Gríptu þetta frábæra tækifæri - takmörkuð gisting og sætafjöldi í boði!

Verð kr. 24.990
Netverð á mann, flugsæti með sköttum, 24. ágúst.

Verð kr. 49.990
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Aragon *** í 7 nætur með morgunverði, 24. og 31. ágúst.

Verð kr. 59.990
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Catalonia Princesa ***+ eða Barcelona Plaza **** í 7 nætur með morgunverði, 24. og 31. ágúst.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON: FÓLKIÐ INNAN FORLAGSINS SKIPTIR MÁLI

Rithöfundar bíða átekta

Miklar sviptingar urðu á útgáfumarkaði hér á landi á dögunum, þegar Edda-útgáfa seldi bókaútgáfuhluta sinn til Máls og menningar. Margir ástsælustu rithöfundar þjóðarinnar hafa verið á mála hjá Eddu. Fréttablaðið forvitnaðist um hvernig viðskiptin horfi við þeim.

Ólafur Jóhann Ólafsson, einn farsælasti rithöfundur Íslendinga, sagðist ekki hafa mótað sér skýra afstöðu gagnvart breytingunum. „Ég held að menn hugsi ekki mikið um þetta fyrr en það líður að útgáfu hjá þeim. Ég ætla að sjá hvað verður úr þessu og hvernig þetta spilast allt út, það virðist ekki vera ljóst ennþá," sagði Ólafur. „Ég var að byrja á skáldsögu, svo það er dálítill tími í að ég gefi út. Ég þarf ekkert að stressa mig á þessari ákvörðun," bætti hann við.

Ólafur sagði nöfn útgáfufyrirtækja þar að auki skipta litlu máli. „Ég held að höfundar vinni allir með fólki, ekki fyrirtækjum, þannig að þetta fer allt eftir því hverjir verða þarna innanborðs," sagði hann.

Einar Már Guðmundsson var á sama máli. „Ég held að samband útgefanda og höfunda byggist á gagnkvæmu trausti, og það er fólkið innan forlagsins sem skiptir máli," sagði hann. Einar Már var ekki kominn svo langt að íhuga vistaskipti. „Nei, nei, nei. Ég veit ekki til þess að menn séu að hlaupa burt þó á móti blási, en ég veit ekki heldur hvort það blási nokkuð. Það þarf mikla bresti í þetta hjónaband til að slíkt komi til tals," sagði hann.

Hallgrímur Helgason kvaðst mundu bíða átekta og fylgjast með breytingum. „Ég er alltaf opinn fyrir breytingum, en maður er svolítið að bíða og sjá til," sagði hann. Hallgrímur sagði samstarf sitt við Mál og menningu, og síðar Eddu, hafa verið farsælt. „Maður fer ekki að slíta því svo glatt," sagði Hallgrímur, sem kvaðst þó ekki útiloka það með öllu að hann myndi flytja sig um set. „Það gæti komið til greina, en ég hef ekki hugsað svo langt," sagði hann.

Einar Kárason var harla ánægður með skiptin, sérstaklega nafnsins vegna. „Eddu-nafnið verður ekki lengur á útgáfunni, heldur Mál og menning. Mér finnst það miklu betra nafn," sagði hann. Fyrsta bók Einars kom út hjá Máli og menningu 1981, og hann segist hafa verið Máls og menningar maður síðan. Hann reiknaði því ekki með því að flytja sig um set. „Ég er að vísu alltaf opinn fyrir nýju samstarfi. JPV gaf til dæmis út bókina Úti að aka, eftir mig og Ólaf Gunnarsson, í fyrra," benti hann á, „en ég vonast til að eiga fínt samstarf við Mál og menningarmenn áfram," sagði hann. Arnaldur Indriðason vildi ekki tjá sig um málið.

sunna@frettabladid.is

HALLGRÍMUR HELGASON

EINAR KÁRASON

ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON


EINAR MÁR GUÐMUNDSSON

FYLGJAST MEÐ BREYTINGUM

Eftir að Edda-útgáfa seldi Máli og menningu bókaútgáfuhluta sinn hafa rithöfundar hjá Eddu beðið átekta eftir því að ný heimkynni komi betur í ljós. Þeir rithöfundar sem Fréttablaðið ræddi við töldu fólkið innan forlagsins skipta miklu máli, og höfðu ekki gert upp við sig hvort til flutnings kynni að koma.

Ágústa hjá frönskum harðstjóra

Þetta var mjög gaman og ákaflega forvitnilegt," segir leikkonan Ágústa Eva Erlendsdóttir en hún er snúin aftur heim eftir mánaðardvöl í frönskum trúðaskóla í höfuðborginni París. „Þetta er mjög sérstakur skóli því fólk getur verið þarna allt frá viku og uppí heilt ár," útskýrir Ágústa en námskeiðið snýst um að finna gleðina í að leika.

Leikkonan varð þó vitni að furðulegum hlutum á meðan námskeiðinu stóð því kennarinn Philip Gaulier var hrikalegur harðstjóri og allt að því hálfgerður nasisti. „Hann braut nemendurna fyrst niður og tókst að græta stóran hluta bekksins," segir Ágústa en áréttar að hún hafi staðið fast á sínu og ekki leyft Gaulier að komast upp með neitt múður. „Hann beitti æði sérstökum námsaðferðum og fékk til að mynda aðra nemendur til að slá þá sem grátandi voru utan undir," segir Ágústa.

Enda er það iðulega svo að sögn Ágústu að margir nemendur gefast hreinlega upp á harðræðinu og snúa aftur til síns heima eftir skamma dvöl. Frá París hélt leikkonan til Svíþjóðar og brá sér í gervi Silvíu Nætur á Gay Pride í Gautaborg. Að sögn Ágústu gekk allt vel og sýndu sænskir fjölmiðlar heimsókninni mikinn áhuga en í september byrjar sænska sjónvarpsstöðin TV4 sýningar á síðustu þáttaröðinni um Silviu Night Superstar.

- fgg

ÁGÚSTA EVA Varð vitni að ótrúlegu harðræði kennarans Gaultier í trúðaskólanum í París.

Fólasín dregur úr líkum á brjóstakrabbameini

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sænskra vísindamanna við Háskólann í Lundi* minnka líkur á brjóstakrabbameini um nærri helming hjá konum ef þær neyta nægilega mikillar fólínsýru eða borða nóg af fólasínríku fæði.

Ráðlagður dagskammtur af fólasíni er 300 míkrógrömm á dag og þessi dagskammtur næst til dæmis með um einni og hálfri skál (42 g) af Cheeriosi.

* Skv. fréttum á Stöð 2 fimmtudaginn 9. ágúst er greint frá þessum niðurstöðum í nýjasta hefti tímaritsins American Journal of Clinical Nutrition.

Cheerios

Mikilvægasta máltíð dagsins

ÍSLENSKA SÍA.IS/NAT 38597 08/07

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

LYFJA
Lífið heil

Opið 8-24 alla daga

Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi

BAKÞANKAR

DAVÍÐS ÞÓRS JÓNSSONAR

Hugleiðing um háðung

Nýlega var kvikmyndin um Simpson-fjölskylduna talsett á íslensku. Ekki eru allir á einu máli um ágæti þeirrar ráðstöfunar. Af ýmsu sem látið hefur verið flakka mætti hreinlega halda að hér sé ekki um það að ræða að myndin sé sýnd með íslensku tali auk frummálsins og að í tilefni þess hafi fjögurhundruðasti þátturinn verið sýndur á íslensku auk frumútgáfunnar, en ekki bara á ensku eins og hinir 399. Nei, af viðbrögðum sumra mætti ætla að teiknuð hafi verið skopmynd af þeirra persónulega Múhameð.

AÐ VÍSU virðist andúð fólks á talsetningunni vera meiri eftir því sem það er verr skrifandi á íslensku. Þannig agnúast einn netverji út í talsetninguna í næstu færslu á eftir frásögn af keppnisferð „til Akranesar“. Guð forði honum frá því að heyra íslensku talaða.

ANNAR netverji er svo góður í ensku að hann segir: „Simpsons á íslensku er discrace [sic]“. Hann bætir við: „ ... dicrace [sic] fyrir þáttinn ömurlega sett inná hljóðið ömurlegar raddir bara átti ekki að setja það á islensku [sic]“. Stafsetning og greinarmerkjasetningar eru bloggarans.

ENN EINN fullyrðir að þeir sem tóku þýðinguna að sér ættu að skammast sín. Nú var það aðeins sá sem þetta skrifar sem tók hana að sér og hefði verið hægðarleikur að komast að því. Fyrir hvað ég á að skammast mín veit ég hins vegar ekki. Líklega fyrir að vera í þessu starfi og þiggja krefjandi verkefni sem mér eru boðin – í þeirri trú að ekkert verði úr þeim hafi ég bara manndóm í mér til að segja „nei takk“.

LOKS kallar einn þetta peningasóun án þess að geta þess hvernig 20th Century Fox kvikmyndasamsteypan hefði getað varið fé til íslenskrar tungu án þess að sóa því. Alltaf lá fyrir að talsetningin var að kröfu og á kostnað hennar.

EINHVERN VEGINN er ég ekkert miður mín yfir þessum viðbrögðum. Í ljósi staðreynda er frekar ástæða til að vera þakklátur fyrir að vera ekki kallaður „hvítnegri“ eða hótað lífláti og líkamsmeiðingum, eins og alsiða er í netheimum þegar fólki þar er misboðið. Þegar upp er staðið er nefnilega fátt íslenskri þjóð til jafnmikillar háðungar (e. disgrace) og netgasprið sem hér líðst.

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar

www.expressferdir.is

FERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI!

Golfvertíðinni hjá Express Ferðum lýkur aldrei

GOLFFERÐIR

Real de Faula
14.–21. nóvember
Verð á mann í tvíbýli
94.800 kr.

Golf á Hesperia
25.–31. október
Verð á mann í tvíbýli
88.900 kr.

Gerum tilboð fyrir stærri og smærri golfhópa til Hanbury Manor, Manor Groves, Hesperia, Bonalba og Real de Faula.

SÉRFERÐ

Haustferð til Berlínar
28. september–2. október
Fararstjóri:
Lilja Hilmarsdóttir
Verð á mann í tvíbýli
55.900 kr.

Ferðaskrifstofa Iceland Express, Express Ferðir, býður fjölbreyttar og spennandi ferðir á verði sem gerir öllum kleift að skreppa út og gera sér dagamun.

Fótbolti, golf, sérferðir, sólarstrendur, tónleikar, heimsborgir, þú finnur draumaferðina hjá okkur. Hættu að láta þig dreyma og gerðu eitthvað í málinu.

SÉRFERÐ

Sigling á Rín og Mósel
23.–30. október

Verð á mann í tvíbýli
119.600 kr.

FÓTBOLTAFERÐ

West Ham – Wigan
24.–26. ágúst
Verð á mann í tvíbýli
51.900 kr.

FÓTBOLTAFERÐ

Arsenal – Manchester City
24.–26. ágúst
Verð á mann í tvíbýli
53.900 kr.

TÓNLEIKAFERÐ

Garðar Thor Cortes í London
26.–28. september
Verð á mann í tvíbýli
49.900 kr.

TÓNLEIKAFERÐ

Police í London með Bylgjunni og BYR
7.–10. september

Verð á mann í tvíbýli
69.900 kr.

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express